

Einar Þór Valdimarsson
11.Maí 2011, Akureyri

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/ 2387
komudagur 11.5. 2011

Kynning

Einar Þór Valdimarsson heiti ég og er vefsíðu hönnuður og áhugamaður um tölvur og tækni og hef kynnt mér uppá þjónustur í gegnum internetið mjög vel síðan 2007.

Umsögn

Mig langar að leggja inn mótmæli vegna máls 725 um að ríkið fari með umráð og ráðstöfunar rétt á landsléninu .is.

Þetta ætti ekki að eiga sér til staðar þar sem ISNIC hefur verið með umsjón yfir þessu og hefur farið eftir mjög einföldum reglum, "fyrstur kemur fyrstur fær" sem dæmi ef einstaklingur kaupir sér lénið www.camaro.is fyrir áhugafólk um Camaro, þá ætti umboðið ekki að fá rétt yfir þann einstakling um eign á léninu sem mig grunar að ríkið myndi láta gerast. Einnig tel ég að ríkið ætti ekki að fá greitt fyrir landsléninu .is á neinn annan hátt nema með virðisaukaskatti og leyfa ISNIC sjá um umráð yfir landsléninu okkar.



Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board

Alþingi
Erindi nr. P 139/2449
komudagur 17.5.2011

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri 17. maí 2011
Tilvísun: FMS2011040035


Efni: Umsögn Ferðamálastofu um frumvarp um til laga um landslénið .is og önnur íslensk höfuðlén.

Mál 725 - þskj. 1249

Með tölvupósti þann 15. apríl sl. óskaði samgöngunefnd Alþingis eftir umsögn Ferðamálastofu um frumvarp til laga um landslénið .is og önnur íslensk höfuðlén.

Í frumvarpinu og athugasemdum við það er gerð all ítarleg grein fyrir tilefni lagasetningarinnar og vinnslu málsins. Ferðamálastofa gerir ekki athugasemdir við frumvarpið og lýsir yfir ánægju með að það skuli vera komið fram. Markmið laganna er, eins og fram kemur í 2. grein þeirra, í þágu almannahagsmuna, þ.e. að tryggja öruggan, hagkvæman og skilvirkan aðgang að íslenskum höfuðlénnum og að tryggja tengsl þeirra við Ísland, með því að kveða á um gagnsæja, örugga og skilvirka umsýslu með íslensk höfuðlén. Er hér um mikilvægt mál að ræða sem löngu tímabært er að koma í þann farveg sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Virðingarfyllt,
f.h. Ferðamálastofu


Halldór Arinbjarnarson, upplýsingastjóri

Alþingi
Erindi nr. þ 139/2522
komudagur 18.5.2011



Háttvirt samgöngunefnd Alþingis.

18. maí 2011.

Umsögn varðar efni 3. mgr. 15. gr. frumvarps til laga um landslénið .is og önnur íslensk höfuðlén, þskj. 1249.

725. mál

Að gefnu tilefni leyfir undirrituð sér að senda nefndinni ábendingu um nauðsyn þess að kveða skýrt á um heimild Póst- og fjarskiptastofnunar til að umskrá lén. Dæmi: 3. mgr. 15. gr. 2 málslíður gæti hljóðað svo: "Þar á meðal getur eða er í andstöðu við ákvæði laga eða fullnaðarúrskurð stjórnvalds."

Ástæða ábendingarinnar er reynsla af brotalóm í núverandi kerfi varðandi umskráningu léns.

Í mars 2010 ætlaði undirrituð að opna heimasíðu fyrir lögmannsstofu mína Lögsátt ehf. en þá kom í ljós að lénið logsatt.is og lögsátt.is var upptekið. Skráður réttihafi þess væri Karl Jónsson hdl. Við nánari eftirgrenslan þá hafði Kari ekki hafið notkun lénsins. Í fyrstu virtist að við gætum samið um að hann eftirléti Lögsátt ehf. lénið enda boðin endurgreiðsla á þeim kostnaði sem hann hafði haft af stofnun lénsins. Svo reyndist ekki og í ágúst 2010 kærði Lögsátt ehf. til Neytendastofu, á grundvelli 15. gr. a laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, óheimila notkun og skráningu lénsins logsatt.is, skráðu vörumerki Lögsátt ehf. Krafist var að Karli Jónssyni hdl. yrði gert að afskrá sig sem réttihafa lénsins logsatt.is.

Með ákvörðun Neytendastofu, dags. 8. október 2010, nr. 49/2010 var Karli Jónssyni hdl. bönnuð notkun lénsins logsatt.is og honum gert að afskrá lénið hjá ISNIC, Internet á Íslandi, innan fjögurra vikna. Karl Jónsson hdl. kærði ákvörðun Neytendastofu til Áfrýjunarnefndar Neytendamála, mál nr. 18/2010. Með úrskurði kærunefndarinnar nr. 6/2011, uppkveðnum 24. mars 2011, var Karli Jónssyni, enn á ný bönnuð notkun lénanna logsatt.is og lögsátt.is. Kæranda, Karli, var gert að afskrá lénið hjá ISNIC, Internet á Íslandi innan fjögurra vikna. Afrit af greindum úrskurðum er hægt að senda til samgöngunefndar ef þess er óskað.

Undirrituð hélt að með þessa tvo úrskurði í höndum væri björninn unninn en svo reyndist ekki. Að liðnum tilgreindum fresti kom í ljós að Karl Jónsson hafði ekki afskráð sig sem réttihafa. Í kjölfarið fór undirrituð þess á leit við ISNIC að læsa léninu fyrir skráðum réttihafa og síðan, t.d. að 10 dögum liðnum skrá Lögsátt ehf. sem réttihafa lénsins logsatt.is og lögsátt.is. ISNIC læsti lénunum fyrir skráðum réttihafa, en hefur ekki enn treyst sér til að umskrá Lögsátt ehf. sem réttihafa lénanna. Ber fyrir sig að engar skýrar verklagsreglur eru til um hvernig skuli staðið að málinu í tilviki sem þessu, þó svo að endanleg úrlausn stjórnvalds liggja fyrir.

Leitað hefur verið ráðgjafar hjá Neytendastofu um lausn málsins, en þaðan hafa komið þau svör að ekki séu veittar leiðbeiningar eða tekin afstaða til hvort skrá eigi Lögsátt ehf. sem réttihafa lénanna á grundvelli úrskurðar áfrýjunarnefndarinnar. Úrskurðurinn snúi að því að Karli sé bönnuð notkun lénanna og gert að afskrá þau hjá ISNIC en ekki að því að skrá eigi Lögsátt ehf. sem réttihafa þeirra í hans stað. Neytendastofa hafnar því að veita leiðbeiningar um hvort eða með hvaða hætti Lögsátt ehf. skuli skráður réttihafi lénanna. Þannig er staða málsins í dag.

Þegar ég í dag frétti af því að frv. til laga um landslénið.is væri til meðferðar hjá Alþingi og háttvirt samgöngunefnd hafi óskað eftir umsögnum um frumvarpið taldi ég rétt, í ljósi framangreindrar reynslu, að benda á þörf á skýrum ákvæðum í lögum um heimildir stofnunarinnar varðandi umskráningu léns til nýs réttihafa, þegar fyrir liggur fullnaðar úrskurður stjórnvalds um bann við notkun léns og afskráningu réttihafa.

Virðingarfyllt,


Ingibjörg Bjarnardóttir/hdl

Ingibjörg Bjarnardóttir hdl. og sáttamaður
Skipholti 50C, 105 Reykjavík

Sími: 553 5350 Fax: 553 5321
Netfang: logsatt@simnet.is

Kt. 430297-2799
Banki: 537-26-1555

ÚRSKURÐUR
ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA

MÁL NR. 18/2010

Kæra Karls Jónssonar á ákvörðun Neytendastofu nr. 49/2010.

1. Þann 24. mars 2011 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 18/2010: Kæra Karls Jónssonar á ákvörðun Neytendastofu nr. 49/2010 frá 8. október 2010. Í málinu úrskurða Eiríkur Jónsson, Egill Heiðar Gíslason og Eyvindur G. Gunnarsson.
2. Með kæru, sem barst áfrýjunarnefnd neytendamála þann 9. desember 2010, hefur kærandi kært ákvörðun Neytendastofu nr. 49/2010 frá 8. október 2010, um að kærandi hafi með skráningu og notkun lénsins logsatt.is brotið gegn ákvæðum 5. og 15. gr. a laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005. Með ákvörðuninni bannaði Neytendastofa kæranda notkun lénsins, með vísan til 2. mgr. 21. gr. b laga nr. 57/2005. Skyldi bannið taka gildi fjórum vikum frá dagsetningu ákvörðunarinnar og kærandi innan þess tíma afskrá lénið hjá ISNIC. Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.
3. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda nr. 62/2005, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005.

MÁLAVEXTIR


4. Með bréfi til Neytendastofu, dags. 5. ágúst 2010, kvartaði Lögsátt ehf. yfir notkun og skráningu kæranda á léninu logsatt.is. Í bréfinu kemur fram að lögfræðistofan Lögsátt ehf. hafi verið stofnuð þann 3. febrúar 1997, með skráningu í fyrirtækjaskrá Þjóðskrár. Hinn 1. mars 2010 hafi staðið til að láta gera heimasíðu fyrir lögfræðistofuna. Við skráningu hjá ISNIC hafi komið í ljós að lénið væri þegar skráð eign kæranda. Hann hafi skráð lénið þann 11. desember 2008, ekki tekið það í notkun en engu að síður greitt árgjald þess árið 2010. Eigandi Lögsáttar ehf. hafi strax haft samband við kæranda, sem er lögmaður, og óskað eftir því að fá lénið afhent, þar sem kæranda væri óheimilt að nota nafnið „lögsátt“ því það gæfi villandi upplýsingar um eignarrétt og ábyrgð atvinnurekanda, og skapaði hættu á að villst væri á notkun kæranda á léninu og rekstri Lögsáttar ehf. Í fyrsta símtali hafi kærandi boðist til að koma til fundar um málið og sagt að hann myndi hafa samband er hann kæmi að utan nokkru síðar. Þrátt fyrir ítrekuð símtöl og ákvarðanir um heimsóknir kæranda hafi ekkert orðið úr framkvæmdum né efndum um afskráningu á léninu. Síðasta tilraun, með rafpósti hinn 14. júlí 2010, hafi ekki enn borið árangur.
5. Í bréfinu er síðan tekið fram að Lögsátt ehf. hafi verið í fullum rekstri frá í febrúar 1997 og auglýst þjónustu þess lögmanns sem á félagið, en ekki athugað þörf þess að skrá Lögsátt sem vörumerki. Sótt hafi verið um skráningu á Lögsátt sem vörumerki hjá Einkaleyfastofu þann 9. mars 2010. Formleg skráning hafi tekið gildi þann 6. apríl 2010. Þess beri að geta að

Einkaleyfastofunnar. Ekki er heldur nauðsynlegt að taka afstöðu til deilna aðila og Neytendastofu um það hvort kærandi hafi verið í góðri trú, enda gerir 2. málsl. 15. gr. a ekki kröfu um grandsemi. Með broti gegn 15. gr. a laga nr. 57/2005 er um leið brotið gegn 5. gr. sömu laga, eins og lögin eru uppbyggð.


32. Samkvæmt öllu framansögðu ber að staðfesta hina efnislegu niðurstöðu Neytendastofu. Hinni kærðu ákvörðun er hins vegar áfátt að því leyti að hún nefnir eingöngu lénið logsatt.is, en ekki lénið lögsatt.is, sem kærandi skráði sama dag. Sömu sjónarmið eiga við um bæði lénin, enda er þar í reynd um sama auðkennið að ræða, með og án séríslenskra stafa. Í ljósi þessa, heimilda áfrýjunarnefndar neytendamála sem æðra setta stjórnvalds og þess að tjáning kæranda á áfrýjunarstigi hefur snert bæði lénin, verður hér lýst yfir banni og fyrirmælum vegna beggja léna. Hinni kærðu ákvörðun er jafnframt áfátt að því leyti að þar er því m.a. lýst yfir í ákvörðunarorði að kærandi hafi brotið gegn áður nefndum ákvæðum með „notkun“ lénsins logsatt.is. Ekkert liggur hins vegar fyrir um að slík notkun hafi enn sem komið er átt sér stað, þó ljóst sé að hún myndi brjóta gegn ákvæðunum og framangreind niðurstaða standi til þess að banna skuli kæranda slíka notkun og gera honum að afskrá lénin. Í ljósi framangreindra atriða verður banninu og fyrirmælunum sérstaklega lýst í úrskurðarorðum hér að neðan, en hvoru tveggja byggir á 2. mgr. 21. gr. b laga nr. 57/2005. Í þeim efnum verður lagður til grundvallar samskonar frestur og í hinni kærðu ákvörðun.

ÚRSKURÐARORÐ:

Kæranda, Karli Jónssyni, er bönnuð notkun lénanna logsatt.is og lögsatt.is. Bannið tekur gildi fjórum vikum eftir dagsetningu úrskurðar þessa. Skal kærandi á þeim tíma afskrá lénið hjá ISNIC, Internet á Íslandi.


Eiríkur Jónsson


Egill Heiðar Gíslason


Eyvindur G. Gunnarsson



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 49/2010

Skráning Karls Jónssonar á léninu logsatt.is

I. Erindið

Neytendastofu barst erindi lögfræðistofunnar Lögsáttar ehf. með bréfi, dags. 5. ágúst 2010, þar sem kvartað er yfir skráningu Karls Jónssonar á léninu logsatt.is. Að mati kvartanda hefur Karl með skráningunni brotið 15. gr. a. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Kröfur Lögsáttar eru að Karli verði bönnuð notkun lénsins og gert skylt að afskrá það.

Í erindinu segir að lögfræðistofan Lögsátt ehf. hafi verið stofnuð, 3. febrúar 1997, með skráningu í fyrirtækjaskrá Þjóðskrár. Hinn 1. mars 2010, hafi kvartandi ætlað að láta gera heimasíðu fyrir lögfræðistofuna. Við skráningu lénsins logsatt.is hjá Isnic hafi komið í ljós að lénið hafði verið skráð eign Karls Jónssonar. Kvartandi hafi þá haft samband við Karl og óskað þess að fá lénið afhent þar sem honum væri óheimilt að nota nafnið lögsátt þar sem það gæfi villandi upplýsingar um eignarrétt og ábyrgð atvinnurekanda auk hættu á að villst væri á notkun hans á léninu og rekstri lögfræðistofunnar Lögsáttar. Þrátt fyrir ítrekaðar óskir kvartanda um að lénið yrði afskráð hafi Karl ekki orðið við því.

Lögsátt hafi frá því í byrjun árs 1997 verið í fullum rekstri. Atvinnurekstur Lögsáttar hafi verið kynntur með auglýsingum í prentmiðlum og sé fyrirtækið skráð á heimasíðu Lögmannafélagsins. Það hefði því verið mjög auðvelt fyrir þann sem hugðist árið 2008 hefja not á nafninu lögsátt að sannreyna 10 ára not nafnsins í atvinnustarfsemi undir firmanafninu Lögsátt ehf.



IV.

Ákvörðunarorð:

„Karl Jónsson, Háabergi 3, Hafnarfirði, hefur með skráningu og notkun lénsins logsatt.is, brotið gegn ákvæðum 5. gr. og 15. gr. a. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005 er Karli Jónssyni bönnuð notkun lénsins logsatt.is. Bannið tekur gildi fjórum vikum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar. Skal Karl Jónsson á þeim tíma afskrá lénin hjá ISNIC, Internet á Íslandi.“

Neytendastofa, 8. október 2010

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir

Alþingi
Erindi nr. P 139/2470
komudagur 17.5.2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efstaleiti 5
IS 103 Reykjavík
S 400 300
S 400 301

logos@logos.is
www.logos.is

Reykjavík, 17. maí 2011

Efni: Umsögn Internet á Íslandi hf. um frumvarp til laga um landslénið .is og önnur íslensk höfuðlén

Umbjóðandi okkar, Internet á Íslandi hf., hefur falið LOGOS lögmannsþjónustu að koma á framfæri umsögn við frumvarp til laga um landslénið .is og önnur íslensk höfuðlén, sbr. þskj. 1249 – 725. mál, 139. löggjafarþing 2010-2011 (hér eftir vísað til „frumvarpsins“).

Umbjóðandi okkar hefur áður komið á framfæri athugasemdum og ábendingum sínum við frumvarpið og vísast þar einkum til bréfs umbjóðanda okkar, dags. 12. nóvember 2010, er sent var samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytinu og greinargerðar LOGOS sem send var sama aðila, dags. 17. nóvember 2010, fyrir hönd umbjóðanda okkar.

Eins og áður hefur komið fram fagnar umbjóðandi okkar því að sett verði lagaleg umgjörð utan um höfuðlénin .is. Það er hins vegar afar mikilvægt að vandað sé til verka við gerð slíkrar löggjafar og að starfseminni sé ekki settar óþarfa skorður. Þá er það umbjóðanda okkar mikilvægt að með frumvarpinu sé ekki gengið að lögvernduðum réttindum hans.

Í umsögn þessari verður leitast við að benda á meginathugasemdir umbjóðanda okkar við frumvarpið en að öðru leyti vísast til áður tilvitnaðra athugasemda og ábendinga sem umbjóðandi okkar hefur þegar komið á framfæri og finna má í fylgiskjöllum við umsögn þessa.

I. Almennar athugasemdir við frumvarpið

1) Tílefni og nauðsyn lagasetningar

Í IV. kafla athugasemda með frumvarpinu er að finna umfjöllun um tílefni og nauðsyn umræddrar lagasetningar. Þar kemur fram að árið 2005 hafi samgönguráðuneytinu borist óformlegar kvartanir opinberra aðila og einstaklinga vegna þátta í starfsemi umbjóðanda okkar, auk þess sem ráðherra hafi verið krafinn svara um starfsemina í fyrirspurnum á Alþingi. Þá er jafnframt fullyrt í VII. kafla athugasemdanna að kvartanir og athugasemdir við starfsemi umbjóðanda okkar sé ein af ástæðum þess að samgönguráðherra hafi ákveðið að ráðist yrði í vinnu við frumvarpið.

Í athugasemdum með frumvarpinu er hvergi skýrt frá því hvers eðlis umræddar kvartanir hafi verið. Það er umbjóðanda okkar því óskiljanlegt hvaða tilgangi það þjónar að kveða á um þetta í athugasemdum við frumvarpið. Er farið fram á það að umræddar tilvísanir í framkomnar kvartanir verði teknar út.

Ástæða er til þess að leggja fremur áherslu á það, sem síðar kemur fram í IV. kafla athugasemda með frumvarpinu, að meginmarkmið frumvarpsins sé að tryggja gæði, öryggi, skilvirkni og gagnsæi varðandi umsýslu með íslenskum höfuðlénunum¹.

Í því sambandi er rétt að geta þess að höfuðlénin .is hefur mælst sem eitt af öruggustu, trúverðugustu og tæknilega bestu höfuðlénunum í heimi undanfarin ár samkvæmt

¹ Með hugtakinu höfuðlén er átt við Top Level Domain (skammstafað TLD).

mælingum alþjóðlega félagsins McAfee.² Að mati umbjóðanda okkar væri frekar ástæða til þess að geta þessa í athugasemdum með frumvarpinu, fremur en að vísa til órökstuddra kvartana yfir lénaskráningum á Íslandi.

Umbjóðandi okkar telur jafnframt mikilvægt að ítreka að sé raunverulegur tilgangur frumvarpsins, a.m.k. að hluta til, að koma á breyttu eignarhaldi á umsjónaraðila höfuðlénsins .is þá er umbjóðandi okkar reiðubúinn að ræða slíkar breytingar á eignarhaldi við ráðuneytið. Telja verður það réttari leið heldur en að kveða á um ýmis skilyrði með lagasetningu sem e.t.v. eiga að geta náð fram slíkri breytingu að einhverjum tíma liðnum. Lög um höfuðslénið .is myndu þá eingöngu snúa að starfseminni sem slíkri og eftirliti með henni, en ekki rekstri skráningarstofanna.

2) Ráðstöfunarréttur að höfuðlénum

Í VI. kafla almennra athugasemda með frumvarpinu kemur fram að landslén séu opinberar auðlindir hvers ríkis fyrir sig. Á þeim grundvelli geti íslenska ríkið áskilið sér umráða- og yfirráðarétt yfir höfuðléninu .is með lagasetningu. Í því sambandi er vísað til danskra laga um lén þar sem kveðið er á um eignarrétt danska ríkisins á þeim lénum sem sérstaklega er úthlutað í Danmörku, t.d. .dk.

Jafnframt er fjallað um þetta í athugasemdum með 1. gr. frumvarpsins þar sem segir að landslén séu auðlindir í almennæigu og að hvorki persónur, né fyrirtæki, þ.m.t. skráningarstofa höfuðlénsins .is, öðlist sérstakan rétt til lénsheita. Í umræddum athugasemdum er jafnframt vísað til fyrirmyndar í dönskum lögum og ákvörðunar Evrópuþingsins og Evrópuráðsins um framkvæmd höfuðlénsins .eu.

Þar sem íslenska ríkið fer ekki með eiginlegan ráðstöfunarrétt yfir höfuðléninu .is, heldur bandaríska viðskiptaráðuneytið og/eða ICANN (Internet Corporation for Assigned Names and Numbers), verður að draga í efa að þessi nálgun á höfuðlénum sem opinberum auðlindum samrýmist þeim skilningi á opinberum auðlindum að enginn geti talið þær sér til einkaréttarlegrar eignar.

Hvað tilvísun í danska framkvæmd varðar þá er rétt að taka fram að höfuðlénið .dk hafði aldrei verið í umsjón einkaaðila áður en til lagafrumvarpsins kom og því var engin þörf á að nálgast álitaefnið með tilliti til áunninna réttinda slíkra aðila. Það sama er að segja um höfuðlénið .eu.

Að öðru leyti vísast til umfjöllunar í III. kafla þessarar umsagnar hvað þessi atriði varðar.

II. Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

Athugasemdir við 1. og 3. gr. frumvarpsins

Umbjóðandi okkar gerir athugasemd við þá fullyrðingu 1. gr. frumvarpsins að íslenska ríkið fari með ákvörðunarrétt yfir höfuðléninu .is sem og 3. gr. frumvarpsins þar sem segir að ráðherra fari með yfirstjórn höfuðlénsins .is og að Póst- og fjarskiptastofnun veiti skráningarstofu íslenskra höfuðléna starfsleyfi, sbr. nánari umfjöllun í III. kafla þessarar umsagnar.

Athugasemdir við 4. gr. frumvarpsins

Í samræmi við viðurkenndar venjur við lagasetningu á Íslandi er ítrekuð sú ábending umbjóðanda okkar að ensk heiti komi einungis fram í athugasemdum en ekki í

² Sbr. skýrslu McAfee, *Mapping the Mal Web – The world's riskiest domains*. Útgefin árið 2010. Aðgengileg á eftirfarandi vefslóð: http://us.mcafee.com/en-us/local/docs/MTMW_Report.pdf.

lagatextanum sjálfum, sem og allar frekari útskýringar á hugtökum sem ekki fela í sér skilgreiningu á þeim sem slíkum.

Athugasemdir við 5. gr. frumvarpsins

Umbjóðandi okkar gerir verulegar athugasemdir við 5. gr. frumvarpsins.

Umbjóðandi okkar telur 1. mgr. ákvæðisins, þar sem segir að hver sem vilji reka skráningarstofu fyrir íslenskt höfuðlén skuli hafa til þess starfsleyfi Póst- og fjarskiptastofnunar sem skuli veitt einum aðila til fimm ára í senn, 3. ml. 5. mgr. ákvæðisins, þar sem segir að óheimilt sé að framselja starfsleyfið, og 6. mgr. ákvæðisins, þar sem segir að við endurúthlutun skuli nýr starfsleyfishafi fá aðgang að rétthafaskrá og nafnþjónum fyrri starfsleyfishafa, brjóta gegn lögvörðum eignarréttindum umbjóðanda okkar. Um það visast til umfjöllunar í III. kafla umsagnar þessarar.

Að mati umbjóðanda okkar er ástæðulaustað starfsleyfisskylda umsjón með lénaskráningum með lögum. Eins og fram kemur í athugasemdum með 5. gr. í frumvarpinu eru fjarskiptafyrirtæki ekki háð starfsleyfi Póst- og fjarskiptastofnunar. Sú fullyrðing að engu að síður verði að leyfisskylda starfsemi með lénaskráningum, m.a. með vísan til samkeppnissjónarmiða, er ekki sannfærandi, auk þess sem slík leyfisbinding er andstæð eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar eins og nánar er kveðið á um í kafla III í umsögn þessari. Lög um höfuðlénin .is ættu fyrst og fremst að lúta að þeim kröfum sem gerðar eru til lénaskráninga og eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar með skráningarstofu. Þannig er málum t.a.m. háttað bæði í Noregi og Svíþjóð.

Verði niðurstaðan sú að starfsleyfisskylda umsjón með íslenska höfuðléninu .is verður að telja rétt að slíkt starfsleyfi sé veitt ótímabundið.

Í fyrsta lagi ber að líta til þess að mikil og mjög sérhæfð fjárfesting liggur að baki rekstri höfuðléna. Með hliðsjón af slíkum fjárfestingum og öðrum stjórnunar- og rekstrarþáttum er starfseminni tengjast er hægara sagt en gert að færa starfsleyfi fyrir rekstur höfuðléns frá einum aðila til annars. Flókin vélbúnaður og mjög sérhæfður hugbúnaður sem hefur verið hannaður sérstaklega utan um reglur viðkomandi höfuðléns er nauðsynlegur við rekstur höfuðléns auk þess sem koma þarf upp fjöldanum öllum af samningum við erlenda þjónustuaðila þannig að rekstur lénsins gangi sem skyldi. Sérhæfing og þjálfun starfsmanna er jafnframt undirstöðuatriði auk utnumhalds og uppbyggingar er snýr að rétthafaskrá og nafnþjónum, svo dæmi séu nefnd. Erfitt er að sjá fyrir sér að nokkuð félag sæi hag sinn í því að koma sér upp öllum tilskyldum búnaði og samningum svo unnt sé að reka starfsemina ef starfsleyfið er veitt í svo skamman tíma.

Í öðru lagi verður að telja sérstaka hættu á því að hægjast myndi á tæknilegri þróun og framförum þar sem lítil hvati væri fyrir starfsleyfishafa til þess að leggja út í þróunarvinnu þar sem slík vinna tekur oft fjölda ára og sá kostnaður sem lagt er út með í slíkri vinnu kemur oft ekki til baka fyrr en að fjölda ára liðnum.

Í þriðja lagi ber að líta til þess að afar áhættusamt getur verið að skipta um starfsleyfishafa. Ekki er raunhæft að koma í veg fyrir rekstrarrof á starfrækslu höfuðléns við skipti á starfsleyfishafa, með þeim afleiðingum að allar íslenskar heimasíður sem falla þar undir myndu vera óaðgengilegar og allur tölvupóstur svo dæmi sé nefnd, nema að hinn nýi rekstraraðili yfirtaki í einu lagi allan vél- og hugbúnað, þjónustusamninga, samninga við starfsmenn og gagnagrunna fyrri starfsleyfishafa. Slík yfirtaka er vart gerleg nema með beinni yfirtöku á fyrri starfsleyfishafa.

Séu ofangreind atriði höfð í huga má sjá að ör skipti á starfsleyfishafa ganga í raun þvert á meginmarkmið frumvarpsins sem er að tryggja gæði, öryggi, skilvirkni og gagnsæi með umsýslu íslenska höfuðlénsins .is.

Úthlutun starfsleyfis til eingöngu fimm ára í senn verður því að teljast óraunhæft. Að mati umbjóðanda okkar myndi það samræmast betur markmiðum frumvarpsins að veita starfsleyfishafa ótímabundið starfsleyfi til þess að sinna umsjón með íslensku höfuðléni en í lögunum væri hægt að mæla fyrir um heimildir Póst- og fjarskiptastofnunar til þess að afturkalla leyfið undir ákveðnum kringumstæðum, t.a.m. ef starfsleyfishafi brýtur í bága við ákvæði laganna.

Ítrekuð er sú ábending umbjóðanda okkar að óþarft er að taka fram í 2. ml. 1. mgr. ákvæðisins að starfsleyfi skuli veita að undangengnu opnu og gagnsæju ferli, enda hvílir sú skylda á íslenska ríkinu að úthluta takmörkuðum réttindum í opnu og gagnsæju ferli óháð þessu frumvarpi. Sama athugasemd á við um 2. mgr. ákvæðisins í heild sinni og er því lagt til að umræddur texti sé tekinn úr frumvarpinu, eða hann a.m.k. færður yfir í athugasemdir.

Í 4. mgr. ákvæðisins segir að umsókn um starfsleyfi vegna nýrra íslenskra höfuðléna skuli uppfylla sérstök skilyrði sem ráðherra setur í reglugerð en þar skuli m.a. kveðið á um rekstrarform skráningarstofu og upplýsingagjöf og samstarf milli skráningarstofa.

Það skal í fyrsta lagi tekið fram að ekki er ljóst af ákvæðinu hvort skilyrði þau sem ráðherra hefur heimild til þess að setja með reglugerð skuli lúta að umsókninni sem slíkri, eins og 1. ml. 4. mgr. gefur til kynna, eða umsækjandanum sjálfum, eins og dæmi þau sem tekin eru í 2. ml. 4. mgr. gefa til kynna.

Í öðru lagi er ljóst að þau málefni sem heimilt er að skipa með fyrirmælum framkvæmdavaldsins verða að vera nokkuð afmörkuð. Er því lagt til að frumvarpið taki nánar á því hvað það er sem ráðherra getur sett frekari reglur um.

Í þriðja lagi er gerð sérstök athugasemd við það að ráðherra geti sett skilyrði um tiltekið rekstrarform skráningarstofu í reglugerð. Nægjanlegt ætti að vera að kveða á um hvaða skilyrði skráningarstofa skuli uppfylla, sbr. 6. gr. frumvarpsins, óháð formi hennar.

Athugasemdir við 6. gr. frumvarpsins

Umbjóðandi okkar vekur athygli á því að kveða þarf með nánari hætti á um tæknilegt hæfi skráningarstofu í a-lið 1. mgr. ákvæðisins. Í stað þess að vísa til reglna sem Póst- og fjarskiptastofnun setur án frekari tilgreiningar mætti vísa til þess að slíkar reglur skuli byggja á tilgreindum alþjóðlegum stöðlum, sbr. RFC 1591 sem öllum skráningarstofum ber að vinna eftir samkvæmt fyrirmælum ICANN.

Hvað b-lið 1. mgr. ákvæðisins varðar vill umbjóðandi okkar taka fram að rekstrargjald það sem þar er mælt fyrir um, þ.e.a.s. 4,9% af bókfærðri veltu, er mun hærra en gildir um önnur fjarskiptafyrirtæki, sbr. 4. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun þar sem kveðið er á um 0,3% rekstrargjald. Lagt er til að árlegt rekstrargjald miðist við sama hlutfall, þ.e. 0,3% af bókfærðri veltu, þannig að jafnræðis sé gætt milli skráningarstofu höfuðléna og annarra fjarskiptafyrirtækja.

Í þessu sambandi er jafnframt ástæða til þess að vísa til fylgiskjals með frumvarpinu þar sem fram kemur að frumvarpið feli í sér óverulega viðbót við eftirlitsskyldur Póst- og fjarskiptastofnunar. Það fæst því ekki séð hvernig hægt er að réttlæta hið háa árlega rekstrargjald.

Umbjóðandi okkar ítrekar jafnframt þá ábendingu að búsetuskilyrði ákvæðisins kunni að brjóta í bága við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og aðild Íslands að OECD.

Þá gerir umbjóðandi okkar alvarlegar athugasemdir við rétt Póst- og fjarskiptastofnunar til að setja viðbótarskilyrði og leggja sérstakar kvaðir á skráningarstofur, án þess að

slíkar heimildir séu nánar útlistaðar í frumvarpinu. Mikilvægt er að slíkt framsal valdheimilda með lögum sé nægjanlega afmarkað.

Að lokum skal tekið fram að skýra þarf í 4. mgr. ákvæðisins betur, hver það er sem hefur heimild til þess að breyta skilyrðum starfsleyfis auk þess sem rétt er að vísa aðeins til alþjóðasamninga sem Ísland er skuldbundið af.

Athugasemdir við 7. gr. frumvarpsins

Tilvísanir c- og d-liðar 1. mgr. ákvæðisins til „landslénsins“ og í „undirlén höfuðlénsins“ virðast eiga að vísa til „íslenska höfuðlénsins“, enda er skráningarstofu falið að annast umsjón tiltekins íslensk höfuðléns.

Athugasemdir við 8. gr. frumvarpsins

Með hliðsjón af þeirri staðreynd að hugtakið „rétthafaskrá“ er skilgreint í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að 1. mgr. ákvæðisins verði breytt með eftirfarandi hætti: „Skráningarstofa skal halda rétthafaskrá.“ Í því sambandi skal jafnframt tekið fram að ranglega er vísað í vistunaraðila léna í 1. mgr. en eins og fram kemur í skilgreiningunni sjálfri á þarna að vísa í nafnapjóna.

Í 3. mgr. ákvæðisins virðist vanta orðið „tryggja“ inn í setninguna, þ.e.a.s. skráningarstofa skal leitast við að tryggja að upplýsingar í rétthafaskrá séu ætíð réttar. Þá verður jafnframt að telja réttara að veita rétthafa færi á að „skrá réttar upplýsingar“, í tilviki ófullnægjandi eða rangra upplýsinga, í stað þess að veita honum færi á að „afla réttra upplýsinga“, með hliðsjón af þeirri staðreynd að rétthafar sjá sjálfir um skráningar.

Um 4. mgr. ákvæðisins, þar sem kveðið er á um að Póst- og fjarskiptastofnun skuli hafa aðgang að rétthafaskrá, vísast til umfjöllunar í III. kafla þessarar umsagnar.

Auk þess er lagt til að 2. mli. 4. mgr. ákvæðisins verði breytt með þeim hætti að þar sé kveðið á um að skráningarstofa skuli vista læst afrit af rétthafaskrá hjá þar til bærum vistunaraðila (e. escrow agent). Í tilviki gjaldþrots skráningarstofu eða meiriháttar brota, sem skráningarstofa hefur ekki bætt úr þrátt fyrir áskoranir þar um, hefði Póst- og fjarskiptastofnun heimild til þess að nálgast rétthafaskrána.

Athugasemdir við 11. gr. frumvarpsins

Umbjóðandi okkar gerir athugasemd við það skilyrði ákvæðisins að rétthafi léns skuli hafa tengsl við Ísland. Ekki er nánar útskýrt í frumvarpinu um hvers konar tengsl þurfi að vera að ræða eða hvernig skráningarstofu ber að sannreyna slík tengsl. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að rétthafaskráning er rafræn og því kann að vera ómögulegt fyrir skráningarstofu að framfylgja þessu skilyrði.

Ástæða er jafnframt til þess að benda á að langflest landslén þróaðra ríkja eru opin fyrir skráningum erlendra aðila. Þannig líta mörg lönd á skráningu erlendra aðila á lénum undir þeirra landslénnum sem landkynningu. Rétthafaskrá umbjóðanda okkar sýnir jafnframt að skráning erlendra aðila á .is lénum er í langflestum tilvikum á grundvelli vörumerkjaréttar eða annarra sambærilegra tengsla. Þá er skráning á .is lénum oft upphafið af viðskiptalegum tengslum við landið.

Þá ítrekar umbjóðandi okkar þá ábendingu að það að halda lista yfir frátekin lén sem hafna ber skráningu á kann að vera talið andstætt lögum. Í því sambandi er ástæða til þess að benda á ákvörðun stjórnlagaráðs Frakklands frá 6. október 2010 þar sem niðurstaðan var sú að frönsk lénalög, sem m.a. takmörkuðu lénaskráningar með ákveðnum hætti, voru talin brjóta gegn ákvæði frönsku stjórnarskrárinnar um prent- og tjáningarfrelsi. Hefur þessi ákvörðun verið túlkuð með þeim hætti að takmörkun á

lénaskráningum á grundvelli svokallaðra bannlista geti verið talin brjóta gegn stjórnarskrárvörðu tjáningarfrelsi.³

Athugasemdir við 12. gr. frumvarpsins

Þar sem frumvarpið vísar almennt til íslenskra höfuðléna þykir rétt að 1. mgr. ákvæðisins vísi til þess að skráning léns undir „íslensku höfuðléni“ skuli fela í sér einkaafnotarétt af hinu skráða léni á gildistíma þess, í stað þess að kveða á um skráningu undir „landsléni“.

Athugasemdir við 13. gr. frumvarpsins

Umbjóðandi okkar ítrekar þá ábendingu að eftirfarandi texti eigi frekar heima í athugasemdum en í ákvæðinu sjálfu: „þ.e. fjarlægja skráningu þess úr nafnaþjónum landslénsins.“

Athugasemdir við 14. gr. frumvarpsins

Umbjóðandi okkar leggur til að hugtakið „umskráning“ sé skilgreint í 4. gr. frumvarpsins, t.a.m. með eftirfarandi hætti: „Umskráning felur í sér framsal á léni og breytingu á rétthafa léns“, en 14. gr. frumvarpsins kveði aðeins á um hvernig standa skuli að henni.

Þá skal á það bent að það skilyrði að skráður rétthafi og nýr rétthafi skuli báðir gefa sannanlegt samþykki sitt fyrir framsali er ekki framkvæmanlegt þar sem nýr rétthafi hefur ekki aðgang að rafrænni rétthafaskrá. Nægjanlegt þykir að skráður rétthafi samþykki slíkt framsal. Í framkvæmd er nýjum rétthafa tilkynnt um breytta skráningu eftir að hún hefur farið fram. Hafi hann athugasemdir við skráninguna gefst honum þá tækifæri á að koma þeim á framfæri.

Athugasemdir við 15. gr. frumvarpsins

Í 1. mgr. ákvæðisins er vísað til þess að Póst- og fjarskiptastofnun fari með eftirlit með framkvæmd laganna, þ.m.t. starfsemi skráningarstofnu og eftir atvikum skráningaraðila og rétthafa. Ekki fæst séð undir hvaða kringumstæðum Póst- og fjarskiptastofnun á að geta haft eftirlit með skráningaraðilum og rétthöfum.

Hvað varðar þá ráðagerð að Póst- og fjarskiptastofnun geti yfirtekið búnað og gagnagrunn skráningarstofnu, sbr. 4. mgr. ákvæðisins, er á það bent að slíku verður ekki við komið gagnvart umbjóðanda okkar nema að fullar bætur komi fyrir. Um þetta atriði vísast til frekari umfjöllunar í III. kafla umsagnar þessarar.

Þá gerir umbjóðandi okkar athugasemdir við 5. mgr. ákvæðisins en ekki fæst séð hvað átt er við með umræddu ákvæði, í hvers konar aðgang er verið að vísa og hvaða aðilum ber að veita slíkan aðgang?

Athugasemdir við 16. gr. frumvarpsins

Umbjóðandi okkar ítrekar þá ábendingu að orðið WACC eigi frekar heima í athugasemdum með frumvarpinu en í ákvæðinu sjálfu.

Þá bendir umbjóðandi okkar á að 4. mgr. ákvæðisins er enn illskiljanleg og er ástæða til þess að bæta þar sérstaklega úr.

³ Á eftirfarandi vefsíðu má nálgast umrædda ákvörðun stjórnlagaráðs Frakklands, http://www.conseil-constitutionnel.fr/conseil-constitutionnel/root/bank_mm/anglais/en201045qpc.pdf.

Athugasemdir við bráðabirgðaákvæði frumvarpsins

Umbjóðandi okkar gerir alvarlegar athugasemdir við það að hann þurfi að sækja um starfsleyfi fyrir starfsemi sem hann hefur haft með höndum í nær 25 ár. Umbjóðandi okkar sá um að koma starfsemi höfuðlénsins .is á laggirnar, hann hefur fjárfest gríðarlega í starfseminni og byggt hana upp í öll þessi ár. Það að honum beri að sækja nú um sérstakt starfsleyfi til þess að halda starfsemi sinni áfram er því fráleitt og ósanngjarnt auk þess sem það brýtur gegn stjórnarskrárvörðum réttindum umbjóðanda okkar, sbr. nánari umfjöllun um þetta atriði í III. kafla þessarar umsagnar.

Verði umbjóðanda okkar gert að sækja um slíkt starfsleyfi er gerð sérstök athugasemd við gildistíma slíks leyfis, sbr. það sem áður segir í athugasemdum umbjóðanda okkar við 5. gr. frumvarpsins. Er þess krafist að starfsleyfið verði ótímabundið, en Póst- og fjarskiptastofnun hafi heimild til þess að afturkalla leyfið í tilviki brota umbjóðanda okkar.

III. Athugasemdir er lúta sérstaklega að réttarstöðu umbjóðanda okkar

1) Eignarréttindi að höfuðléninu .is

Sem áður segir er það bandaríska viðskiptaráðuneytið og ICANN sem fara með yfirstjórn með öllum höfuðlénnum. Það er hins vegar viðurkennt að stjórnvöld í hverju ríki fari með forræði á stefnumörkun vegna landsléna sem vísa til viðkomandi ríkis sem og að tilnefna hver skuli hafa umsjón með landsléni. Um slíkt vald stjórnvalda fer eftir þeirri löggjöf sem gildir í viðkomandi ríki.

Íslenska ríkið á því sannanlega að fara með forræði á stefnumörkun vegna höfuðléna sem vísa til Íslands, því mótmælir umbjóðandi okkar ekki.

Umbjóðandi okkar mótmælir hins vegar harðlega að því sé slegið föstu með frumvarpinu að öll íslensk höfuðlén skuli tilheyra íslenska ríkinu og að hvorki persónur né fyrirtæki, þ.m.t. umbjóðandi okkar sem skráningaraðili höfuðlénsins .is, hafi eða muni öðlast sérstakan rétt til lénsheita.

Þá mótmælir umbjóðandi okkar því jafnframt að þurfa að sækja um sérstakt starfsleyfi fyrir starfsemi sem umbjóðandi okkar hefur rekið í nær 25 ár.

Ekki er um það deilt að umbjóðandi okkar kom höfuðléninu .is á fót og hefur rekið starfsemi utan um lénaskráningar alla tíð síðan með miklum myndarskap. Sú fullyrðing að umbjóðandi okkar hafi ekki öðlast neinn sérstakan rétt til höfuðlénsins .is á þeim tíma brýtur með alvarlegum hætti gegn lögvörðum hagsmunum umbjóðanda okkar.

Eins og ítarlega er rakið í greinargerð LOGOS, dags. 17. nóvember 2010, sem send var samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytinu fyrir hönd umbjóðanda okkar, er lítt umdeilanlegt að umbjóðandi okkar fer með verðmæt réttindi sem telja verður að feli í sér eignarréttindi að höfuðléninu .is, hvort sem slíkur eignarréttur er talinn fela í sér bein eða óbein eignarréttindi.

Athafnaleysi íslenska ríkisins og einkavæðing umbjóðanda okkar, sem m.a. hefur leitt af sér réttmætar væntingar umbjóðanda okkar, styrkir enn fremur að litið verði svo á að höfuðléninu .is sé eign umbjóðanda okkar. Þegar ríkið einkavæddi umbjóðanda okkar keyptu nýir eigendur þess hluti í félaginu með öllu því sem félaginu tilheyrði. Ekki er hægt að líta öðruvísi á en að með einkavæðingunni hafi eignarréttindi að höfuðléninu .is skipt um hendur.

Um eignarréttindi í íslenskri löggjöf er fjallað í 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, sbr. lög nr. 33/1944, en þar kemur fram að eignarrétturinn sé friðhelgur og að engan megi skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji, en til þess

þurfi lagafyrirmæli og fullt verð að koma fyrir. Þá eru atvinnuréttindi jafnframt vernduð af 75. gr. stjórnarskrárinnar. Umrædd ákvæði stjórnarskrárinnar þarf að túlka með hliðsjón af 1. gr. 1. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 62/1994.

Það er því skýrt að réttur íslenska ríkisins til að svipta umbjóðanda okkar umsjón með höfuðléninu .is er háður því að almenningsþörf krefjist þess og að fullar bætur komi fyrir.

Í þessu sambandi skal á það bent að árið 2002 skipaði norskur samgönguráðherra vinnuhóp til þess að skoða hvort ástæða væri til þess að breyta stjórnskipulagi því sem þar gildi á lénaskráningum undir höfuðléninu .no. Vinnuhópurinn komst að þeirri niðurstöðu að hlutfélagið Norid AS, sem hefur umsjón með lénaskráningum undir höfuðléninu .no, gerði það á grundvelli samnings við ICANN (IANA) á grundvelli RFC 1591. Ef ríkið myndi vilja taka yfir þá umsjón, og eftir atvikum úthluta til annarra, þá þyrfti fyrst að taka umsjónina úr höndum Norid AS en slíku yrði ekki komið við nema með eignarnámi. Niðurstaðan var sú að ekki væri ástæða til þess að breyta fyrirkomulaginu þar sem lénaskráning undir umsjón Norid AS hefði gengið vel í framkvæmd. Árið 2003 var hins vegar sett löggjöf um lénaskráningarnar sem slíkar en markmið hennar var að tryggja öryggi og hagsmuni samfélagsins í tengslum við lénaskráningar.

Eru nefndarmenn hvattir til þess að kynna sér framkvæmdina í Noregi sem og í Svíþjóð, þar sem fyrirkomulagið svipar til þess sem gildir nú hér á landi.⁴ Öðru máli gegnir hins vegar um Danmörku, þar sem einkaaðili hafði ekki farið með lénaskráningar þar í landi áður en lög um höfuðléninu .dk. voru sett og það sama er að segja um höfuðléninu .eu.

2) Hugverkaréttindi að gagnagrunnum umbjóðanda okkar

Auk þess eignarréttar sem umbjóðandi okkar hefur að höfuðléninu .is, sbr. umfjöllun undir lið 1 hér að ofan, er ljóst að umbjóðandi okkar á eignarrétt að þeim gagnagrunnum sem hann hefur byggt upp í starfsemi sinni, þ.á m. whois gagnagrunninum sem felur í sér rétthafaskrá umbjóðanda okkar.

Gagnagrunnar geta notið höfundaverndar á grundvelli 6. gr. höfundalaga nr. 73/1972 („höfundalög“), enda sé höfundaskilyrðum uppfyllt. Á grundvelli 3. gr. höfundalaga á höfundur slíks gagnagrunns einkarétt til að gera eintök og birta verkið og gildir sá réttur í 70 ár frá næstu áramótum eftir lát höfundar, sbr. 43. gr. höfundalaga.

Þá geta framleiðendur gagnagrunna jafnframt notið sérstakrar *sui generis* verndar fyrir gagnagrunna sem hafa að geyma umtalsvert safn upplýsinga eða eru árangur verulegrar fjárfestingar, sbr. 1. mgr. 50. gr. höfundalaga. Framleiðendum slíkra grunna er veittur einkaréttur til eintakagerðar og birtingar grunnsins í heild eða að verulegum hluta og helst sá réttur í 15 ár frá næstu áramótum eftir að verkið varð til, eða grunnurinn var birtur almenningi sbr. 2. mgr. 50. gr. höfundalaganna.

Ekki er um það deilt að gagnagrunnar umbjóðanda okkar njóta a.m.k. *sui generis* verndar höfundalaga. Á grundvelli þeirrar verndar er ljóst að íslenska ríkinu er ekki stætt á að skylda umbjóðanda okkar til þess að afhenda þriðja aðila gagnagrunnana. Slíkt myndi fela í sér brot á lögvernduðum réttindum umbjóðanda okkar.

3) Áskilnaður um bótakröfu á hendur ríkinu

Með vísan í framangreint er það mat umbjóðanda okkar að eins og frumvarpið er nú sett fram er þar með alvarlegum hætti vegið að eignarréttindum umbjóðanda okkar.

⁴ Á eftirfarandi vefsíðu má finna yfirlit yfir hvernig regluverkinu með lénaskráningum er háttað í Noregi: <http://www.norid.no/regelverk/rammer/forvaltningsmodell.en.html>.

Eignarréttindi umbjóðanda okkar eru lögvarin, m.a. af stjórnarskrá, og mun umbjóðandi okkar ekki sætta sig við skerðingu á þeim réttindum sínum nema að fullnægjandi skilyrði liggja til grundvallar síkri skerðingu og að fullar bætur komi fyrir.

Verði ekki tekið tillit til athugasemda umbjóðanda okkar sem settar eru fram í umsögn þessari og frumvarpinu breytt með þeim hætti að tekið sé tillit til lögverndaðra eignarréttindi umbjóðandi okkar, er ljóst að umbjóðandi okkar mun ekki sjá sér annað fært en að stefna íslenska ríkinu í því skyni að gæta réttinda sinna. Það sama á við verði með öðrum hætti brotið gegn hagsmunum umbjóðanda okkar með frumvarpinu þannig að til bótaskyldu stofnist.

IV. Lokaorð

Umbjóðandi okkar gerir verulegar athugasemdir við frumvarpið eins og það er nú sett fram.

Örugg og skilvirk starfræksla íslenska höfuðlénins .is er gríðarlega mikilvægur þáttur í atvinnurekstri sem og daglegu lífi nær allra Íslendinga, enda treystir stór hluti þjóðarinnar á öruggan og skilvirkan aðgang að íslenska höfuðléninu .is.

Þar sem um svo þýðingarmikil grundvallarréttindi er að ræða er það umbjóðanda okkar mjög mikilvægt að vandað verði enn frekar til verka og tekið verði tillit til þeirra athugasemda og ábendinga sem umbjóðandi okkar hefur komið á framfæri.


Gæta verður sérstaklega að því að grundvallarmarkmiðum frumvarpsins, að tryggja gæði, öryggi, skilvirkni og gagnsæi varðandi umsýslu með íslenska höfuðléninu .is, sé ekki snúið upp í andhverfu sína með skilyrðum frumvarpsins.

Telja verður sérstaka hættu á því verði ákveðið að leyfisskylda umsjón með lénaskráningum, einkum ef slíkt starfsleyfi er aðeins veitt í takmarkaðan tíma.

Þá beinir umbjóðandi okkar því einkum og sér í lagi að nefndarsviði Alþingis að endurskoða þau atriði er lúta að eignarréttindum umbjóðanda okkar og gæta þess að ekki sé brotið á lögvörðum hagsmunum umbjóðanda okkar með frumvarpinu.

Umbjóðandi okkar hefur haft umsjón með lénaskráningum undir höfuðléninu .is í nær 25 ár og byggt starfsemina upp af miklum myndarskap, með tilheyrandi fjárfestingum. Umsjón með lénaskráningum undir höfuðléninu .is er eina starfsemi umbjóðanda okkar. Verði umsjónin tekin af umbjóðanda okkar er því ljóst að fótunum verður kippt undan rekstri umbjóðanda okkar og félagið, sem og hluthafar þess, sviptir stjórnarskrárvörðum eignarrétti sínum.

Virðingarfyllt,
LOGOS lögmannsþjónusta



Fyrir hönd Gunnars Sturlusonar hrl.,
Áslaug Björgvinsdóttir hdl.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
150 Reykjavík.

Reykjavík, 12. nóvember 2010.

Athugasemdir ISNIC við drög að frumvarpi um höfuðlénið .is

Þegar spurt er "hver á Internetið"? þá er svar internetsfólks þetta: Spurningin sem slík er óviðeigandi - það á enginn Internetið. Það er fyrir alla, alls staðar, á öllum tímum. Við sem vinnum á internetinu tölum aðeins um hlutverk og skyldur. Þannig ber Internet á Íslandi hf. skyldur gagnvart öllum réttihöfum .is léna og reksturinn á nafnaþjónustunni fyrir .is á internetinu, alls staðar, á öllum tímum, óháð landamærum, er okkar hlutverk. Það rækjum við af ástríðu og ætlum að halda því áfram. Ef við stöndum ekki undir skyldunni og ábyrgðinni sem henni fylgir þá ber okkur að láta hana af hendi til annarra. Þetta er meginefni samningsins sem við og öll önnur NIC-fyrirtæki (NIC= Network Information Center) í heiminum vinnum eftir.

ISNIC telur eðlilegt að setja lagalega umgjörð um starfsemina, eins mikilvæg og hún er orðin í þjóðfélaginu - svo lengi sem lagasetning sé vönduð og hún styðji og verndi réttindi réttihafa .is-léna, en setji starfseminni ekki óþarfa skorður sem heftað gætu framþróun hennar með viðbótarkostnaði, eða öðrum ónauðsynlegum hindrunum. ISNIC varar stjórnvöld eindregið við of ítarlegri lagasetningu á þessu síbreytilega, viðkæma og hátæknilega sviði. Internetinu vegnar best þar sem það er frjálst, en verst þar sem það er bundið í klafa boða og banna.

Í hartnær 25 ár hefur starfsemi ISNIC gengið snurðulaust fyrir sig án þess að til væru sérstök lög um lén. Opinberir aðilar, sem samtals áttu um 93% hlut í Interneti á Íslandi hf., höfðu á sínum tíma frumkvæði að gerð og smíði innviða internetsins á Íslandi, þaðan sem nafn félagsins er komið. Frumherjarnir seldu flestir hluti sína í félaginu, hver af öðrum, eins og gengur og fram kemur í greinargerðinni, og þannig lét íslenska ríkið í raun og veru reksturinn og ábyrgðina á höfuðléninu .is frá sér í hendurnar á einkaaðilum gegn gjaldi. Þessu þarf að halda til haga þegar fjallað er um lögin, sem í raun og veru fjalla aðeins um starfsemi eins lögaðila, þ.e. Internets á Íslandi hf. sem frá byrjun hefur haft hið mikilvæga hlutverk, að reka nafnaþjónustuna fyrir .is, með höndum. Afraksturinn er öllum kunnur, hann er glæsilegur og ber starfsmönnum félagsins í gegnum tíðina gott vitni.

Í greinargerðinni er sagt að "ónafngreindar kvartanir", sem eru frá árinu 2005, og "fundur um lénamál sem SKÝ hélt", einnig fyrir mörgum árum, séu hvatinn að frumvarpsgerðinni. Þessu mótmælir ISNIC harðlega, og lýsir sumu af því sem þar kemur fram sem atvinnurógi. Við vísum í þessu sambandi til athugasemda Mariusar Ólafssonar, starfsmanns ISNIC frá upphafi, sem stundum er kallaður "faðir internetsins á Íslandi". Með dylgjum sem þessum er vegið að atvinnuheiðri hans og Helga Jónssonar, fyrsta framkvæmdastjóra ISNIC. Nær væri að segja að hvatinn að lagasetningunni liggja eingöngu í mikilvægi internetsins og höfuðlénsins .is fremur en að bera fram órökstuddar ásakanir um ISNIC og starfsmenn þess.

Jafnframt bendir ISNIC á að núverandi stjórn og fulltrúar nýrra eigenda, sem keyptu 93% hlut Teymis hf. í félaginu í mars 2007, eftir nokkurra ára undirbúning, hefur stóreflt félagið með tugmilljónakróna fjárfestingum í tölvubúnaði, hugbúnaði, nýjum kerfissal, varaafstöð, skrifstofuaðstöðu og nú síðast sérstökum kennslusal fyrir internetnotendur þar sem m.a. atvinnulausum og eldri borgurum er boðið upp á ókeypis námskeið. Þá er ISNIC öflugur stuðningsaðili fjölda hjálparsamtaka og var t.a.m. einn stærsti gefandinn á síðasta ári í söfnunni fyrir Grensás - þótt það færi hljótt.

Enginn viðskiptamaður ISNIC hefur á undanförunum tæpum fjórum árum, frá því nýju eigendurnir tóku við, farið bónleiður til búðar. Staðreyndin er sú að engin formleg kvörtun hefur borist ISNIC vegna þjónustunnar frá upphafi eins ótrúlega og það kann að hljóma! Fá fyrirtæki eða stofnanir með álíka marga viðskiptamenn og flókna starfsemi státa af jafnháu

rekstrar- og þjónustustigi og ISNIC. Enda er það svo að höfuðlénið .is mælist á meðal öruggustu höfuðléna í heimi ár eftir ár. Árangur sem þessi er engin tiiviljun, en honum er afar auðveit að spilla. Hér er á ferðinni afar viðkvæm starfsemi sem landslög ættu að vernda og styðja við eins og áður segir. Ýmislegt í frumvarpsdrögum gengur að okkar mati gegn því markmiði - því miður.

Frumvarpsdrögin feila jafnframt í sér mikil og íþyngjandi inngríp í starfsemi Internets á Íslandi hf. og setur réttihöfum léna nýjar óþarfa skorður - jafnvel á sviði tjáningarfrelsisins sjálfs. Félagið áskilur sér allan rétt í því sambandi, bæði fyrir sína hönd og viðskiptamanna sinna. Þá er bent á að mörg önnur hlutfélög í einkaeigu á Íslandi hafa svipaða sérstöðu og ISNIC, án þess að um þau gildi sérstök lög - hvað þá mjög íþyngjandi. Hér mætti t.d. nefna Neyðarlínuna, Já.is (Símaskrána) og Hið íslenska númerafélag, sem hefur með öll símanúmer landsins að gera, þ. á. m. landsnúmerið +354, sem hefur að hluta til svipuðu hlutverki að gegna og höfuðlénið .is. Um þessi félög gilda fyrst og fremst lög nr. 81/2003, þ.e. almenn lög um fjarskipti, að því best verður séð. ISNIC spyr ráðuneytið og löggjafann hvort ekki megi fella lög um lén inn í þau lög til einföldunar.

1. gr.

Ábending: ISNIC vill vara löggjafann við því að viðurkenna yferráðarétt ICANN yfir Internetinu óbeint með lögum, en slíka viðurkenningu má etv. lesa úr eftirfarandi texta: "... í samráði við þar til bærán aðila sem starfar á alþjóðavettvangi." ISNIC, og mörg önnur NIC-fyrirtæki í V-Evrópu sérstaklega, greiða árgjaldið til ICANN einungis fyrir veitta þjónustu, með sterkum fyrirvara um að í greiðslunni felist viðurkenning á yferráðum ICANN, en það er bandarískt einkafyrirtæki, sem í raun ræður yfir DNS-kerfinu öllu á heimsvísu. Þennan fyrirvara má sjá í samningi ISNIC og fleiri á vef ICANN. Það er rík ástæða til að benda ráðuneytinu á þetta til upplýsingar. Athugið jafnframt að ISNIC er eldra en ICANN og var byrjað að veita þjónustuna við .is löngu áður en ICANN var stofnað.

3. gr.

ISNIC gerir alvarlega athugasemd við að þurfa að sækja um starfsleyfi fyrir starfsemi sem það hefur haft með höndum í 24 ár og sá sjálft um að koma á laggirnar.

4. gr.

Sleppa þarf skilgreiningu á skráningaraðila. Réttthafi léns getur tilgreint hvern sem er til að sýsla með lén sitt gagnvart skráningarstofu. Réttthafi léns verður áfram að hafa frjálsar hendur við hvern hann skiptir í þeim efnum.

5. gr.

Þurfi starfsleyfi æskir ISNIC þess að verða veitt leyfið til minnst 15 ára í upphafi, með möguleika á fimm ára framlengingu. ISNIC blður stjórnvöld um að skoða í þessu skini gaumgæfilega þær fjárfestingar sem félagið hefur lagt út í á síðustu tveimur árum vegna flutningsins úr Tæknigarði, og áhættuna sem flutningi starfseminnar óhjákvæmilega fylgir. Endurtekinn flutningur hennar eftir fimm ár er óhugsandi, nema eitthvað skelfilegt komi fyrir. Þá gerir ISNIC athugasemd við að ráðherra geti kveðið á um rekstrarform skráningarstofu. Nægja ætti að setja fram kröfur um hvernig starfsemin er innt af hendi - óháð forminu.

Til upplýsinga: Stjórn Tæknigarðs hf. sagði ISNIC upp húsaleigusamningi í júní 2008. Þrátt fyrir ítrekuð mótmæli var uppsögnin látin gilda. ISNIC flutti síðan alla starfsemi sína smátt og smátt úr Tæknigarði, þar sem starfsemin hafði ætíð verið, á Höfðatorg. Flutningur K-rótarinnar, rötarnafnaþjónsins fyrir .is og RIX er mjög vandasamt verkt og honum fylgir mikil áhætta og kostnaður. Þess vegna krafði ISNIC húseigandann um 20 ára leigusamning, sem jafnframt er veðsettur Íslandsbanka hf. Ef að því kemur að skipta þarf um rekstraraðila nafnaþjónustunnar þyrfti fremur að huga að því að breyta eignarhaldi félagsins, fremur en að flytja starfsemina, búnaðinn og nauðsynlegar upplýsingar (gagnagrunna).

6. gr.b.

ISNIC fagnar flestu í þessari grein, en alvarleg athugasemd er þó gerð við áform um **7,6%** rekstrargjald á heildarveltu (ölluheldur lénaskatt) félagsins sbr. b-liðinn. Áform ISNIC um að lækka verð léna á 25 ára afmæli höfuðlénsins .is á næsta ári verða að engu, verði þessi skattur að veruleika. ISNIC gerir kröfu um að orðið "rekstrargjald" verði fellt út, en myndi

sætta sig við sérstakt "eftirlitsgjald", sem tæki mið af sambærilegu gjaldi sem lagt er á önnur fjarskiptafyrirtæki og að gætt verði jafnræðis og meðalhófs við ákvörðun þess. ISNIC er hins vegar tilbúið til viðræðna um þátttöku í kostnaði sem fellur til við innleiðingu laganna, t.d. hjá Póst- og fjarskiptastofnun.

Til upplýsinga er bent á að ofangreindur lénaskattur hefði kostað ISNIC 11,7 milljónir króna á fyrstu 9 mánuðum líðandi árs, en það er um 65% af hagnaði félagsins á því tímabili skv. 9 mánaða uppgjöri. Vinsamlegast athugið að ISNIC veltir aðeins um 180 milljónum króna á ári og hjá því starfa aðeins 9-10 starfsmenn. Félagið flokkast því sem lítið fyrirtæki. Þá hefur árgjald léna ekki hækkað að krónutölu í heil 10 ár, en stofngjald léna, sem var kr. 4.532, var fellt niður eftir að ný stjórn tók við félaginu. Starfsmenn höfðu barist fyrir niðurfellingu þess um árabíl.

6. gr. g.

Til upplýsinga: ISNIC rekur RIX (Reykjavik Internet Exchange punkt) á tveimur stöðum í landinu. Hann er rekinn með talsverðum halla, þ.e. "pro-bono" fyrir internetsamfélagið. Ákvæðið myndi setja þetta í uppnám. Þá rekur ISNIC einnig Samræmda vefmælingu á Íslandi og á þar m.a. í samkeppni við Google, sem gefur alla sína þjónustu gegn því að fá að auglýsa á vefsíðum. Huga þarf að aðstöðumuninum sem skapast myndi ef greinin stendur óbreytt.

7. gr. g.

Ábending: ISNIC innheimtir ekkert gjald fyrir aðgang þjónustuaðila að kerfi ISNIC, heldur aðeins vægt árgjald (kr. 10.000) fyrir birtingu á lista yfir þjónustuaðila á vef ISNIC. Ákvæðið mætti skilja sem svo að ISNIC sé skilt að hefja gjaldtöku? Lagt er til að þessi grein verði felld niður, enda óþarfi að binda slíkt ákvæði í lög.

8. gr.

Ábending: Í fyrstu málsgrein stendur .is léna. Hér á væntanlega að standa "höfuðléna". Athugasemd: ISNIC á höfundarréttinn að rétthafagrunni ISNIC (oft kallaður Whois) og heldur félagið sjálf utan um afritartöku af honum. ISNIC afhendir ekki þriðja aðila afrit af grunninum án dómsúrskurðar. Allir, þ.m.t. Póst- og fjarskiptastofnun fá hins vegar almennan aðgang að rétthafagrunni ISNIC á vefnum isnic.is.

11. gr.

ISNIC mótmælir harðlega hugmyndum um nýjar hindranir á skráningu léna, sérstaklega með hagsmunum rétthafa léna í huga. ISNIC bendir í þessu sambandi á nýlegan úrskurð stjórnlagadómstóls Frakklands, sjá frétt á isnic.is, og bendir á ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu og íslensku stjórnarskrárinnar um tjáningar- og atvinnufrelsi.

Varðandi ákvæðið "fjár síns ráðandi" í drögunum. Engin veruleg fjárskuldbinding felst í skráningu léns og því er ákvæðið um "fjár síns ráðandi" óviðeigandi. Í reglum ISNIC segir "Umsækjandi [sá sem skráir lén] skal hafa hæfi til þess að skuldbinda sig eða viðkomandi lögaðila í samræmi við gildandi lög á hverjum tíma." ISNIC leggur til að lögin taki mið af þessu.

Sama gildir um hugmyndir í grein þessari um "bannlista" sem Póst- og fjarskiptastofnun virðist heimilað að útbúa. ISNIC varar eindregið við öllum hugmyndum um bannlista að norskri fyrirmynd, sé það hugmyndin með ákvæðinu, enda hafa slíkar takmarkanir á skráningum verið dæmdar ólöglegar sbr. dóm franska stjórnlagadómstólsins. Innlenda internetsamfélagið hefur ávallt staðið vörð um frelsi rétthafa til skráninga og mun gera það áfram.

Skýring: Skráningarstofa getur tæknilega séð ekki hafnað skráningum rafrænt eftir því hvort umsækjandi sé "fjár síns ráðandi", nema að átt sé við aldurstakmark, né heldur hvort hann hefur "tengsl við Ísland". Slík ákvæði myndu setja rafrænt skráningarkerfi í uppnám með stórauðnum kostnaði við skráningar, og í raun færa kerfið aftur á eyðublaðastigið eins og það var fyrir árið 2000.

Rétthafaskrá ISNIC sýnir að skráning erlendra aðila á .is-lénum er í langflestum tilfellum á

grunvelli vörumerkja eða annarra tengsla, eða að skráning lénsins er upphafið af viðskiptatengslum við landið. Tölulegar upplýsingar um fjölgun léna á isnic.is sýna að engin veruleg fjölgun hefur átt sér stað í skráningum erlendra aðila frá 2008 er skilyrðið um innlendan umboðsmann var fellt út. Þá felst engin "ógn" í slíkum skráningum, nema síður sé, því útflutningstekjurnar hafa reynst kærkomnar og í raun komið í veg hækkun árgjaldsins. Þá má benda á að lén skráð erlendis eru undantekningarlaust útlend orð, en ekki íslensk. Þau hafa því engin áhrif á það safn orða eða hugmynda sem stendur Íslendingum til boða.

Þá veltir ISNIC því fyrir sér hvort ákvæðið "fjár síns ráðandi" myndi útiloka gjaldþrota einstaklinga frá því að skrá lén? Allur rekstur og flest umsvif manna núorðið þurfa a.m.k. eitt lén. Því yrði ákvæðið líklega brot á stjórnarskrárbundnum mannréttindum viðkomandi einstaklinga varðandi atvinnufrelsi. Sama gildir væntanlega einnig um ákvæðið um útlendinga, þar sem bannað er að mismuna eftir þjóðerni. Um 4.800 .is lén (af um 31.000 lénom) yrðu gerð "ólögleg" með þessum tveimur ákvæðum 11. greinar. Þessu til viðbótar yrði ungt fólk, 15 -18 ára, útilokað frá lénaskráningum undir .is og myndu því leita á önnur mið. Ofangreint samrýmist illa markmiði laganna.

14.gr.

Ábending: Grein þessi er óþörf að mati ISNIC. Réttthafi léns sér sjálfur um að "skipta um réttthafa" á sínu léni. Starfsmenn ISNIC mega ekki, og hafa aldrei mátt, skipta um réttthafa á lénom, heldur gerir réttthafinn það sjálfur (eða tengiliður hans) í ISNIC-kerfinu. Ákvæðið myndi færa ISNIC völd og skyldur sem það kærir sig ekki um. Vinsamlegast fjarlægjið greinina alveg, eða breytið henni til samræmis við núverandi framkvæmd og notið orðasambandið að "skipta um réttthafa". Að auki má gera athugasemd við orðalagið "...sem hefur fengið skráð lén". Réttthafar fá ekki skráð lén, heldur skrá þeir lénið sjálfir. Þetta er lykiltríði.

15. gr.

Síðasta málsgreinin gefur Póst og fjar of viðtæka heimild. Lagt er til að hún verði tekin út, eða að við hana bætist að samþykki skráningarstofu þurfi til að slíkar reglur öðlist gildi.

Ábending: Laga þarf orðalag í þriðju málsgrein. "...endurskráð", við tölum um að "skipta um réttthafa". Það þarf ekki að skrá lén aftur, þótt skipt sé um réttthafa þess sbr. aths. við 14. gr.

16. gr.

4. mgr. "Skráningarstof(u) skal setja sérstaka gjaldskrá fyrir skráningaraðila"... ISNIC leggur til að þessi málsgrein verði felld niður, eða til vara breytt í heimildarákvæði. Skráningarstofa losnar ekki undan neinni þjónustu við skráningu léna þó svo að hún sé í boði hjá milliliðum. Öll tæknileg grunnvirkni varðandi skráningu lénsins og nafnþjónustu þess helst áfram hjá ISNIC. Þvert á móti má segja að ef skráningarstofa leggur í kostnað, sem er talsverður, við að koma upp sérstökum kerfum (API/EPP aðgangur) fyrir vef- og netþjónustufyrirtæki til að skrá lén, ætti sá kostnaður að greiðast af þeim. Það er engin ástæða að setja í lög kvaðir um sérstaka gjaldskrá fyrir þjónustu, sem í eðli sínu er nákvæmlega eins hvort sem hún er veitt af "skráningaraðila" eða einstaklingi sem skráir lén. Sjá ábendingu neðar.

Skýring: Lénaskráningin sjálf er það einföld aðgerð að allt tal um "samkeppni" á því sviði sérstaklega er merkingarlaust. ISNIC hefur ávallt gefið rétthöfum kost á að tilgreina fulltrúa (tengiliði) sem sjá um viðkomandi lén (m.a. auðvitað vefhýsingarfyrirtæki/netþjónustufyrirtæki o.s.frv.) en ekki þannig að þessi fyrirtæki 'eigi' í raun lénið og leigi það ásamt annarri þjónustu til notenda þess, eins og algengt er þar sem svokallað "reglstry/registrar"-fyrirkomlag er við lýði. Danmörk, svo nærtækt dæmi sér tekið, er víti til að varast. ISNIC hefur viljað forða rétthöfum léna frá þannig ástandi og því ávallt verið "open registry".

Ábending: Það er hættulegt að festa í lög einhverja ákveðna útfærslu á þessu. Hins vegar er í lagi að setja heimildarákvæði um 'skráningaraðila'. Best væri að láta þróunina um þetta alfarið. Líklegt er að á næstunni komi upp *höfulén með skírskotun til Íslands* þar sem slík framsala á umsjón með lénom gengi alls ekki upp tæknilega séð, s.s. sérhæfð öryggislén, sem eru vottuð lén. Þannig lén er þegar í skoðun hjá ISNIC. Ákvæðið myndi setja þessa vinnu í uppnám. Þá skal það upplýst hér að ISNIC er langt komið með smíði á sérstöku API-kerfi sem m.a. felur í sér inneignarkerfi léna fyrir stórnotendur. Það er fremur hugsað til að gefa afslátt vegna magnkaupa og þátttöku ISNIC í markaðskostnaði þjónustuaðila. Í raun kemur það til með að uppfylla markmiðið sem ráðuneytið virðist stefna að með ákvæðinu.

20. gr.

ISNIC þarf að fá nægilegan tíma til að gera nauðsynlegar breytingar á hugbúnaðarkerfum sínum til að uppfylla ákvæði nýrra laga og innleiða þau í starfsemi. Við leggjum til að Póst- og fjarskiptastofnun ákveði frestinn í samráði við ISNIC þegar það að kemur.

Í bráðabirgðaákvæðinu er innsláttarvilla í orðinu "órofna". Að auki vísast hér til þess sem fram kom hér að ofan í athugasemdum við 3. og 5. gr.

Virðingarfyllt,

f.h. Internets á Íslandi hf.

Jens Pétur Jensen,
framkvæmdastjóri.
Stjórnunarlegur tengiliður .is.

Márius Ólafsson,
Gæða- og netstjóri.
Tæknilegur tengiliður .is.

Reykjavík, 17. nóvember 2010

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
150 Reykjavík

Efni: Athugasemdir Internets á Íslandi hf. við drög að frumvarpi til laga um landslénin .IS – nóvember 2010

Internet á Íslandi hf. (ISNIC) hefur leitað til LOGOS og óskað eftir aðstoð við gerð athugasemda við drög að frumvarpi til ofangreindra laga („frumvarpið“) en félagið kom áður að athugasemdum við frumvarpið með bréfi, dags. 12. nóvember 2010. Þegar þeim athugasemdum var komið á framfæri boðaði félagið að frekari athugasemdir yrðu gerðar.

Ákvæði 1. og 3. gr., sem og 1. mgr. 5. gr., 3. másl. 5. mgr. 5. gr. og 2. másl. 6. mgr. 5. gr.

Í 1. másl. 1. gr. frumvarpsins segir að „[í]slenska ríkið [fari] með ákvörðunarrétt yfir landsléninu .IS í samráði við þar til bærán aðila sem starfar á alþjóðavettvangi“. Í 3. gr. segir „[í]nnanríkisráðherra fer með yfirstjórn landslénins .IS...Póst- og fjarskiptastofnun veitir starfsleyfi til skráningarstofu íslenskra höfuðléna og hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara.“ Í 1. mgr. 5. gr. segir að sá sem vill reka skráningarstofu fyrir íslenskt höfuðlén skuli hafa til þess starfsleyfi Póst- og fjarskiptastofnunar, og að starfsleyfi skuli veitt til eins aðila til 5 ára í senn, að undangengnu gagnsæju ferli. Í 3. másl. 5. mgr. 5. gr. segir að leyfishafa sé óheimilt að framselja leyfið, s.s. starfsleyfi sitt, til þriðja aðila. Í 2. másl. 6. mgr. 5. gr. segir að við endurúthlutun, s.s. starfsleyfis, skuli nýr starfsleyfishafi fá aðgang að réttthafaskrá sbr. 8. gr. og nafnaþjóni sbr. 9. gr. fyrri starfsleyfishafa.

Um þetta atriði áréttar umbjóðandi minn fyrri athugasemdir sínar, sem hann setti fram við fyrri drög að frumvarpi um sama efni, og sem hann kom á framfæri við ráðuneytið með bréfi, dags. 1. mars s.l. og gerir áskilnað um bótakröfur á hendur íslenska ríkinu verði eignarréttindi þess skert, eða með öðrum hætti gengið gegn hagsmunum umbjóðanda míns þannig að til bótaskyldu stofnist. Nánar verður komið að eignarréttarlegri stöðu umbjóðanda míns í lokakafla bréfs þessa, en umbjóðandi minn telur nauðsynlegt að skýra afstöðu hans nánar að þessu leyti þar sem ekki hefur verið tekið tillit til ábendinga hans að þessu leyti í bréfi hans frá 1. mars s.l.

Ákvæði 4. gr.

Umbjóðandi minn bendir á að um nokkuð óvenjulega gerð lagatexta er að ræða. Í samræmi við viðurkenndar venjur við lagasetningu á Íslandi leggur umbjóðandi minn til að ensk heiti komi einungis fram í athugasemdum við greinina, sem og allar frekari útskýringar á skilgreiningum, það er eftirfarandi þrjár setningar:

„Lén eru samsett úr höfuðlénum...og undirlénum...“

„Með því er átt við að ákveðnu höfuðléni hafi veri úthlutað með vísan til ákveðins ríkis af þar til bærum alþjóðlegum aðila.“

„Með almennum IP fjarskiptanetum er átt við það sem í daglegu tali er nefnt Internetið.“

Ákvæði 5. gr.

Umbjóðandi minn hefur þegar gert almenna athugasemd við ákvæði 1. mgr. 5. gr., 3. másl. 5. mgr. 5. gr. og 2. másl. 6. mgr. 5. gr. vegna eignarréttinda sinna. Til viðbótar er rétt að nefna að óþarfi er að taka fram að starfsleyfi skuli veita að undangengnu opnu og gagnsæju ferli, enda hvílir sú skylda á íslenska ríkinu að úthluta takmörkuðum réttindum í opnu og gagnsæju ferli óháð þessu frumvarpi. Viðurkennd venja við lagasetningu á Íslandi er að ekki sé tekið fram það sem engin þörf er á að taka fram. Sama athugasemd á við um 2. mgr. í heild sinni.

Í 3. mgr. segir að umsækjandi skuli upplýsa um „[eignarhlutföli] þeirra“, en hér virðist vera átt við að umsækjandi skuli upplýsa um eignarhald sitt og eignarhlutföll eigenda. Er mælst til þess að textinn verði lagfærður svo.

Í 4. mgr. er kveðið á um að ráðherra setji skilyrði sem umsókn skal uppfylla í reglugerð og þá segir að m.a. skuli kveðið á um rekstrarform o.fl. í reglugerðinni. Hér gerir umbjóðandi minn þann fyrirvara að það málefni sem heimilað er að skipa með fyrirætlum framkvæmdavaldsins verður að vera nokkuð afmarkað. Þá virðist textinn ekki ganga fyllilega upp, m.a. þar sem í síðari setningunni virðist vera átt við skilyrði sem setja skal starfsemi umsækjanda, en ekki umsókninni sem slíkri. Þá er kveðið á um samstarf milli skráningarstofa þó ljóst sé af 1. mgr. að einungis ein skráningarstofa mun hafa leyfi.

Ákvæði 6. gr.

Umbjóðandi minn bendir ráðuneytinu á að búsetuskilyrði kann að fara gegn samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu og milliríkjasamningi við Færeyjar, enda séu hlutaðeigandi búsettir í EES-ríki, aðildarríki

stofnsamningsins eða Færeyjum. Þá kann slíkt skilyrði að fara gegn aðild Íslands að OECD.

Þá gerir umbjóðandi minn þann almenna fyrirvara við rétt Póst- og fjarskiptastofnunar til að setja viðbótarskilyrði, að slíkt framsal valdheimilda með lögum sé nægilega afmarkað.

Ákvæði 8. gr.

Í lok textans segir „auk almennra sjónarmiða um persónuvernd.“ Væntanlega er átt við að aðgangur að upplýsingum skuli samrýmast lögum um persónuvernd, en textinn er rangt fram settur og leggur umbjóðandi minn til að hann verði iagfærður.

Ákvæði 13. gr.

Í 2. mgr. kemur enn fyrir texti til skýringar á ákvæði, sem á heima í athugasemdum, það er:

„þ.e. fjarlægja skráningu þess úr nafnþjónum landslénsins.“

Ákvæði 15. gr.

Í ákvæðinu er uppi ráðagerð um yfirtöku á búnaði og gagnagrunnum, en rétt er að benda á að slíku verður ekki við komið í bága við eignarréttindi umbjóðanda míns, og þannig yrðu fullar bætur að koma fyrir.

Í lok ákvæðisins er að finna reglugerðarheimild sem er tvítekning á slíkri heimild í lok 10. gr. en jafnframt eru heimildirnar andstæðar hvor annarri því þær eru til sitt hvors aðilans.

Ákvæði 16. gr.

Umbjóðandi minn leggur til að orðið WACC sé ekki notað í lagatextanum, enda á það fremur heima í athugasemdum. Þá er lokamálsliður 4. mgr. illskiljanlegur, t.d. er óljóst hvort átt við er venjulega þjónustu skráningarstofu, auk þess sem ekki virðist gert ráð fyrir eðlilegri arðsemi af starfsemi.

Athugasemdir við frumvarpið.

Um þann kafla frumvarpsins sem felur í sér almennar athugasemdir tekur umbjóðandi minn fram að málfar er á köflum með miklum annmörkum. Leyfir hann sér að hvetja ráðuneytið til að bæta þar úr. Þá er textinn oft á tíðum ónákvæmur eða óskýr. T.d. er óljóst hvort með ráðherranefnd um einkavæðingu á bls. 12 sé átt við aðra nefnd en framkvæmdanefnd um einkavæðingu, og ekkert er útskýrt hvað átt er við með tilvísun til GAC á bls. 13, auk þess sem óljóst er hvort átt er við það sama með tilvísun til GAG á

bls. 14. Almennt vantar upp á að útskýrt sé hvað átt sé við með hinum ýmsu skammstöfunum sérheita skjala eða stofnana. Ekki er unnt að átta sig á því hvað átt er við með þeirri fullyrðingu að með lagasetningu sé ætlunin að tryggja að .IS sé gæðamerki en ekki auglýsing, sbr. bls. 14. Áréttta verður að allur textinn einkennist af álíka ambögum. Er áriðandi að vandað sé til lagasetningar, þar með talið þá hluta frumvarpa sem fela í sér almennar athugasemdir, enda eru þær meðal helstu lögskýringargagna.

Á bls. 16 segir m.a. að í leiðbeiningarreglum GAC komi fram að landslén séu opinberar auðlindir hvers ríkis um sig, og er lagt út frá því á þann veg að íslenska ríkið geti því á grundvelli valdheimilda sinna áskilið sér umráða- og yfirráðarétt fyrir landsléninu .IS með lagasetningu. Þá er fullyrt í athugasemd við 1. gr. frumvarpsins segir að .IS o.fl. lén séu opinber auðlind. Umbjóðandi minn telur að þessi fullyrðing ráðuneytisins standist ekki þá grundvallarforsendu, sem þarf að vera til að um opinbera auðlind sé að ræða, að enginn geti talið til eignar yfir landsléninu .IS.

Umbjóðandi minn telur rétt að rökstyðja þessa afstöðu sína frekar, og tilgreina hvað GAC skjöl segja, nákvæmlega:

Óþarfi að rekja tilurð lénaheitakerfis og þróun þess fyrstu árin. Hins vegar telur umbjóðandi minn rétt að benda á að árið 1997 ákvað Bandaríkjastjórn að lénaheitakerfið skyldi verða einkavætt. Og árið 1998 yfirfærði bandaríska viðskiptaráðuneytið ábyrgðina á því að úthluta IP tölum og lénum til ICANN. Tilgangurinn var þannig að ICANN tæki við þeim verkefnum sem IANA hafði sinnt, m.ö.o. að IANA starfsemin flyttist undir ICANN. ICANN er einkaaðili sem hefur þó ekki hagnað að markmiði með starfsemi sinni. Rammi starfseminnar er samkomulag sem samtökin gerðu við bandaríska viðskiptaráðuneytið. Þann 1. október 2009 gekk svo í gildi annað samkomulag milli ICANN og bandaríska viðskiptaráðuneytisins sem lýsir grundvelli starfsemi ICANN og samstarfs aðilanna.

Rétt er að geta þess hér að þegar stjórnanda toppléns er breytt, gerist það fyrir tilkynningu til ICANN. ICANN kannar tilkynninguna og ber hana undir bandaríska viðskiptaráðuneytið, enda þarf að fá samþykki ráðuneytisins fyrir breytingum á nafnaþjónum. Ef nýr stjórnandi er ekki stjórnvald í viðkomandi landi er engu að síður haft samráð við þau, og athugað er hvort þau styðji breytinguna. Þegar bandaríska viðskiptaráðuneytið hefur samþykkt tilkynninguna er hún áframsend til Verisign Inc. sem sér um tæknilegu breytinguna í efsta lagi kerfisins fyrir ráðuneytið. Í þessu felst að völd stjórnvalda í hverju ríki til að ákveða hver skuli vera stjórnandi landsléns, í því kerfi sem hér er til skoðunar, eru takmörkuð, í þeim skilningi að það er ekki á þeirra tæknilega færi að ákveða það og breyta, heldur er það á forræði ICANN og bandaríska viðskiptaráðuneytisins.¹ Hér er um að ræða atriði sem mikilvægt er að átta sig á til að skilja lagalega umgjörð rótarlénsins .IS, og réttarstöðu umbjóðanda míns.

¹ Hér verður þó að taka fram að stjórnendur landsléna viðsvegar um heiminn kunna að hafa aðra afstöðu en hér kemur fram, það er að segja að það sé í raun ekki á forræði annarra en þeirra sjálfra að breyta því hver

Svonefnt skjal RFC 1591 felur í sér almenn tilmæli sem stjórnendum landsléna er uppálagt að fara eftir þar með talið lýsingu á því hvaða þjónustu eigi að inna af hendi af þeirra hálfu. Í Inngangi tilmælanna kemur fram að sá sem fær úthlutað til sín því verkefni að stýra landsléni inni af hendi almannaþjónustu fyrir landið sem um ræðir og fyrir Internetsamfélagið í heiminum. Sérstaklega er tekið á spurningum um eignarhald og annað sambærilegt, sem geta vaknað upp vegna úthlutunar á verkefninu. Segir að slíkar spurningar eigi ekki við (sému "inappropriate"), það sem eigi við ("is appropriate") séu þær spurningar sem varði ábyrgð þá sem úthlutunin feli í sér og sú þjónustuskuldbinding gagnvart samfélaginu sem leiði af henni. Óvarlegt væri að draga einhverjar sérstakar ályktanir af þessu um eignarréttarleg atriði, sérstaklega þar sem ráða má af orðalagi að átt sé við hvernig þeir sem umsjón hafa með landslénum ættu að hugsa um það verkefni, fremur en að verið sé að útiloka að eignarréttur geti verið fyrir hendi.

Hins vegar má sjá afgerandi afstöðu til eignarréttar í eldri útgáfu af leiðbeinandi skjalinu "Principles for Delegation and Administration" sem GAC², sem er nefnd innan ICANN, birti 23. febrúar 2000. Í gr. 4.2 segir:

"No private intellectual or other property rights should inhere in the ccTLD itself, nor accrue to the delegee as the result of delegation or to any entity as a result of the management, administration or marketing of the ccTLD."

Með öðrum orðum var beinlínis sagt að þeir sem fari með umsjón landsléna fari ekki með eignarréttindi, og má sjá ummerki um þessa afstöðu í nálgun ráðuneytisins. Í uppfærðri útgáfu þessa skjals frá 5. apríl 2005, er um nokkuð aðra nálgun að ræða, eins og nánar verður komið að hér að neðan, og er afar áriðandi að frumvarpshöfundar geri sér grein fyrir henni. Í skjalinu er vísað til fyrri yfirlýsingar og aðgerðaráætlunar, WSIS, frá því í desember 2003, þar sem fram komi að stjórnvöldum sé boðið að stjórna eða hafa umsjón með landslénum, eins og við geti átt. Í skjalinu segir að slík þátttaka ætti að byggjast á viðeigandi löggjöf og stefnumörkun þess lands sem um ræðir. Með öðrum orðum má sjá af þessu þá viðurkenningu að leysa þurfi úr málefnum tengdum lénum á grundvelli þeirrar löggjafar sem gildir í hverju landi.

Í 3. gr. skjalsins er að finna ýmsar skilgreiningar sem varpa ljósi á lagalega umgjörð landsléna eins og litið er á hana af ICANN, eða í það minnsta af GAC. Þannig segir í gr. 3.3. að "Delegation", sem hér er þýtt sem úthlutun, merki "the procedures that need to

skuli vera stjórnandi landsléns. Unnt er að rökstyðja þá nálgun með tilvísun í ICP-1. Þá má leiða ílkum að því að ýmis ríki telji að forræði þeirra á landslénum, eða a.m.k. tveggja stafa auðkennunum sem slíkum, sé algert, eins og virðist gilda um afstöðu ráðuneytisins. Þessi sjónarmið njóta m.a. styrks í því að stjórnendur hinna ýmsu nafnaþjóna fyrir landslén gætu komið sér saman um að sækja tilvísunarupplýsingar eitthvað annað en í efsta lag kerfisins eins og það er í dag, og sem Verisign Inc. starfrækir fyrir bandaríska viðskiptaráðuneytið. Það yrði hins vegar annað kerfi. Frumvarpið sem hér er til skoðunar varðar hins vegar núverandi kerfi, þar sem ICANN hefur það tæknilega forræði sem hér er lýst.

² Governmental Advisory Committee.

be taken by ICANN/IANA for the inclusion of a ccTLD in the DNS root upon receipt of an authoritative request."

Í gr. 3.4 segir að "Re-delegation" merki "the change of the person or body responsible for the administration of a ccTLD Registry effected by ICANN/IANA upon receipt of an authoritative request."

Í gr. 3.5 segir að "Authoritative request" merki "the request of the delegation or re-delegation concerning a ccTLD Registry addressed to ICANN/IANA by the appropriate body, according to national law, showing that the request is correctly made, authoritative and is in line with applicable law or, in the absence of such law, RFC 1591".

Í gr. 3.6 er "ccTLD Registry" skilgreint sem "entity...responsible for the managing and administering a ccTLD."

Í gr. 3.7 segir að "Designation" merki "decision by the relevant government or public authority or any other body foreseen by national law of the country concerned on the person or body that will be the manager of the relevant ccTLD Registry according to national law."

Í 4. gr. meginreglnanna er sérstaklega kveðið á um hlutverk stjórnvalda:

"4.1 Principles

4.1.1. Ultimate public policy authority over the relevant ccTLD rests with the relevant government or public authority; how this authority is exercised is determined by applicable law.

4.1.2. Every country or distinct economy with a government or public authority recognised in accordance with article 3.8 above should be able to ask for its appropriate country code to be represented as a ccTLD in the DNS and to designate the Registry for the ccTLD concerned.

4.2 Guidelines

4.2.1. The relevant government or public authority is strongly encouraged to ensure that the ccTLD is being administered in the public interest, within the framework of its national public policy and relevant laws and regulations.

4.2.2. The relevant government or public authority should be able to ensure that domain name registration in the ccTLD by Registrars benefits from effective and fair conditions of competition, at appropriate levels and scale of activity.

4.2.3. To give effect to their public policy interests, governments or public authorities may wish to base any communication with ccTLD Registries on the terms outlined in Clause 9.

4.2.4. In making a designation or acceptance for a ccTLD Registry, the government or public authority should take into consideration the importance of long-term stability in the administration and management of the ccTLD and in the DNS. In most cases, such stability may be best served through the designation of an organisation or an enterprise rather than a specific individual."

Af ofangreindu má sjá að það er viðurkennt að stjórnvöld í hverju landi fari með forræði á stefnumörkun vegna landsléns sem vísar til þess ríkis, sem og til að tilnefna hver skuli hafa umsjón með landsléni. En, jafnframt, að beita verði valdi í samræmi við þá löggjöf sem gildir í viðkomandi ríki. Þannig er á það minnt að landslög hér, þ.m.t. stjórnarskrá

og Mannréttindasáttmáli Evrópu, sbr. lög um Mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994, séu sá grundvöllur sem stjórnvöld verði að fara eftir í þessu sem öðru, óháð því sem segir í skjölum ICANN.

Í 5. gr. skjalsins er fjallað um hlutverk "ccTLD Registry":

"5.1 Principles

5.1.1. The ccTLD Registry is a trustee for the delegated ccTLD, and has a duty to serve the local Internet community as well as the global Internet community. Some governments or public authorities may require their agreement before any subcontracting or sub-licensing of the delegation. Where this agreement is given, the government or public authority should notify ICANN.

5.1.2. In performing their functions ccTLD Registries are subject to applicable law.

5.1.3. Any claim of intellectual property right in the two-letter code in itself shall not impede a change of Registry.

5.2 Guidelines

5.2.1. Any intellectual property rights that the ccTLD Registry may have acquired as the result of delegation or which any entity may have acquired as a result of the management, administration or marketing of the ccTLD shall be taken into account and dealt with in accordance with applicable law in the case of a re-delegation. Such rights should not be exercised in a way that unnecessarily impedes re-delegation of a ccTLD Registry decided according to national law or under the circumstances described under clause 7 below.

..."

Í ofangreindu felst að þeir sem hafa umsjón með landslénnum eru vörsluaðilar þess, og jafnframt felst í þessu viðurkenning þess að þeir sem umsjón hafa með landslénnum geta eignast hugverkarétt. Eðli málsins samkvæmt fer það þó eftir hugverkaréttarlöggjöf í hverju landi fyrir sig.

Í 7. gr. er fjallað um úthlutun og endurúthlutun:

"7.1. Principle

Delegation and re-delegation is a national issue and should be resolved nationally and in accordance with national laws, taking into account the views of all local stakeholders and the rights of the existing ccTLD Registry. Once a final formal decision has been reached, ICANN should act promptly to initiate the process of delegation or re-delegation in line with authoritative instructions showing the basis for the decision.

..."

Í ofangreindu felst enn frekar að afturköllun úthlutunar þurfi að fara að landslögum og að taka verði tillit til réttar þess sem þá þegar fer með umsjón landslénsins.

Í 9. gr. er svo að finna leiðbeiningar um samskipti stjórnvalda og "ccTLD Registry" og í grein 9.1 er sérstaklega vísað til samskipta stjórnvalda og nýskípaðra skráningarstofa. Meðal þess sem mælt er með að kveðið sé á um er staðfesting þess að skráningarstofu sé falin almannapjónusta og að krafa um hugverkarétt í tveggja stafa merkinu sjálfu eigi ekki að hindra mögulegar breytingar á skráningarstofu.

Í skjalinu ICP-1 kemur fram að við úthlutun landsléna séu óskir stjórnvalda viðkomandi lands teknar mjög alvarlega. Rétt eins og í skjalinu RFC 1591, kemur fram að álitamál um réttindi og eignarhaldi á lénum sé óviðeigandi. Það sé hins vegar viðeigandi að velta upp álitaefni tengdum skyldum og þjónustu við samfélagið. Í skjalinu segir einnig að IANA áskilji sér réttinn til að afturkalla og úthluta aftur landslénum ef um brot er að ræða gegn þeim reglum sem fram komi í skjalinu eða í RFC 1591, eða síendurtekin vandamál í stjórnun landslénsins.

Draga má ofangreint saman þannig að litið sé svo á að stjórnvöld í hverju ríki fyrir sig hafi mikið um það að segja hverjir hafi umsjón með landslénum, og að ICANN muni fara að óskum stjórnvalda í þeim efnum. Í sjálfu sér stemmir það vel við samskipti SRI-NIC og SURIS í upphafi, sem óþarfi er að rekja hér. Mikil áhersla er lögð á skyldur þeirra sem hafa umsjón með landslénum til að vinna í almannapágu, og að stjórnvöld hafi almennt lagasetningarvaid og forræði á hagsmunum ríkisins eða almennings innan sinna landamæra, þ.m.t. hvað varðar landslén. Hins vegar verði að fara að landslögum og gæta að réttindum þess sem þá þegar fer með umsjónina ef um það er að ræða.

Í framhaldi af ofangreindu er rétt að fjalla nánar um réttarstöðuna skv. landslögum, og hver þessi réttindi eru sem gæta þarf að, sbr. ofangreind niðurstaða um hvað skjöl GAC segi.

Um eignarrétt er fjallað í 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrár:

Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.

Við túlkun ákvæðisins má hafa hliðsjón af túlkun á 1. gr. 1. viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 38/1994:

Öllum mönnum og lögaðilum ber réttur til að njóta eigna sinna í friði. Skal engan svipta eign sinni, nema hagur almennings þjóði og gætt sé ákvæða í lögum og almennra meginreglna þjóðaréttar.

Eigi skulu þó ákvæði undanfarandi málsgreinar á nokkurn hátt rýra réttindi ríkis til þess að fullnægja þeim lögum sem það telur nauðsynleg til þess að geta haft hönd í bagga um notkun eigna í samræmi við hag almennings eða til þess að tryggja greiðslu skatta eða annarra opinberra gjalda eða viðurlaga.

Hugtakið eignarréttur hefur verið skilgreint á þann veg að um sé að ræða „einkarétt ákveðins aðila, eigandans, til þess að ráða yfir tilteknu verðmæti, innan þeirra marka, sem þessum rétti eru sett í lögum og af takmörkuðum (óbeinum) eignarréttindum annarra manna, sem stofnað hefur verið til yfir verðmætinu.“³ Eignarréttur getur náð yfir bæði hlutbundin og óhlutbundin réttindi í íslenskum rétti.

³ Þorgeir Örlygsson. *Kaflar úr eignarrétti I*. Bls. 5.

Hugtakið „eign“, sem er andlag eignarréttarins, hefur verið skilgreint mjög vítt í íslenskum rétti. Þannig hefur því verið haldið fram að:

„eignir séu hverskonar sérstakir, ákveðnir ytri munir, sem hagsmunir, fjárhagslegir eða andlegir, eru við tengdir, og sem eðlilegt er, af einhverjum þeim ástæðum, sem lögin viðurkenna, að tilheyri ákveðnum aðila þannig, að honum sé heimilt að ráða yfir þeim sem eiganda. Er orðið „munur“ haft hér í mjög víðtækri merkingu, sbr. orðið „fjármunir“, sem tekur yfir öll fjárhagsleg verðmæti, jafnt líkamleg sem ólíkamleg.“⁴

Þá er hefðbundið í íslenskum réttindi að telja til eignar í skilningi stjórnarskrár tiltekna eignarmuni, en líka veðrétt, afnotarétt, kröfuréttindi, einkaréttindi, höfundarétt og yfirleitt öll verðmæt réttindi manna.⁵

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur og í túlkun sinni á 1. gr. 1. viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu skilgreint hugtakið „eign“ afar rúmt. Þannig hafa ýmis réttindi tengd atvinnurekstri verið talin falla undir hugtakið eign, t.d. vínveitingaleyfi og skipulagsleyfi, sem og réttindi samkvæmt leigusamningum.⁶ Þá má jafnframt nefna að dómafrákvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu sýnir að þegar dómstóllinn metur hvort um eign sé að ræða í skilningi 1. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu lítur hann til allra atvika eða kringumstæðna máls. Meðal atvika sem veita mikilvæga vísbendingu um að svo sé eru upplýsingar um þau lögskipti sem hafa átt sér stað með eign og athafnir eða athafnaleysi þess ríkis sem í hlut á.⁷ Og eitt af því sem dómstóllinn lítur til er hvort atvik málsins séu þess eðlis að þau hafi skapað lögmæta væntingu hjá kæranda um að umdeild verðmæti eða hagsmunir væru eign hans.⁸

Í tilviki umbjóðanda míns er lítt umdeilanlegt að félagið fari með verðmæt réttindi. Einnig er lítt umdeilanlegt að athafnir og athafnaleysi íslenska ríkisins, ekki síst einkavæðing umbjóðanda míns, styrki að lítið verði svo á að um eign sé að ræða í skilningi stjórnarskrár og Mannréttindasáttmála Evrópu. Með öðrum orðum hefur sú athöfn íslenska ríkisins að selja hluti sína í umbjóðanda mínum skapað lögmæta væntingu um að réttindin til að fara með umsjón landslénsins .IS séu eign umbjóðanda míns.

Hér má einnig nálgast álitafnið út frá þeim reglum sem um beinan og óbeinan eignarrétt gilda. Í beinum eignarrétti hefur verið talið felast að maður hafi raunveruleg yfirráð yfir eign. Í því felst annars vegar heimild eiganda til þess að hagnýta viðkomandi eign í samræmi við samnings- og lögbundnar takmarkanir og réttur hans til að koma í veg fyrir að aðrir nýti sér réttindin og hins vegar réttur eigandans til að ráðstafa eign sinni með löggerning eða veita öðrum heimild til þess.⁹

⁴ Ólafur Lárusson, *Eignarréttur I*. Bls. 11.

⁵ Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur Mannréttindi*. Bls. 448.

⁶ Guðrún Gauksdóttir, *Mannréttindasáttmáli Evrópu*. Bls. 477.

⁷ Guðrún Gauksdóttir, *Guðrúnarbók*. Bls. 266.

⁸ Guðrún Gauksdóttir, *Eru aflaheimildir „eign“ í skilningi 72. gr. stjkskr.? Álitserð 27. október 2005*. Bls. 16.

⁹ Þorgeir Örlygsson, *Kaflar úr eignarrétti I*. Bls. 22.

Eins og ljóst má vera af samskiptum SURIS og SRI-NIC, þeim skjölum ICANN sem reifuð eru hér að ofan, samrýmist sú umsjón sem umbjóðandi minn hefur með .IS landsléninu ekki vel þessari skilgreiningu á beinum eignarrétti. Umbjóðandi minn hefur ekki raunveruleg yferráð yfir .IS þar sem ICANN og bandaríska viðskiptaráðuneytið fara með raunverulegu yferráðin, sem birtist m.a. í því að ICANN bæði getur og má afturkalla umsjón umbjóðanda míns með landsléninu. Umbjóðandi minn hefur ekki heimild til að ráðstafa .IS með löggerningi heldur er tilfærsla háð ákvörðun ICANN og bandaríska viðskiptaráðuneytisins.

Óbeinn eignarréttur vísar til þess að um takmörkuð eða óbein eignarréttindi sé að ræða og því þurfa a.m.k. tveir aðilar að vera eigendur eignarinnar í skilningi eignarréttar til að um slíkt geti verið að ræða. Ýmsar tegundir óbeins eignarréttar hafa verið skilgreindar en hvað varðar landslénið .IS kemur einkum afnotaréttur til skoðunar. Með afnotarétti er vísað til heimilda aðila til hagnýtingar og umráða eignar sem er undirorpin eignarrétti annars aðila. Algengt dæmi er húsaleigusamningur sem tryggir leigjanda íbúðarhúsnæðis afnot af húsinu í ákveðinn tíma gegn ákveðinni greiðslu.¹⁰

Af ofangreindri skilgreiningu má ráða að til að komast að niðurstöðu um hvort um óbein eignarréttindi umbjóðanda míns sé að ræða, verði fyrst að svara til um það hvort um sé að ræða eign sem sé undirorpin beinum eignarrétti ICANN, eða annars aðila, sem sagt eins og því álitæfni yrði svarað á grundvelli íslenskra laga.

Eins og fram kemur hér að ofan hefur ICANN réttinn til að afturkalla og endurúthluta umsjón með landsléninu .IS. Hins vegar virðist enn gilda að endanlegt ákvörðunarvald um tilfærslu umsjónar, eða hvaða tölva fái að vera nafnþjónn fyrir viðkomandi landslén, liggi hjá bandaríska viðskiptaráðuneytinu sem kann að draga úr því að litlið verði svo á að um beinan eignarrétt sé að ræða hjá ICANN einu. Bandaríska viðskiptaráðuneytið hefur yferráð yfir þeim vélum sem segja má að séu efstar í kerfinu, þar sem hin eiginlega tæknilega yfirfærsla nafnþjóna þarf að fara fram, í þeim skilningi að nafnþjónn fyrir ISnet hér gegnir því hlutverki vegna þess að hann er skráður sem slíkur í rötarpjóni sem vistaður er fyrir bandaríska viðskiptaráðuneytið. Þannig fer bandaríska viðskiptaráðuneytið ekki bara með endanlegt ákvörðunarvald um ráðstöfun landslénsins, heldur ræður það líka yfir þeim búnaði sem máli skiptir um þessa ráðstöfun. Þá virðist ekkert mæla því í mót að um fjárhagslegt verðmæti sé að ræða, óháð því hvort stjórnvöld kjósa að halda verðmætunum hjá sér og heimta ekki gjald fyrir afnot þeirra, enda mætti tæknilega selja bæði ráðstöfunarréttinn og búnaðinn í hendurnar á öðrum.

Hér virðist því lítt umdeilanlegt að fram sé komin eign eins og hún er skilgreind að ofan, það er að segja sérstakur, ákveðinn ytri munur (fjárhagslegt verðmæti) sem tilheyrir ákveðnum aðila þannig, að honum sé heimilt að ráða yfir honum sem eiganda. Hvort heldur sem litlið yrði á að bandaríska viðskiptaráðuneytið hefði eitt ráðstöfunarrétt sem eigandi, eða ICANN að einhverju leyti líka, er vandséð að unnt sé að útiloka að landsléninu

¹⁰ Þorgeir Örlygsson. *Kaflar úr eignarrétti I*. Bls. 23.

.IS sé í undirorpið beinum eignarrétti, ef horft er til skilgreiningar beins eignarréttar í íslenskum rétti.¹¹

Í samræmi við ofangreint verður að teija að lítt umdeilanlegt sé að yfirráðaréttur ICANN og/eða bandarískra stjórnvalda hafi einkenni beinna eignarréttinda eins og hann er skilgreindur að íslenskum rétti.¹² Hvað óbein eignarréttindi umbjóðanda míns varðar, hér afnotarétt, standa jafnframt lítt umdeilanlegt rök til þess að umbjóðandi minn hafi heimild til hagnýtingar og umráða eignarinnar. Hagnýting felst m.a. í því að skrá lén undir landsléninu og umráðin í því að hýsa nafnþjóninn fyrir landsléninu.

Rétt er að geta þess að m.a. í Danmörku hafa verið reifuð sjónarmið um aðra lagalega stöðu landsléna, og virðist nokkuð horft til þess í frumvarpinu. Í undirbúningsgögnum fyrir dönsku löggin um landslén,¹³ eru þannig reifuð sjónarmið um að landslén séu sambærileg opinberum auðlindum, á borð við auðlindir í jörðu. Sambærilega nálgun má sjá í eldri álitserð Andra Árnasonar hrl. fyrir ráðuneytið, og í ráðagerð þeirri sem birtist í athugasemdum við frumvarpið. Í álitserð Andra er getið um Hæstaréttardóm sem finna má í dómasafni Hæstaréttar 1981, bls. 1584, og sem nefndur hefur verið Landmannaafréttardómur. Dómurinn hafnaði þeirri skoðun að ríkið ætti eignarréttarlegt tilkall til lands sem ekki væri undirorpið eignarrétti annarra. Hæstiréttur vísaði til þess að ríkið hefði viðurkennt að íbúar í nágrenni landsins ættu takmörkuð eignarráð yfir landinu. Alþingi hefði ekki sett lög um efnið, en slík lagasetning væri eðlileg leið til þess að fá ákvörðun handhafa ríkisvalds um málefnið.

Um þessi sjónarmið vill umbjóðandi minn fyrst og fremst láta þess getið að til að um opinbera auðlind sé að ræða þarf að líta til þess hver fari með eiginlegan ráðstöfunarétt fyrir landsléninu. Þar sem bandaríska viðskiptaráðuneytið og/eða ICANN hafa það vald yfir landsléninu sem þegar hefur verið lýst, verður að draga í efa að þessi nálgun samrýmist þeim skilningi á opinberum auðlindum að enginn geti talið þær sér til einkaréttarlegrar eignar. Vafalítið má og rekja þau viðhorf sem dönsku löggin byggja á á þeirri staðreynd að .dk hefur aldrei verið úthlutað til einkaaðila, og því engin þörf á að nálgast álitafnið að teknu tilliti til réttinda danskra einkaaðila. Umbjóðandi minn tekur fram að hann heldur því ekki fram að framangreint breyti heimild íslenska ríkisins til að

¹¹ Þetta er í andstöðu við eldri álitserð Andra Árnasonar hrl. til ráðuneytisins, sbr. bls. 11-12, sem umbjóðandi minn vísar til í bréfi hans frá 1. mars s.l. Hinsvegar er rétt að taka fram að í álitserð Andra er í raun ekki annað sagt en að ekki verði talið að ICANN fari með eignarrétt að landsléninu í hefðbundinni merkingu þess orðs, án þess að nokkuð nánar sé farið út í hvað sé hefðbundin merking orðsins eignarréttur.

¹² Hér má þó minna á það sjónarmið sem birtist í skjólum ICANN um að ríkt tillit verði tekið til óska stjórnvalda í hverju landi fyrir sig. Velta má því fyrir sér hvort ICANN og bandarísk stjórnvald geti ákveðið umsjón .is án heimildar íslenskra stjórnvalda, þar sem is tilgreiningin verði talin svo nátengd hagsmunum íslenska ríkisins. Svarið við því er að ekki er unnt að setja innlenda löggjöf sem bannar ákvörðun umsjónar án heimildar íslenskra stjórnvalda, enda hafa íslensk lög og reglur ekki áhrif utan yfirráðasvæðis íslenska ríkisins. Jafnvel þó unnt væri að mæla fyrir um í löggjöf að íslenskir aðilar mættu ekki hafa umsjón með landsléninu myndi það að minnsta kosti ekki hamla því að ICANN ráðstafaði .is landsléninu til annarra utan Íslands. ICANN hefur oftan en einu sinni ákveðið umsjón með landsléninu þannig að erlendir aðili fari með hana.

¹³ *Betænkning om administration af domænenavne i Danmark*. Betænkning nr. 1450, bls. 250-251. Gögnin eru aðgengileg á <http://www.itst.dk/nummerforhold-og-domaener/domeneomraedet/filarkiv/filer-domeneudbud/Betænkning%20nr%201450.pdf>.

setja reglur um meðferð landslénisins, sem meðal annars tækju til starfsemi umbjóðanda míns, t.d. þannig að unnt sé að ná fram þeim megintilgangi sem lýst er í frumvarpinu, að tryggja öryggi.

Til viðbótar við ofangreint er rétt að áréttu þá athugasemd sem umbjóðandi minn hefur áður komið á framfæri, að gagnagrunnar hans eru hans eigin eign, og njóta lögverndar sem slíkar. Má leiða að því líkum að tilvísun GAC til hugverkaréttar þeirra sem fari með umsjón landsléna vísi m.a. til þessa.

Þá er rétt að áréttu að einkavæðing umbjóðanda míns og sú umsjón sem umbjóðanda mínum hefur verið fengið með landsléninu nýtur verndar samkvæmt 1. gr. 1. viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu á grundvelli lögmætrar væntingar, og þar með líklega einnig samkvæmt 72. gr. stjórnarskrár. Nánar tiltekið er lögmæt vænting hluti þess sem Mannréttindadómstóllinn lítur til þegar hann metur hvort eitthvað sem einhver telur eign sína njóti verndar skv. eignarréttarákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu. Guðrún Gauksdóttir segir t.d. í greininni „*Friðhelgi eignarréttar*“ í bókinni Mannréttindasáttmáli Evrópu, á bls. 478, „[e]itt af því sem [Mannréttinda]dómstóllinn lítur til er hvort atvik málsins séu þess eðlis að þau hafi skapað lögmæta væntingu hjá kæranda um að umdeild verðmæti eða hagsmunir væru eign hans...Telji Mannréttindadómstóllinn að um lögmætar væntingar hafi verið að ræða hjá kæranda leiðir það til þess að um eign er að ræða sem nýtur verndar sáttmálans.“

Það sem hér skiptir máli er sá óbeini eignarréttur sem rökstutt hefur verið hér að ofan að sé á hendi umbjóðanda míns og vernd hans vegna lögmætra væntinga kaupanda, eða jafnvel félagsins sjálfs.

Guðrún skýrir hugtakið lögmæta væntingu með því að nefna tvo dóma Mannréttindadómstólsins. Í öðru málinu¹⁴ hafði aðili fengið skipulagsleyfi í Írlandi og þar sem það var óafturkallanlegt taldist það eign hans. Í hinu málinu¹⁵ hafði maður í Bretlandi gert leigusamning um leigu á jörð til 22ja ára en einnig var kveðið á um möguleika á endurnýjun samningsins til tiltekins tíma eftir að hann rynni út. Kærandi reisti nokkrar byggingar fyrir eigin kostnað á landinu. Mannréttindadómstóllinn taldi að líta yrði svo á að kærandi ætti a.m.k. lögmæta væntingu til þess að nýta sér möguleika sinn til að endurnýja samninginn og að væntingin væri í skilningi eignarréttarákvæðisins tengd eignarrétti þeim sem kærandi öðlaðist á grundvelli samningsins.

Svo segir Guðrún á bls. 479: „Í þessum málum taldi dómstóllinn að kærendur hefðu getað treyst því að þær réttarathafnir (e. legal act) sem lágu til grundvallar fjárhagsskuldbindingum þeirra gætu ekki verið ógiltar með afturvirkum hætti þannig að það ylli þeim tjóni. Í þessari tegund mála hafði hin lögmæta vænting verið byggð á réttmætu trausti á réttarathöfn, sem hvíldi á traustum lagagrundvelli og sem varðaði eignarrétt.“

¹⁴ Case of Pine Valley Developments Ltd. and Others v. Ireland, application no. 12742/87.

¹⁵ Case of Stretch v. The United Kingdom, application no. 44277/98.

Hvað síðarnefndan dóminn varðar er athyglisvert að kærandi tilkynnti um að hann vildi endurnýja leigusamninginn, en fékk þá neitun á þeim grundvelli að það hefði verið *ultra virus*, s.s. án heimildar og þannig brot á lögumættisreglu, að veita honum réttinn til endurnýjunar. Mannréttindadómstólinn leit til þess að þó ensk lög viðurkenndu að rétturinn væri ógildur þar sem ekki hefði verið heimild til að veita hann, yrði engu að síður að horfa til þess að gengið hefði verið til samninga á þeim grundvelli að möguleiki væri á endurnýjun. Hvorugum aðila hefði verið ljóst að lagalegar hindranir væru því í vegi að samið yrði á þennan veg. Kærandi hefði síðan byggt á landinu, greitt gjöld og gert framleigusamninga. Hann hefði augljóslega vænst þess að endurnýja samninginn og halda áfram að njóta leigugreiðslna á grundvelli framleigusamninganna. Gengið hefði verið til samningaviðræðna um endurnýjunina, hann hefði undirritað samninga á þeim grundvelli, og gert síðan samninga við sína leigjendur. Það hefði verið mjög seint sem sveitarfélagið hefði hreyft við andmælum. Í þessum aðstæðum hefði kærandi a.m.k. átt lögumæta væntingu til þess að nýta rétt sinn og líta mætti svo á að þessar lögumætu væntingar væru tengdar þeim eignarrétti sem honum var fenginn með leigusamningnum við sveitarfélagið.

Hvað varðar það álitaefni hvort brotið hefði verið gegn eignarréttindum („[w]hether there was an interference with possessions“) þá benti breska ríkið á að þar sem sveitarfélaginu hefði ekki verið skylt að endurnýja samninginn, hefði höfnun þess ekki falið í sér brot. Rétturinn leit hins vegar svo á að með tilliti til skilmála samningsins hefði verið brotið gegn lögumætum væntingum sem risu á grundvelli hans og því hefði hann verið sviptur hluta af gagnjaldinu („consideration“) sem hann hafði reitt af hendi þegar hann gekk til samningsins. Hvort sem um var að ræða eignarsviptingu eða íhlutun í réttinn til að njóta eigna sinna í friði, þyrfti því að réttlæta höfnunina á grundvelli 1. gr. 1. viðauka við Mannréttindasáttmálann. Eitt af því sem dómstólinn benti á í því sambandi var að gæta yrði að jafnvægi milli þess sem hagur almennings bjóði og grundvallarréttinda einstaklinganna. Þannig yrði að gæta meðalhófs í beitingu lögumættisreglunnar.

Nokkur líkindi eru með ofangreindu máli og þeirri aðstöðu sem kann að leiða af frumvarpinu óbreyttu. Þannig gekk kaupandi að meirihluta hlutafjár í félaginu til samninga við ríkið um kaup á því, og af því risu lögumættar væntingar um að hann gæti notið eignarréttinda sinna í félaginu, og svo óbeint eigna félagsins, rétt eins og leigjandinn í málinu átti lögumættar væntingar til þess að geta framleigt landið og haft af því leigugreiðsiur. Gagnvart félaginu má með sama skapi telja að það hafi vegna athafna og athafnaleysis íslenska ríkisins haft lögumættar væntingar til að njóta eignarréttinda sinna, enda verður að telja umsjón félagsins með landsléninu .IS óbein eignarréttindi þess, líkt og gildir um leigusamninga.

Í samræmi við allt ofangreint verður að telja að réttur íslenska ríkisins til að svipta umbjóðanda minn umsjón með landsléninu .IS sé háður því að fullt verð komi fyrir, og jafnvel þó svo yrði er gerður fyrirvari um að skilyrði 72. gr. stjórnarskrár séu uppfyllt. Þessi niðurstaða breytir þó engu um mögulegar heimildir íslenska ríkisins til að setja reglur um meðferð landslénsins, sem meðal annars tækju til starfsemi umbjóðanda míns, og hefur hann ítrekað lýst yfir stuðningi við lagasetningu. Í því sambandi skorar

umbjóðandi minn á ráðuneytið að taka tilhlýðilegt tillit til eignarréttinda hans í samræmi við það sem hér hefur verið rakið, og aðlaga frumvarpið að þessum réttindum.

Áréttu verður að lokum að fullur vilji er til staðar hjá umbjóðanda mínum til að styðja áfram lagasetningu á þessu sviði, eins og áður, og vill hann eindregið eiga frekari samvinnu við ráðuneytið í þeim efnum.

Virðingarfyllst
LOGOS lögmansþjónusta

Hjördís Halldórsdóttir
Hjördís Halldórsdóttir, LL.M., hdl.

Athugasemdir ISNIC við umsögn Póst- og fjarskiptastofnunar (hér eftir PFS) um frumvarp til laga um landslénið .is (725. mál.)

Við lestur umsagnar PFS um lagafrumvarpið ber að hafa hugfast, að hún er skrifuð af aðila sem hefur beinna hagsmuna að gæta og skrifaði frumvarpið að stórum hluta sjálfur, en stofnunin lánaði í því auginni ráðuneytinu starfsmann, sem vann að gerð frumvarpsins um eins árs skeið. Þykir ISNIC vafasamt hve drjúgan þátt stjórnvald, sem er beinn hagsmunaaðili í þessu tilfalli, tekur í lagasetningunni. Þessu er hér með komið á framfæri við Samgöngunefnd.

PFS fagnar því í lok 1. kafla athugasemda sinna hve vel staðið hafi verið að undirbúningi frumvarpsins, þar sem þess hafi verið freistað að ná sem breiðastri sátt um efni þess. Undir þetta getur ISNIC ekki tekið, enda í fáum eða engum mikilvægum atriðum tekið tillit til hagsmuna og athugasemda ISNIC, sem annars aðalhagsmunaaðilans, öfugt við PFS.

ISNIC áréttar að ákvæðin um að PFS gefi út tímabundið starfsleyfi fyrir ISNIC, 4,9% sérstakan skatt á lén (kallaður rekstrargjald í frumvarpinu) og takmörkun á skráningum erlendra aðila (sbr. ákvæðið um tengsl við Ísland) eru alfarið komin frá PFS og/eða ráðuneytinu, en ekki frá starfshópi um lénamál, sem haft var samráð við á fyrstu stigum frumvarpsgerðarinnar. Þá leið heilt ár frá síðasta vinnufundi starfshópsins þar til frumvarpið leit dagsins ljós, mikið breytt. Þetta þykir ISNIC hvorki bera vott um samvinnu ólíkra hagsmunaaðila né heldur tilraun til að ná breiðri sátt um frumvarpið.

Um rök PFS fyrir fimm ára starfsleyfi og um hagfræðihugtakið „náttúrulega einokun“.

Réttilega kemur fram í umsögn PFS að líta má á höfuðlénið .is sem náttúrulega einokun (e. natural monopoly) eins og það er kallað í hagfræði. Hugtakið náttúruleg einokun þýðir að **ekki er hægt að koma við venjulegri samkeppni**, þ.e.a.s. að aðstæður séu þannig (frá „náttúrunnar“ hendi) að einungis einn aðili getur boðið þjónustuna. Af þessu leiðir að ef samkeppni yrði engu að síður komið á við þannig aðstæður myndi hún leiða til verri niðurstöðu fyrir neytendur en í tilviki einokunar, að því gefnu að leitað sé sem mestrar hagkvæmni. Þetta er grundvallaratriði í samkeppnishagfræði.

Á þessa staðreynd, að tæknilega ómögulegt sé að koma við samkeppni um frumskráningu og rekstur höfuðléna, hefur ISNIC margsinnis bent stjórnvöldum. Þessi einfalda staðreynd gildir ekki aðeins um .is og ISNIC, heldur á hún við um allar skráningarstofur (e. registry) allra landalénanna 186 sem skráð eru hjá IANA (Internet Assigned Numbers Authority), sem ISNIC er aðili að.

PFS virðist telja að unnt sé að koma við „eðlilegri“ samkeppni um rekstur höfuðlénsins og segir í umsögn sinni (2. mgr. bls. 2): „Metur [PFS] það svo að úthlutun til 5 ára í senn veiti rekstraraðila viðeigandi aðhald, varðandi skilvirkni og gæði þjónustunnar, án þess að raskað sé **eðlilegum samkeppnisskilyrðum** um aðgang að auðlindinni.“ Hér er á ferðinni hagfræðilegur misskilningur og röksemdafærsla sem gengur ekki upp. Ómögulegt er að koma við venjulegri samkeppni við aðstæður náttúrulegrar einokunar. Hins vegar veit ISNIC mætavel að höfuðlénið .is á í harðri samkeppni við önnur höfuðlén, sérstaklega hvað varðar þjónustu, verð, öryggi og síðast en ekki síst trúverðugleika. Öll þessi atriði, þ.e. þjónustan, verðið, öryggið og trúverðugleikinn verða sett í uppnám, verði um tímabundið rekstrarleyfi að ræða, eins og ISNIC hefur rökstutt áður. Í tilviki náttúrulegrar einokunar er aftur á móti eðlilegt að viðhafa verðlags- og gæðaeftirlit, eins og lagt er til í frumvarpinu, m.a. að ráði ISNIC.

ISNIC

Vinsamlegast athugið að algerlega er óþekkt í rekstri skráningarstofa (e. registry) að stjórnvöld hlutist til um (hvað þá að sett sé í lög) að rekstur skráningarstofu landaléns sé tímabundinn, og hvað þá að hann sé boðinn út reglulega. Ákvæðið má ekki standa óbreytt því það myndi á fáum árum grafa undan öryggi og trúverðugleika .is-lénsins. Mikið nær er fyrir ríkið eða PFS að yfirtaka ISNIC í heilu lagi og ná þannig fullum yfirráðum yfir léninu og nauðsynlegri starfsemi þess. Aðeins þannig er tæknilega séð hægt að skipta um „rekstraraðila“ án þess að trufla starfsemina.

Varðandi fullyrðingu PFS um að stofnkostnaður við rekstur tíðna sé mun meiri en í tilvikum starfsemi ISNIC, bendir ISNIC Samgöngunefnd góðfúslega á að ekki er minnst einu orði á hugbúnaðarkerfi ISNIC og viðskiptavildina sem ISNIC hefur áunnið sér í áranna rás, sem eðli málsins samkvæmt er margfalt meira virði en tækjabúnaðurinn. ISNIC stendur einfaldlega frammi fyrir því, ólkt símafyrirtækjunum í tilvikum tíðnisviða, sem eru mörg, að þurfa að gera ráð fyrir því að leggja starfsemina niður verði um tímabundið starfsleyfi til fimm ára að ræða. ISNIC gæti með engu móti rekið sig búandi við þvilika áhættu. Þetta hljóta allir sanngjarnir menn að sjá.

Um það sem PFS kallar *mikilvæga forsendu fyrir skráningu léns* annars vegar og mikilvægi þess að ráðherra staðfesti reglur ISNIC hins vegar.

ISNIC vill vekja athygli Samgöngunefndar á því að ISNIC sjálft kom fram með hugmyndina um að reglur ISNIC skuli háðar samþykki ráðherra. Bent er á að reglur ISNIC hafa þróast með innlendu internetsamfélagi í 25 ár og taka í einu og öllu mið af sambærilegum reglum skráningarstofa í öðrum vestrænum löndum. ISNIC telur enga þörf á, og raunar skaðvænlegt, að setja inn hið mjög svo íþyngjandi ákvæði um „tengsl við Ísland“, sem aukinheldur er ómögulegt að sannreyna rafrænt. Ákvæðið myndi bæði setja rafræna skráningu erlendra aðila í uppnám og færa lénaskráninguna um mörg ár aftur í tímann yfir á eyðublaðaform. ISNIC bendir á að hér er um gjaldeyrissskapandi starfsemi að ræða, sem hefur, ásamt öðru, gert ISNIC kleift að halda verði léna óbreyttu í krónutölu undanfarin 11 ár. Ákvæðið gengur því gegn markmiði frumvarpsins um hagkvæmni í lénaskráningum með því að draga úr tekjum ISNIC. Þá myndi það valda erlendum réttihöfum léna auknum kostnaði við lénaskráningar og myndi á ný markað fyrir það sem á ensku er nefnt “Domain Hijacking” (taka lén í gíslingu) en það var og er þekkt vandamál víða um lönd, t.d. í Danmörku.

Um áætlaðan kostnað PFS við eftirlit með ISNIC.

ISNIC hefur árangurslaust beðið PFS um upplýsingar um kostnaðarútreikninga vegna eftirlitshlutverksins skv. frumvarpinu. ISNIC bendir á að um er að ræða tæknilega starfsemi sem er í mjög föstum skorðum, sem eingöngu 5 starfsmenn hafa með höndum. Það er því mjög auðvelt að hafa eftirlit með starfsemi ISNIC. Aukinheldur fer hún öll fram á netinu! ISNIC áréttar í þessu sambandi tilboð sitt um að gerður verði eftirlitssamningur milli PFS og ISNIC í stað þess að leggja á enn einn nýjan skatt, sem án efa yrði mjög óvinsælt í augum netsamfélagsins og myndi strax skaða sterka ímynd höfuðlénsins .is.

Um lokaorð umsagnar PFS

Fram kemur í lokaorðum umsagnar PFS að það sé mat stofnunarinnar, „að inntak frumvarpsins feli í reynd í sér málamiðlun mismunandi leiða til að ná fram því markmiði að fella skráningu á lénum undir forræði íslenska ríkisins.“ Í þessum orðum

ISNIC


felst viðurkenning á því að skráning .is léna sé nú á forræði ISNIC en ekki íslenska ríkisins. Eins og fram kemur í umsögn ISNIC og LOGOS, felast í þessu forræði eignarréttindi (s.s. atvinnu- og hugverkaréttindi) varin af stjórnarskrá, sem ríkið getur ekki tekið yfir með almennri lagasetningu.

PFS telur þá aðferð, sem beita á skv. frumvarpinu til að ná því markmiði að hafa forræði skráningar .is léna af ISNIC, til marks um meðalhóf. Þessu mótmælir ISNIC, og telur þá aðferð að stefna allri starfsemi fyrirtækisins í óvissu að liðnum fimm ára starfsleyfistíma þvert á móti í hrópandi ósamræmi við meðalhóf.

Einnig vill ISNIC í þessu sambandi benda á að í þeim löndum sem hafa sett lög um landalén sín, að Danmörku undanskilinni, er látið liggja milli hluta hver fer með forræði höfuðléna, enda má leiða að því sterkar líkur að ICANN, eða nánar tiltekið Viðskiptaráðuneyti Bandaríkjaríkjanna, fari í reynd með yfirráðaréttinn yfir þessum hluta Internetsins, þ.e.a.s. höfuðlénunum (e. Top Level Domains (TLD)).

Reykjavík, 25. maí 2011.

Með vjnsemd og vnrðingu,



Jens Petur Jensen, þjóðhagfr.
frámkvæmdastjóri,
Internets á Íslandi hf. (ISNIC).

Alþingi
Erindi nr. P 139/2115
komudagur 27.4.2011

-----Original Message-----

From: Jens Petur Jensen [mailto:jens@isnic.is]

Sent: 27. apríl 2011 10:55

To: Benedikt S. Benediktsson

Subject: Fwd: FS: Samgöngunefnd - Tvö mál til umsagnar - tilnefning umsagnaraðila.

Sæll Benedikt.

725. mál

Hér hefur þú listann yfir hluthafa Internets á Íslandi hf. Alþingi er þar á meðal og á 222,119 hluti eða 1,146% hlutafjár í ISNIC og er eins og ég sagði þér í símtalinu einn af stofnhluthöfum félagsins. Við, starfsmenn ISNIC, erum auðvitað mjög stolt af því.

Einnig sendi ég þér hér Greinargerð LOGOS um réttarstöðu ISNIC. Hana vann aðallega Hjördís Halldórsdóttir hdl. en hún er með framhaldsgráðu (LLM) í fjarskiptarétti frá Svíþjóð. Þá lét ég fylgi eldri álitsgerð frá samg.ráðun. og jafngamlar athugasemdir ISNIC um hana. Greinargerðin er samin á síðari hluta ársins 2009 og lokið í febrúar 2010. Hún tók mið af frumvarpsdrögum eins og þau voru þá, en í grunninn fjallar hún fyrst og fremst um réttarstöðu ISNIC. LOGOS fékk þau fyrirmæli frá mér að hafa greinargerðina eins vandaða og kostur væri og fjalla á hlutlægan hátt um viðfangsefnið þannig að hún mætti einnig nýtast ráðuneytinu. Uppfyllti ég þar með loforð mitt til ráðuneytisins um að ISNIC skyldi kosta gerð slíkrar greinargerðar sem nýtast mætti báðum aðilum. Ber hún þess og greinileg merki.

Síðar mun ég senda nefndinni "kynningarrit" um ISNIC sem skýrir starfsemina á bak við grunnþjónustuna (DNS nafnþjónustuna) við höfuðlénið .is

Virðingarfyllst,

Jens Pétur Jensen,
framkvæmdastjóri ISNIC.
Internet á Íslandi hf.
Höfðatúni 2
105, Reykjavík.

Um tilurð ISNIC og internetsins á Íslandi má annars lesa á þessari slóð:
<https://www.isnic.is/is/about/isnic>

Reykjavík, 4. febrúar 2010

Internet á Íslandi hf.
b.t. Jens Péturs Jensen, framkvæmdastjóra
Dunhaga 7
107 Reykjavík

Efni: Réttarstaða Internets á Íslandi hvað varðar landslénið .is

Internet á Íslandi hf. (ISNIC) hefur leitað til LOGOS lögmannsþjónustu og óskað eftir aðstoð við gerð athugasemda við drög að frumvarpi til laga um „*landslénið punktur is og önnur rótarlén sem hafa sérstaka skírskotun til Íslands*“ sem samgönguráðuneytið hefur unnið og óskað eftir athugasemdum ISNIC við. Í drögum nr. 2 af frumvarpinu er kveðið á um í 1. gr. þess að „*[í]slenska ríkið [fari] með umráða- og ráðstöfunarrétt yfir landsléninu punktur is*“ og í 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um að „*samgönguráðherra [fari] með yfirstjórn landlénsins punktur is...Póst- og fjarskiptastofnun skal að viðhöfðu samráði við samgönguráðherra fela sérstakri skráningarstofu umsjón með lénaúthlutunum, að hluta til eða heild, að uppfylltum skilyrðum sem ráðherra setur í reglugerð*“.

Í drögum nr. 3 af frumvarpinu, sem ISNIC barst í hendurnar 3. febrúar 2009, hefur 1. gr. hins vegar verið breytt á þann veg að „*[í]slenska ríkið [fari] með ákvörðunarrétt yfir landsléninu punktur is*“. Í 3. gr. segir nú að „*[s]amgönguráðherra fer með yfirstjórn landlénsins .is...Póst- og fjarskiptastofnun veitir starfsleyfi til skráningarstofu íslenskra höfuðléna og hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara*.“

Þá hefur ISNIC einnig óskað eftir því að LOGOS geri lögfræðilega greinargerð um „*þýðingu draganna, sérstaklega hvað eignarréttarleg atriði varðar fyrir félagið*“. Við lítum svo á að í framangreindu felist sú spurning hvort ISNIC njóti verndar á grundvelli eignarréttar gegn því að vera svipt umsjón með landsléninu .is, að því gefnu að það leiði af lögnum. Hér að neðan kemur fram umbeðin greinargerð, en drög okkar að athugasemdum ISNIC til samgönguráðuneytisins eru meðfylgjandi bréfi þessu.

Rétt er að taka fram að meginþorri rannsóknar þeirrar sem liggur að baki greinargerð þessari var gerður áður en drög nr. 3 af frumvarpinu voru afhent ISNIC, og ofangreindar breytingar gætu gefið til kynna einhverja viðhorfsbreytingu innan samgönguráðuneytisins gagnvart réttarstöðu ISNIC. Hins vegar er rétt að halda sjónarmiðum sem varðar eignarréttarleg áhrif til haga gagnvart ráðuneytinu, og þar sem ekki hafa verið ritaðar almennar athugasemdir með frumvarpinu er á þessu tímamarki óljóst hvort framangreindar breytingar hafa úrsílaáhrif um eignarréttarleg atriði. Þannig er til að

mynda óljóst enn sem komið er hvað felst í orðinu „ákvörðunarréttur“ í 1. gr. og hvernig það verður skýrt í almennum athugasemdum þannig að máli skipti gagnvart ISNIC.

ISNIC hefur ekki afhent okkur nein gögn vegna vinnu okkar við greinargerðina, önnur en tilvitnuð frumvarpsdrög, drög 2 og 3, enda um almennt fræðilegt umfjöllunarefni að ræða. Hins vegar hafði LOGOS áður fengið afhenta lögfræðilega álitserð Andra Árnasonar hrl. fyrir samgönguráðuneytið, dags. 31. ágúst 2005, „um eignarhald og/eða yfirráðarétt yfir stofnléninu .is.“ Ennfremur hafði LOGOS áður fengið afhenta samantekt Mariusar Ólafssonar „Skráning .IS í rótarlén ARPAnet“, dags. 15. júlí 2005. Jafnframt höfum við aflað okkur útboðslýsingar fyrir útboð Ríkiskaupa nr. 12069 „Internet á Íslandi hf. Sala á hlut ríkissjóðs og fleiri aðila“, frá því í mars 1999.

I Málsatvik

Tilurð reksturs ISNIC á landsléninu .is

Saga skráningar léna undir landsléninu .is er rakin á heimasíðu ISNIC, www.isnic.is. Að auki eru upplýsingar þar að lútandi að finna í samantekt Mariusar Ólafssonar, sem og í skýrslu einkavæðingarnefndar fyrir árin 1999-2003.¹ Að því marki sem við á eru upplýsingar hér að neðan teknar úr greinargerð Mariusar, en að um þau atriði sem ekki er fjallað um í hans greinargerð eru upplýsingarnar teknar úr skýrslu einkavæðingarnefndar 1999-2003 og síðast af heimasíðu ISNIC.

Forsaga skráningar landslénsins .is er sú að þann 15. október 1987 sendu félagasamtökin SURIS² umsókn til SRI-NIC³ um skráningu .is lénsins fyrir Ísland, með vísun til skjalsins RFC920, gr. um „Top Level Domain Requirements“, málslið um „Countries“. Í fylgibréfi með umsókninni kemur fram að SURIS séu samtök nokkurra rannsóknar- og menntastofnanna. Tilgreint er að allir aðilar sem að samtökunum komi hafi samþykkt að „SURIS is the appropriate organisation to handle the registration of IS and the responsibility of maintaining domain information.“ Í umsókninni sjálfri er Háskóli Íslands hins vegar tilgreindur sem væntanlegur stjórnandi.

Þann 10. nóvember 1987 svaraði SRI-NIC umsókn SURIS, svohljóðandi:

“Before we can register the .IS domain, we will need a bit more information. We need to know what your government affiliation is and whether the government is aware of you requesting this domain. Also, we prefer to have the PPT of a country register a domain. Do you have any connections with them?..”

¹ Skýrsluna má nálgast hér: <http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Einkavaeding/einkavaeding99-03pdf.pdf>
Eldri skýrslu má nálgast hér: <http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Einkavaeding/einkavaeding99.pdf>

² Samtök um upplýsinganet rannsóknaraðila á Íslandi.

³ Stanford Research Institute - Network Information Center.

Þann 13. nóvember 1987 svaraði SURIS ofangreindu og áréttaði að SURIS væru samtök opinberra stofnanna. Um tengsl við stjórnsýsluna var vísað til þess að formaður SURIS hefði, þegar umsóknin var send, verið "executive director of The University Computing Centre." Hann væri nú hjá fjármálaráðuneytinu. Vísað var til þess að SURIS væri fulltrúi stjórnvalda í öðrum verkefnum. Hvað varðar tengsl við Póst- og símamálastofnun, þá var því til svarað að haft hefði verið samband við stofnunina en þau svör fengist að stofnunin hefði ekki í hyggju að annast skráninguna og vildi að SURIS myndi sjá um það.

Þann 25. nóvember 1987 kom svo svar við umsókninni, sem tilgreindi að .IS lénið fyrir Ísland hefði verið samþykkt og skráð. Í upphafi var það skráð á forræði Háskóla Íslands, en í nóvember 1990 var það skráð á forræði SURIS, "c/o University of Iceland." Í framhaldinu hefur ICANN⁴ óbeint staðfest rétt Internets á Íslandi hf. til skráningar léna undir landsléninu .is, sbr. bréfaskipti aðilanna frá því í apríl 2008.⁵ Í dag má sjá tilgreiningu ISNIC sem „Sponsoring Organisation“ hjá IANA.

Þegar ISNIC var svo stofnað um rekstur SURIS árið 1995, eða öllu heldur um reksturinn á íslenska hluta Internetsins, var nafnaþjónusta .IS síða skráð á ISNIC í gagnagrunni ICANN.⁶ Að baki stofnun ISNIC voru félagsmenn SURIS og ICEUUG⁷ auk fleiri. Á heimasíðu ISNIC segir nánar tiltekið að ISNIC hafi verið fyrsti Internetþjónustuaðili landsins. Upphaflega hafi allir innlendir netnotendur tengst í gegnum ISNIC. Þeirra á meðal hafi verið Háskóli Íslands og aðrar menntastofnanir, ýmsir rannsóknaraðilar, ráðuneytin, nokkur stór einkafyrirtæki, ríkisbankarnir og Alþingi Íslendinga, sem enn sé hluthafi í ISNIC. Margir af þessum frumherjum í hópi Internetnotenda hafi gerst stofnaðilar að ISNIC og fengið afhentan hlut í félaginu til samræmis við viðskiptin sem þeir höfðu átt við fyrirrennara þess, SURIS.

Árin 2001-2003 seldu Háskóli Íslands, ríkissjóður og ýmsir minni eigendur um 93% hlutafjár ISNIC til Íslandssíma hf., sem síðar varð Vodafone. Í framhaldinu var ISP-þjónustan skilin frá ISNIC og eftir stóð minna fyrirtæki sem sinnti rekstrinum á landsléninu .is og miðlæga Internettengipunktinum RIX.

Í mars 2007 seldi Teymi hf. Modernus ehf. hlut sinn í ISNIC og 1. janúar 2008 sameinuðust Modernus ehf. og ISNIC undir merkjum þess síðarnefnda. Starfsemi ISNIC skiptist nú í þrjú meginsvið: (1) Reksturinn á rótarnafnaþjólinum fyrir .IS og rétthafaskrár .is léna. (2) Starfrækslu á RIX og (3) hugbúnaðar- og gagnþjónustu Modernus.

⁴ Internet Corporation for Assigned Names and Numbers.

⁵ Sjá <http://www.icann.org/en/cctlds/is/is-icann-letters-26apr08.pdf>.

⁶ Internet Corporation for Assigned Names and Numbers. ICANN var stofnað 1998 til að taka við Internet tengdum verkefnum sem Internet Assigned Numbers Authority, IANA, og fleiri, höfðu áður sinnt beint fyrir Bandaríkjastjórn.

⁷ Icelandic Unix Users Group.

Almenn atriði um Internetið og landslén

Til frekari skilnings á þeim hluta greinargerðarinnar sem varðar réttarstöðu ISNIC er rétt að rekja hér nokkur almenn atriði um Internetið og landslén. Eftirfarandi upplýsingar um lénaskráningar eru að mestu sóttar til frumvarps til sænskra laga um málefnið, *Proposition 2004/05:175 Från IT-politik för samhället till politik för IT-samhället*⁸, sbr. svo *Lag (2006:24) om nationella toppdomäner för Sverige på Internet*⁹, sem og til heimasíðu ICANN.

Enginn einn aðili er ábyrgur fyrir Internetinu og til að það virki þarf samvinnu margra aðila, sem hver um sig ber ábyrgð á tilteknum verkefnum. Eins og leiðir af sögu Internetsins, sem óþarfi er að rekja hér, hafa Bandaríkin haft mikið um rekstur Internetsins að segja. „Heimilisfangakerfi“ Internetsins, sem lénaheitakerfið byggir svo á, var þróað m.a. af Bandaríkjamanninum Jon Postel, en hann starfaði hjá *Information Science Institute*, Suður-Kaliforníuháskóla.¹⁰ Jon Postel samræmdi lista yfir topplén, IP tölur og aðrar tæknilegar kennistærðir sem Internetið útheimtir. Þessi listar urðu síðan aðgengilegir í gegnum vinnuveitanda hans, sem vann verkefni fyrir DARPA, stofnun sem heyrði undir bandaríska varnarmálaráðuneytið. Framkvæmdastjórnin á þessum listum fékk svo heitið *Internet Assigned Numbers Authority* (IANA). IANA samhæfði sem sagt topplén og úthlutaði IP tölum.

Jon Postel sá einnig um að útdeila verkefnum sem leiddu af uppbyggingu kerfisins í upphafi, svo sem umsjón með landslénnum. Hann hafði samband við þá sem höfðu tæknilega getu innan háskólasamfélagsins í tilteknu landi sem fengu nánar tiltekið það verkefni að stýra landsléninu fyrir viðkomandi land. Jon Postel skráði grundvallaratriði um úthlutun umsjónar með landslénnum í skjal sem nefnt er RFC 1591, árið 1994. Það skjal hefur verið uppfært af ICANN í skjalinu Internet Coordinated Policy-1 (ICP-1).

Árið 1997 ákvað Bandaríkjastjórn að lénaheitakerfið skyldi verða einkavætt. Og árið 1998 yfirfærði bandaríska viðskiptaráðuneytið ábyrgðina á því að úthluta IP tölum og lénnum til ICANN. Tilgangurinn var þannig að ICANN tæki við þeim verkefnum sem IANA hafði sinnt, m.ö.o. að IANA starfsemin fýttist undir ICANN. ICANN er einkaaðili sem hefur þó ekki hagnað að markmiði með starfsemi sinni. Rammi starfseminnar er (eða var a.m.k. til september 2006) samkomulag sem samtökin gerðu við bandaríska viðskiptaráðuneytið. Reyndar átti ekki að endurnýja það samkomulag eftir september 2006, en í þeim skilningi að yfirlýst var að ICANN myndi líka eftir það sjá um verkefnið. Á gildistíma samkomulagsins gildi eða gildir jafnvel enn að breytingar á nafnaþjónum fyrir landslén þurfa samþykki bandaríska viðskiptaráðuneytisins. Þann 1. október 2009 gekk svo í gildi annað samkomulag milli ICANN og bandaríska viðskiptaráðuneytisins sem lýsir grundvelli starfsemi ICANN og samstarfs aðilanna.

⁸ Skjalið má nálgast hér: http://www.riksdagen.se/Webbnav/index.aspx?nid=37&clok_id=GS03175

⁹ Skjalið má nálgast hér: <http://www.riksdagen.se/webbnav/index.aspx?nid=3911&bet=2006:24>

¹⁰ Það má geta þess að það er undantekningarlaust í þeim fræðiritum sem við þekkjum til að þessi verk eru tengd Jon Postel persónulega en ekki vinnuveitanda hans eða öðrum.

Rétt er að geta þess hér að þegar stjórnanda toppléns er breytt, gerist það fyrir tilkynningu til ICANN. ICANN kannar tilkynninguna og ber hana undir bandaríska viðskiptaráðuneytið, sbr. ofangreint um samþykki ráðuneytisins fyrir breytingum á nafnaþjónum. Ef nýr stjórnandi er ekki stjórnvald í viðkomandi landi er engu að síður haft samráð við þau, og athugað er hvort þau styðji breytinguna. Þegar bandaríska viðskiptaráðuneytið hefur samþykkt tilkynninguna er hún áframsend til Verisign Inc. sem sér um tæknilegu breytinguna í efsta lagi kerfisins fyrir ráðuneytið. Í þessu felst að völd stjórnvalda í hverju ríki til að ákveða hver skuli vera stjórnandi landsléns, í því kerfi sem hér er til skoðunar, eru takmörkuð, í þeim skilningi að það er ekki á þeirra tæknilega færi að ákveða það og breyta, heldur er það á forræði ICANN og bandaríska viðskiptaráðuneytisins.¹¹

Nánar um skjöl ICANN sem varða úthlutun umsjónar með landslénum

Áður nefnt skjal RFC 1591 felur í sér almenn tilmæli sem stjórnendum landsléna er uppálagt að fara eftir þar með talið lýsingu á því hvaða þjónustu eigi að inna af hendi af þeirra hálfu. Í inngangi tilmælianna kemur fram að sá sem fær úthlutað til sín því verkefni að stýra landsléni inni af hendi almannaðjónustu fyrir landið sem um ræðir og fyrir Internetsamfélagið í heiminum. Sérstaklega er tekið á spurningum um eignarhald og annað sambærilegt, sem geta vaknað upp vegna úthlutuninni á verkefninu. Segir að slíkar spurningar eigi ekki við (sému "inappropriate"), það sem eigi við ("is appropriate") séu þær spurningar sem varði ábyrgð þá sem úthlutunin feli í sér og sú þjónustuskuldbinding gagnvart samfélaginu sem leiði af henni. Óvarlegt væri að draga einhverjar sérstakar ályktanir af þessum um eignarréttarleg atriði, sérstaklega þar sem ráða má af orðalagi að átt sé við hvernig þeir sem umsjón hafa með landslénum ættu að hugsa um það verkefni, fremur en að verið sé að útløka að eignarréttur geti verið fyrir hendi.

Hins vegar má sjá afgerandi afstöðu til eignarréttar í eldri útgáfu af leiðbeinandi skjalinu "Principles for Delegation and Administration" sem GAC¹², nefnd innan ICANN, birti 23. febrúar 2000. Í gr. 4.2 segir:

"No private intellectual or other property rights should inhere in the ccTLD itself, nor accrue to the delegatee as the result of delegation or to any entity as a result of the management, administration or marketing of the ccTLD."

¹¹ Hér verður þó að taka fram að stjórnendur landsléna víðsvegar um heiminn kunna að hafa aðra afstöðu en hér kemur fram, það er að segja að það sé í raun ekki á forræði annarra en þeirra sjálfra að breyta því hver skuli vera stjórnandi landsléns. Unnt er að rökstyðja þá nálgun með tilvísun í ICP-1. Þá má leiða líkum að því að ýmis ríki telji að forræði þeirra á landslénum, eða a.m.k. tveggja stafa auðkenninum sem slíkum, sé algert. Þessi sjónarmið njóta m.a. styrks í því að stjórnendur hinna ýmsu nafnaþjóna fyrir landslén gætu komið sér saman um að sækja tilvísunarupplýsingar elttvað annað en í efsta lag kerfisins eins og það er í dag, og sem Verisign Inc. starfrækir fyrir bandaríska viðskiptaráðuneytið. Það yrði hins vegar annað kerfi. Þessi greinargerð varðar einungis núverandi kerfi, þar sem ICANN hefur það tæknilega forræði sem hér er lýst, hversu takmarkað sem það forræði er síðan í raun, vegna möguleika stjórnenda landsléna og/eða stjórnvalda annarra ríkja til að hindra framgang ákvarðana ICANN.

¹² Governmental Advisory Committee.

Með öðrum orðum er beinlínis sagt að þeir sem fari með umsjón landsléna fari ekki með eignarréttindi. Í uppfærðri útgáfu þessa skjals frá 5. apríl 2005, er um nokkuð aðra nálgun að ræða, eins nánar verður komið að hér að neðan. Í skjalinu er vísað til fyrri yfirlýsingar og aðgerðaráætiunar, WSIS, frá því í desember 2003, þar sem fram komi að stjórnvöldum sé boðið að stjórna eða hafa umsjón með landslénum, eins og við geti átt. Í skjalinu segir að slík þátttaka ætti að byggjast á viðeigandi löggjöf og stefnumörkun þess lands sem um ræðir. Með öðrum orðum má sjá af þessu þá viðurkenningu að leysa þurfi úr málefnum tengdum lénum á grundvelli þeirrar löggjafar sem gildir í hverju landi.

Í 3. gr. skjalsins er að finna ýmsar skilgreiningar sem varpa ljósi á lagalega umgjörð landsléna eins og lítið er á hana af ICANN, eða í það minnsta af GAC. Þannig segir í gr. 3.3. að "Delegation", sem hér er þýtt sem úthlutun, merki "the procedures that need to be taken by ICANN/IANA for the inclusion of a ccTLD in the DNS root upon receipt of an authoritative request."

Í gr. 3.4 segir að "Re-delegation" merki "the change of the person or body responsible for the administration of a ccTLD Registry effected by ICANN/IANA upon receipt of an authoritative request."

Í gr. 3.5 segir að "Authoritative request" merki "the request of the delegation or re-delegation concerning a ccTLD Registry addressed to ICANN/IANA by the appropriate body, according to national law, showing that the request is correctly made, authoritative and is in line with applicable law or, in the absence of such law, RFC 1591".

Í gr. 3.6 er "ccTLD Registry" skilgreint sem "entity...responsible for the managing and administering a ccTLD."

Í gr. 3.7 segir að "Designation" merki "decision by the relevant government or public authority or any other body foreseen by national law of the country concerned on the person or body that will be the manager of the relevant ccTLD Registry according to national law."

Í 4. gr. meginreglnanna er sérstaklega kveðið á um hlutverk stjórnvalda:

4.1 Principles

4.1.1. Ultimate public policy authority over the relevant ccTLD rests with the relevant government or public authority; how this authority is exercised is determined by applicable law.

4.1.2. Every country or distinct economy with a government or public authority recognised in accordance with article 3.8 above should be able to ask for its appropriate country code to be represented as a ccTLD in the DNS and to designate the Registry for the ccTLD concerned.

4.2 Guidelines

4.2.1. The relevant government or public authority is strongly encouraged to ensure that the ccTLD is being administered in the public interest, within the framework of its national public policy and relevant laws and regulations.

4.2.2. The relevant government or public authority should be able to ensure that domain name registration in the ccTLD by Registrars benefits from effective and fair conditions of competition, at appropriate levels and scale of activity.

4.2.3. To give effect to their public policy interests, governments or public authorities may wish to base any communication with ccTLD Registries on the terms outlined in Clause 9.

4.2.4. In making a designation or acceptance for a ccTLD Registry, the government or public authority should take into consideration the importance of long-term stability in the administration and management of the ccTLD and in the DNS. In most cases, such stability may be best served through the designation of an organisation or an enterprise rather than a specific individual."

Af ofangreindu má sjá að það er viðurkennt að stjórnvöld í hverju landi fari með forræði á stefnumörkun vegna landsléns sem vísar til þess ríkis, sem og til að tilnefna hver skuli hafa umsjón með landsléni. En, jafnframt, að belta verði valdi í samræmi við þá löggjöf sem gildir í viðkomandi ríki. Þannig er á það minnt að landslög hér, þ.m.t. stjórnarskrá og Mannréttindasáttmáli Evrópu, sbr. lög um Mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994, séu sá grundvöllur sem stjórnvöld verði að fara eftir í þessu sem öðru, óháð því sem segir í skjölum ICANN.

Í 5. gr. skjalsins er fjallað um hlutverk "ccTLD Registry":

5.1 Principles

5.1.1. The ccTLD Registry is a trustee for the delegated ccTLD, and has a duty to serve the local Internet community as well as the global Internet community. Some governments or public authorities may require their agreement before any subcontracting or sub-licensing of the delegation. Where this agreement is given, the government or public authority should notify ICANN.

5.1.2. In performing their functions ccTLD Registries are subject to applicable law.

5.1.3. Any claim of intellectual property right in the two-letter code in itself shall not impede a change of Registry.

5.2 Guidelines

5.2.1. Any intellectual property rights that the ccTLD Registry may have acquired as the result of delegation or which any entity may have acquired as a result of the management, administration or marketing of the ccTLD shall be taken into account and dealt with in accordance with applicable law in the case of a re-delegation. Such rights should not be exercised in a way that unnecessarily impedes re-delegation of a ccTLD Registry decided according to national law or under the circumstances described under clause 7 below.

...

Í ofangreindu felst að þeir sem hafa umsjón með landslénum eru vörsluaðilar þess, og jafnframt felst í þessu viðurkenning þess að þeir sem umsjón hafa með landslénum geta eignast hugverkarétt. Eðli málsins samkvæmt fer það þó eftir hugverkaréttarlöggjöf í hverju landi fyrir sig.

Í 7. gr. er fjallað um úthlutun og endurúthlutun:

7.1. Principle

Delegation and re-delegation is a national issue and should be resolved nationally and in accordance with national laws, taking into account the views of all local stakeholders and the rights of the existing ccTLD Registry. Once a final formal decision has been reached, ICANN

should act promptly to initiate the process of delegation or re-delegation in line with authoritative instructions showing the basis for the decision.

Í ofangreindu felst enn frekar að afturköllun úthlutunar þurfi að fara að landslögum og að taka verði tillit til réttar þess sem þá þegar fer með umsjón landslénisins.

Í 9. gr. er svo að finna leiðbeiningar um samskipti stjórnvalda og "ccTLD Registry" og í grein 9.1 er sérstaklega vísað til samskipta stjórnvalda og nýskipaðra skráningarstofa. Meðal þess sem mælt er með að kveðið sé á um er staðfesting þess að skráningarstofan sé falin almannapjónusta og að krafa um hugverkarétt í tveggja stafa merkinu sjálfu eigi ekki að hindra mögulegar breytingar á skráningarstofu.

Í skjalinu ICP-1 kemur fram að við úthlutun landsléna séu óskir stjórnvalda viðkomandi lands tekna mjög alvarlega. Eins og í RFC 1591 kemur fram að álitamál um réttindi og eignarhaldi á lénum sé óviðeigandi. Það sé hins vegar viðeigandi að velta upp álitæfni tengdum skyldum og þjónustu við samfélagið. Í skjalinu segir einnig að IANA áskilji sér réttinn til að afturkalla og úthluta aftur landslénum ef um brot er að ræða gegn þeim reglum sem fram komi í skjalinu eða í RFC 1591, eða síendurtekin vandamál í stjórnun landslénisins.

Draga má ofangreint saman þannig að lítið sé svo á að stjórnvöld í hverju ríki fyrir sig hafi mikið um það að segja hverjir hafi umsjón með landslénum, og að ICANN muni fara að óskum stjórnvalda í þeim efnum. Í sjálfu sér stemmir það vel við samskipti SRI-NIC og SURIS í upphafi. Mikil áhersla er lögð á skyldur þeirra sem hafa umsjón með landslénum til að vinna í almannapágu, og að stjórnvöld hafi almennt lagasetningarvald og forræði á hagsmunum ríkisins eða almennings innan sinna landamæra, þ.m.t. hvað varðar landslén. Hins vegar verði að fara að landslögum og gæta að réttindum þess sem fer með umsjónina fyrir ef um það er að ræða.

Rétt er að geta þess að athugun okkar á nokkrum tilvikum afturköllunar og endurúthlutunar gefur heldur ekki tilefni til að ætla að ICANN myndi fara gegn ákvörðunum íslenskra stjórnvalda.¹³ Öðru máli kynni að gegna í ríki þar sem stjórnvöldum er lítt treyst til að virða mannréttindi borgara sína.

¹³ Sjá Y. J. Park. *The National ccTLD Disputes: Between State Actors and Non-State Actor*. 13. tbl. International Journal of Communications Law & Policy, vetur 2009. Bls. 185-206.

II Réttarstaða

Eignarréttindi

Um eignarrétt er fjallað í 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrár:

Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæll og komi fullt verð fyrir.

Við túlkun ákvæðisins má hafa hliðsjón af túlkun á 1. gr. 1. viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 38/1994:

Öllum mönnum og lögaðilum ber réttur til að njóta eigna sinna í friði. Skal engan svipta eign sinni, nema hagar almennings þjóði og gætt sé ákvæða í lögum og almennra meginreglna þjóðaréttar.

Eigi skulu þó ákvæði undanfarandi málsgreinar á nokkurn hátt rýra réttindi ríkis til þess að fullnægja þeim lögum sem það telur nauðsynleg til þess að geta haft hönd í bagga um notkun eigna í samræmi við hagar almennings eða til þess að tryggja greiðslu skatta eða annarra opinberra gjalda eða viðurlaga.

Hugtakið eignarréttur hefur verið skilgreint á þann veg að um sé að ræða „einkarétt ákveðins aðila, eigandans, til þess að ráða yfir tilteknu verðmæti, innan þeirra marka, sem þessum rétti eru sett í lögum og af takmörkuðum (óbeinum) eignarréttindum annarra manna, sem stofnað hefur verið til yfir verðmætinu.“¹⁴ Eignarréttur getur náð yfir bæði hlutbundin og óhlutbundin réttindi í íslenskum rétti.

Hugtakið „eign“, sem er andlag eignarréttarins, hefur verið skilgreint mjög vítt í íslenskum rétti. Þannig hefur því verið haldið fram að:

„eignir séu hverskonar sérstakir, ákveðnar ytri munir, sem hagsmunir, fjárhagslegir eða andlegir, eru við tengdir, og sem eðlilegt er, af einhverjum þeim ástæðum, sem lögin viðurkenna, að tilheyri ákveðnum aðila þannig, að honum sé heimilt að ráða yfir þeim sem eiganda. Er orðið „munur“ haft hér í mjög víðtækri merkingu, sbr. orðið „fjármunir“, sem tekur yfir öll fjárhagsleg verðmæti, jafn líkamleg sem ólíkamleg.“¹⁵

Þá er hefðbundið í íslenskum réttindi að telja til eignar í skilningi stjórnarskrár tiltekna eignarmuni, en líka veðrétt, afnotarétt, kröfurettindi, einkaréttindi, höfundarétt og yfirleitt öll verðmæt réttindi manna.¹⁶

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur og í túlkun sinni á 1. gr. 1. viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu skilgreint hugtakið „eign“ afar rúmt. Þannig hafa ýmis réttindi tengd atvinnurekstri verið talin falla undir hugtakið eign, t.d. vínveitingaleyfi og

¹⁴ Þorgelr Örylgsson. *Kaflar úr eignarrétti I*. Bls. 5.

¹⁵ Ólafur Lárusson. *Eignarréttur I*. Bls. 11.

¹⁶ Björg Thorarensen. *Stjórnskipunarréttur Mannréttindi*. Bls. 448.

skipulagsleyfi, sem og réttindi samkvæmt leigusamningum.¹⁷ Þá má jafnframt nefna að dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu sýnir að þegar dómstóllinn metur hvort um eign sé að ræða í skilningi 1. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu lítur hann til allra atvika eða kringumstæðna máls. Meðal atvika sem veita mikiivæga vísbendingu um að svo sé eru upplýsingar um þau lögskipti sem hafa átt sér stað með eign og athafnir eða athafnaleysi þess ríkis sem í hlut á.¹⁸ Og eitt af því sem dómstóllinn lítur til er hvort atvik málsins séu þess eðlis að þau hafi skapað lögmæta væntingu hjá kæranda um að umdeild verðmæti eða hagsmunir væru eign hans.¹⁹

Í tilviki ISNIC virðist vel unnt að rökstyðja út frá ofangreindu að félagið fari með verðmæt réttindi, en þó þannig að réttindin eru háð ákvörðunarvaldi ICANN sem getur í raun hvenær sem er afturkallað þau. Einnig virðist auðvelt að rökstyðja út frá ofangreindu að athafnir og athafnaleysi íslenska ríkisins, ekki síst einkavæðing ISNIC, styrki að lítið verði svo á að um eign sé að ræða í skilningi stjórnarskrár og Mannréttindasáttmála Evrópu. Með öðrum orðum hafi sú athöfn íslenska ríkisins að selja hluti sína í ISNIC hafi skapað lögmæta væntingu um að réttindin til að fara með umsjón landslénisins .is séu eign ISNIC.

Hér má einnig nálgast áltaefnið út frá nánari skoðun á tegundum eignarréttinda. Í fræðilegri umfjöllun hafa eignarréttindi verið greind í fjóra meginflokka; bein eignarréttindi, óbein eignarréttindi, kröfuréttindi og hugverka- og auðkennaréttindi. Kröfuréttindi eiga ekki við um áltaefnið sem hér er til skoðunar, en krafa hefur verið skilgreind sem lögvarin heimild manns (kröfuhafa) til að krefjast þess af öðrum aðila (skuldara), að skuldari geri eitthvað eða láti eitthvað ógert.²⁰

Í beinum eignarrétti hefur verið talið felast að maður hafi raunveruleg yfirráð yfir eign. Í því felst annars vegar heimild eiganda til þess að hagnýta viðkomandi eign í samræmi við samnings- og lögbundnar takmarkanir og réttur hans til að koma í veg fyrir að aðrir nýti sér réttindin og hins vegar réttur eigandans til að ráðstafa eign sinni með löggerningi eða veita öðrum heimild til þess.²¹

Eins og ljóst má vera af samskiptum SURIS og SRI-NIC, þeim skjölum ICANN sem reifuð eru hér að ofan, samrýmist sú umsjón sem ISNIC hefur með .is landsléninu ekki vel þessari skilgreiningu á beinum eignarrétti. ISNIC hefur ekki raunveruleg yfirráð yfir .is þar sem ICANN og bandaríska viðskiptaráðuneytið fara með raunverulegu yfirráðin, sem birtist m.a. í því að ICANN bæði getur og má afturkalla umsjón ISNIC með landsléninu. ISNIC hefur ekki heimild til að ráðstafa .is með löggerningi heldur er tilfærsla háð ákvörðun ICANN og bandaríska viðskiptaráðuneytisins.

¹⁷ Guðrún Gauksdóttir. *Mannréttindasáttmáli Evrópu*. Bls. 477.

¹⁸ Guðrún Gauksdóttir. *Guðrúnarbók*. Bls. 266.

¹⁹ Guðrún Gauksdóttir. *Eru aflaheimildir „eign“ í skilningi 72. gr. stjkskr.? Álitserð 27. október 2005*. Bls. 16.

²⁰ Þorgeir Örylgsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson. *Kröfuréttur I - efndir kröfu*. Bls. 74.

²¹ Þorgeir Örylgsson. *Kaflar úr eignarrétti I*. Bls. 22.

Óbeinn eignarréttur vísar til þess að um takmörkuð eða óbein eignarréttindi sé að ræða og því þurfa a.m.k. tveir aðilar að vera eigendur eignarinnar í skilningi eignarréttar til að um slíkt geti verið að ræða. Ýmsar tegundir óbeins eignarréttar hafa verið skilgreindar en hvað varðar landslénið „.is“ kemur einkum afnotaréttur til skoðunar. Með afnotarétti er vísað til heimilda aðila til hagnýtingar og umráða eignar sem er undirorpin eignarrétti annars aðila. Algengt dæmi er húsaleigusamningur sem tryggir leigjanda íbúðarhúsnæðis afnot af húsinu í ákveðinn tíma gegn ákveðinni greiðslu.²²

Af ofangreindri skilgreiningu má ráða að til að komast að niðurstöðu um hvort um óbein eignarréttindi ISNIC sé að ræða, verði fyrst að svara til um það hvort um sé að ræða eign sem sem sé undirorpin beinum eignarrétti ICANN, eða annars aðila, sem sagt eins og því álitaefni yrði svarað á grundvelli íslenskra laga.

Eins og fram kemur hér að ofan hefur ICANN réttinn til að afturkalla og endurúthluta umsjón með landsléninu .is. Hins vegar virðist enn gilda að endanlegt ákvörðunarvald um tilfærslu umsjónar, eða hvaða tölva fái að vera nafnaþjónn fyrir viðkomandi landslén, liggja hjá bandaríska viðskiptaráðuneytinu sem kann að draga úr því að litið verði svo á að um beinan eignarrétt sé að ræða hjá ICANN. Bandaríska viðskiptaráðuneytið hefur yfirráð yfir þeim vélum sem segja má að séu efstar í kerfinu, þar sem hin eiginlega tæknilega yfirfærsla nafnaþjóna þarf að fara fram, í þeim skilningi að nafnaþjónn fyrir ISnet hér er það fyrir þá staðreynd að hann er skráður sem slíkur í rótarþjóni sem vistaður er fyrir bandaríska viðskiptaráðuneytið. Þannig fer bandaríska viðskiptaráðuneytið ekki bara með endanlegt ákvörðunarvald um ráðstöfun landslénsins, heldur ræður það líka yfir þeim búnaði sem máli skiptir um þessa ráðstöfun. Þá virðist ekkert mæla því í mót að um fjárhagslegt verðmæti sé að ræða, óháð því hvort stjórnvöld kjósa að halda verðmætunum hjá sér og heimta ekki gjald fyrir afnot þeirra, enda mætti tæknilega selja bæði ráðstöfunarréttinn og búnaðinn í hendurnar á öðrum.

Hér má því leiða líkur að því að fram sé komin eign eins og hún er skilgreind að ofan, það er að segja sérstakur, ákveðinn ytri munur (fjárhagslegt verðmæti) sem tilheyrir ákveðnum aðila þannig, að honum sé heimilt að ráða yfir honum sem eiganda. Hvort heldur sem litið yrði á bandaríska viðskiptaráðuneytið hefði eitt ráðstöfunarrétt sem eigandi, eða ICANN að einhverju leyti líka, er vandséð að unnt sé að útiloka að landslénið .is sé í undirorpið beinum eignarrétti, ef horft er til skilgreiningar beins eignarréttar í íslenskum rétti.²³

Í samræmi við ofangreint teljum við að rök standi til að þess að yfirráðaréttur ICANN og/eða bandarískra stjórnvalda hafi einkenni beinna eignarréttinda eins og hann er

²² Þorgeir Öriygsson. *Kaflar úr eignarrétti I*. Bls. 23.

²³ Þetta er í andstöðu við áður nefnda álitssgerð Andra Árnasonar hrl., sbr. bls. 11-12. Hinsvegar er rétt að taka fram að í álitssgerð Andra er í raun ekki annað sagt en að ekki verði talið að ICANN fari með eignarrétt að landsléni í hefðbundinni merkingu þess orðs, án þess að nánar sé farið út í hvað sé hefðbundin merking orðsins eignarréttur.

skilgreindur að íslenskum rétti.²⁴ Hvaða möguleg óbein eignarréttindi ISNIC varðar, hér afnotarétt, má rökstyðja vel að ISNIC hafi heimild til hagnýtingar og umráða eignarinnar. Hagnýting felst m.a. í því að skrá lén undir landsléninu og umráðin í því að hýsa nafnaþjóninn fyrir landslénið. Hins vegar eru þessi afnotaréttindi velk þar sem ICANN getur í sjálfu sér hvenær sem er tekið þau til baka.²⁵

Rétt er að geta þess að m.a. í Danmörku hafa verið reifuð sjónarmið um aðra lagalega stöðu landsléna. Í undirbúningsgögnum fyrir dönsku lögin um landslén,²⁶ eru þannig reifuð sjónarmið um að landslén séu sambærileg opinberum auðlindum, á borð við auðlindir í jörðu. Sambærilega nálgun má sjá í fyrrnefndri álitssgerð Andra Árnasonar hrl. Í álitssgerð hans er getið um Hæstaréttardóm sem finna má í dómasafni Hæstaréttar 1981, bls. 1584, og sem nefndur hefur verið Landmannaafréttardómur. Dómurinn hafnaði þeirri skoðun að ríkið ætti eignarréttarlegt tilkall til lands sem ekki væri undirorpið eignarrétti annarra. Hæstiréttur vísaði til þess að ríkið hefði viðurkennt að íbúar í nágrenni landsins ættu takmörkuð eignarráð yfir landinu. Alþingi hefði ekki sett lög um efnið, en slík lagasetning væri eðlileg leið til þess að fá ákvörðun handhafa ríkisvalds um málefnið. Um þessi sjónarmið viljum við fyrst og fremst láta þess getið að til að um opinbera auðlind sé að ræða þarf að líta til þess hver fari með eiginlegan ráðstöfunarétt fyrir landsléninu. Þar sem bandaríska viðskiptaráðuneytið og/eða ICANN hafa það vald yfir landsléninu sem þegar hefur verið lýst, verðum við að draga í efa að þessi nálgun samrýmist þeim skilningi á opinberum auðlindum að enginn geti talið þær sér til einkaréttarlegar eignar. Það breytir þó engu um mögulegar heimildir íslenska ríkisins til að setja reglur um meðferð landslénsins, sem meðal annars tækju til starfsemi ISNIC.

Hugverka- og auðkennaréttindi eru samheiti þeirra eignarréttinda sem varða fyrst og fremst andleg sköpunarverk eða auðkenni sem notuð er í atvinnustarfsemi.²⁷ Hér geta komið til álitá höfundaréttindi, sem og vörumerkjaréttur. Hvað vörumerkjaréttinn varðar má spyrja að því hvort .is auðkennið hafi öðlast vernd sem vörumerki. Þar sem merklíð uppfyllir tæpast skilyrði til skráningar merkisins hjá Einkaleyfastofu verður að telja það ólíklegt. Hvað höfundaréttinn varðar er til þess að líta að IS auðkennið var ekki búið til af Jon Postel, enda notaðist hann við staðal við að ákveða bókstafina fyrir landslénin.

²⁴ Hér má þó minna á það sjónarmið sem birtist í skjölum ICANN um að ríkt tillit verði tekið til óska stjórnvalda í hverju landi fyrir sig. Veita má því fyrir sér hvort ICANN og bandarísk stjórnvald geti ákveðið umsjón .is án heimildar íslenskra stjórnvalda, þar sem Is tilgreiningin verði talin svo nátengd hagsmunum íslenska ríkisins. Svareð við því er að ekki er unnt að setja innlenda löggjöf sem bannar ákvörðun umsjónar án heimildar íslenskra stjórnvalda, enda hafa íslensk lög og reglur ekki áhrif utan yfirráðasvæðis íslenska ríkisins. Jafnvel þó unnt væri að mæla fyrir um í löggjöf að íslenskir aðilar mættu ekki hafa umsjón með landsléninu myndi það að minnsta kosti ekki hamla því að ICANN ráðstafaði .is landsléninu til annarra utan Íslands. ICANN hefur oftan en einu sinni ákveðið umsjón með landsléni þannig að erlendur aðili fari með hana.

²⁵ Hvort ISNIC gæti fengið ákvörðun þar að lútandi hrundið af dómstóli, svo sem á grundvelli þess að ekki hefðu verið uppfyllt skilyrði til afturköllunar, fellur hins vegar utan marka álitssgerðar þessarar að svara, enda á forræði bandarískra dómstóla og undirorpið bandarískri löggjöf.

²⁶ *Betænkning om administration af domænenavne i Danmark*. Betænkning nr. 1450, bls. 250-251. Gögnin eru aðgengileg á http://www.ifst.dk/nummerforhold-og-domaener/domeneomraedet/fljarkiv/filer_domeneudbud/Betænkning%20nr%201450.pdf.

²⁷ Björn Þ. Guðmundsson. *Lögbókin mín*. Bls. 204.

Þegar af þeirri ástæðu er ekki um höfundarétt að ræða, hvað þá að ISNIC fari með afleidd höfundaréttindi. Öðru máli kann að gegna hafi ISNIC búið til gagnagrunn, einn eða fleiri, s.s. ef telja má að réttthafaskráin sé gagnagrunnur í eigu ISNIC. Gagnagrunnar geta notið verndar á grundvelli höfundalaga nr. 73/1972, hvort heldur sem höfundarverk, að uppfylltum skilyrðum um sjálfstæða sköpun, eða fyrir sérstaka gagnagrunnsvernd, á grundvelli 50. gr. laganna. Má leiða að því líkum að tilvisun GAC til hugverkaréttar þeirra sem fari með umsjón landsléna vísi m.a. til þessa.

Hér að ofan hefur verið leitast við að svara þeirri spurningu hvort einhver eignarréttindi geti stafað af umsjón ISNIC með landsléninu með hliðsjón af skilgreiningum eignar og svo mismunandi eignarréttinda. Var m.a. vikið að því að athafnir og athafnaleysi íslenska ríkisins, ekki síst einkavæðing ISNIC, gæti haft hér áhrif. Við teljum rétt að fjalla sérstaklega um áhrif þess að íslenska ríkið hafi selt eignarhlut sinn í ISNIC til einkaaðila, það er hvort við það hafi skapast réttmætar væntingar um starfsemi sem félagið gæti haft á hendi, þannig að félagið hafi öðlast vernd gegn íhlutun ríkisins að einhverju leyti.

Sala íslenska ríkisins á eignarhlut sínum í ISNIC

Í skýrslu einkavæðingarnefndar fyrir árin 1999-2003 er fjallað um sölu Ríkiskaupa nr. 12069 á hlutabréfum ríkissjóðs og fleiri í ISNIC. Samtals voru auglýst til sölu 21,3% heildarhlutafjár, og voru tilboð opnuð 30. mars 2003. Mun verðmat hafa falið í sér að líklegt gengi yrið 3,07 til 8,05. Hæsta tilboð, frá Íslandssíma hf., mun hins vegar hafa verið á genginu 20,5. Því tilboði var tekið og nam kaupverðið því kr. 65.866.000, fyrir kr. 3.213.000 að nafnvirði. Ekki liggur fyrir hverjar forsendur framangreinds verðmats voru, að því leyti sem hér skiptir máli. Í lýsingu sem gefin var vegna útboðs nr. 12069 er ekki sérstaklega vikið að þessum hluta starfseminnar, og því verður ekki sérstaklega byggt á henni. Almennt má þó gera ráð fyrir að bjóðendum hafi verið kunnugt um að félagið hefði þessa starfsemi á hendi, enda mun þetta hafa verið meginþáttur starfseminnar á þessum tíma, sbr. upplýsingar til okkar frá ISNIC. Ekkert liggur fyrir um hvaða upplýsingar lágu áður fyrir þegar Háskóli Íslands seldi sinn 27,6% hlut í félaginu, sem seldur var til sama kaupanda á genginu 20, og verður því að gera fyrirvara um þýðingu þeirra upplýsinga gagnvart niðurstöðu þessarar greinargerðar.

Hins vegar er til þess að líta að ef miðað er við upplýsingar í skýrslu einkavæðingarnefndar var ástæða sölunnar sú samkeppni sem var komin fram á Internet-þjónustumarkaðnum, sem var grundvöllur þeirrar afstöðu að ekki væri lengur þörf á því að ríkið stæði í slíkum rekstri. Nánar tiltekið sagði að á undanförunum árum hefðu aðstæður í fyrirtækinu breyst töluvert m.a. með tilkomu aukinnar samkeppni á markaðnum. Nú væri svo komið að fyrirtækið stæði frammi fyrir ákvörðunum í rekstrinum til að auka samkeppnishæfi þess. Helstu samkeppnisaðilar fyrirtækisins væru Landssími Íslands hf. og Íslandssími hf. Þær forsendur sem hefðu verið í upphafi fyrir aðild ríkissjóðs og ýmissa rannsóknarstofnana hefðu gjörbreyst og unnt væri að bjóða út þjónustuna sem Internet á Íslandi veitti. Af þessum texta að dæma var einungis horft á

Internet-þjónustubáttinn í starfsemi félagsins, en ekki umsýsluna með landsléninu, enda var engin ástæða til að auka samkeppnishæfni félagsins hvað þann hluta rekstursins varðaði. Hverju sem því líður, þá var félagið með þeirri starfsemi selt. Af því risu væntingar kaupanda og félagsins um að íslenska ríkið myndi ekki hlutast til um að umsjónin með landsléninu yrði færð til íslenska ríkisins, a.m.k. án þess að eitthvað sérstakt kæmi til sem gerði slíkar ráðstafanir nauðsynlegar.

Í samræmi við ofangreint má spyrja sérstaklega að því hvort sú umsjón sem ISNIC hefur verið fengið með landsléninu njóti verndar samkvæmt 1. gr. 1. viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu á grundvelli lögmætrar væntingar, og þar með líklega einnig samkvæmt 72. gr. stjórnarskrár. Nánar tiltekið er lögmæt vænting hluti þess sem Mannréttindadómstóllinn lítur til þegar hann metur hvort eitthvað sem einhver telur eign sína njóti verndar skv. eignarréttarákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu. Guðrún Gauksdóttir segir t.d. í greininni „*Friðhelgi eignarréttar*“ í bókinni Mannréttindasáttmáli Evrópu, á bls. 478, „[e]itt af því sem [Mannréttinda]dómstóllinn lítur til er hvort atvik málsins séu þess eðlis að þau hafi skapað lögmæta væntingu hjá kæranda um að umdeild verðmæti eða hagsmunir væru eign hans...Telji Mannréttindadómstóllinn að um lögmætrar væntingar hafi verið að ræða hjá kæranda leiðir það til þess að um eign er að ræða sem nýtur verndar sáttmálans.“

Það sem hér kemur því til skoðunar er hvort sá óbeini eignarréttur sem rökstutt hefur verið hér að ofan að sé á hendi ISNIC á Íslandi skuli teljast varinn sem slíkur vegna lögmætra væntinga kaupanda, eða jafnvel félagsins sjálfs.

Guðrún skýrir hugtakið lögmæta væntingu með því að nefna tvo dóma Mannréttindadómstólsins. Í öðru málinu²⁸ hafði aðili fengið skipulagsleyfi í Írlandi og þar sem það var óafturkallanlegt taldist það eign hans. Í hinu málinu²⁹ hafði maður í Bretlandi gert leigusamning um leigu á jörð til 22ja ára en einnig var kveðið á um möguleika á endurnýjun samningsins til tiltekins tíma eftir að hann rynni út. Kærandi reisti nokkrar byggingar fyrir eigin kostnað á landinu. Mannréttindadómstóllinn taldi að líta yrði svo á að kærandi ætti a.m.k. lögmæta væntingu til þess að nýta sér möguleika sinn til að endurnýja samninginn og að væntingin væri í skilningi eignarréttarákvæðisins tengd eignarrétti þeim sem kærandi öðlaðist á grundvelli samningsins.

Svo segir Guðrún á bls. 479: „Í þessum málum taldi dómstóllinn að kærendur hefðu getað treyst því að þær réttarathafnir (e. legal act) sem lágu til grundvallar fjárhagsskuldbindingum þeirra gætu ekki verið ógiitar með afturvirkum hætti þannig að það ylli þeim tjóni. Í þessari tegund mála hafði hin lögmæta vænting verið byggð á réttmætu trausti á réttarathöfn, sem hvíldi á traustum lagagrundvelli og sem varðaði eignarrétt.“

²⁸ Case of Pine Valley Developments Ltd. and Others v. Ireland, application no. 12742/87.

²⁹ Case of Stretch v. The United Kingdom, application no. 44277/98.

Hvað síðarnefndan dóminn varðar er athyglisvert að kærandi tilkynnti um að hann vildi endurnýja leigusamninginn, en fékk þá neitun á þeim grundvelli að það hefði verið *ultra virus*, s.s. án heimildar og þannig brot á lögmætisreglu, að veita honum réttinn til endurnýjunar. Mannréttindadómstólinn leit til þess að þó ensk lög viðurkenndu að rétturinn væri ógildur þar sem ekki hefði verið heimild til að veita hann, yrði engu að síður að horfa til þess að gengið hefði verið til samninga á þeim grundvelli að möguleiki væri á endurnýjun. Hvorugum aðila hefði verið ljóst að lagalegar hindranir væru því í vegi að samið yrði á þennan veg. Kærandi hefði síðan byggt á landinu, greitt gjöld og gert framleigusamninga. Hann hefði augljóslega vænst þess að endurnýja samninginn og halda áfram að njóta leigugreiðslna á grundvelli framleigusamninganna. Gengið hefði verið til samningaviðræðna um endurnýjunina, hann hefði undirritað samninga á þeim grundvelli, og gert síðan samninga við sína leigjendur. Það hefði verið mjög seint sem sveitarfélagið hefði hreyft við andmælum. Í þessum aðstæðum hefði kærandi a.m.k. átt lögmæta væntingu til þess að nýta rétt sinn og líta mætti svo á að þessar lögmætu væntingar væru tengdar þeim eignarrétti sem honum var fenginn með leigusamningnum við sveitarfélagið.

Hvað varðar það álitafni hvort brotið hefði verið gegn eignarréttindum („[w]hether there was an interference with possessions“) þá benti breska ríkið á að þar sem sveitarfélagið hefði ekki verið skylt að endurnýja samninginn, hefði höfnun þess ekki falið í sér brot. Rétturinn leit hins vegar svo á að með tilliti til skilmála samningsins hefði verið brotið gegn lögmætum væntingum sem risu á grundvelli hans og því hefði hann verið sviptur hluta af gagngjaldinu („consideration“) sem hann hafði reitt af hendi þegar hann gekk til samningsins. Hvort sem um var að ræða eignarsviptingu eða íhlutun í réttinn til að njóta eigna sinna í friði, þyrfti því réttlæta höfnunina á grundvelli 1. gr. 1. viðauka við Mannréttindasáttmálann. Eitt af því sem dómstóllinn benti á því sambandi var að gæta yrði að jafnvægi milli þess sem hagur almennings bjóði og grundvallarréttinda einstaklinganna. Þannig yrði að gæta meðalhófs í beitingu lögmætisreglunnar.

Nokkur líkindi eru með ofangreindu máli og þeirri aðstöðu sem hugsanlega kann að leiða af frumvarpinu um landslénið .is. Þannig gekk kaupandi að meirihluta hlutafjár í félaginu til samninga við ríkið um kaup á því, og af því risu lögmætar væntingar um að hann gæti notið eignarréttinda sinni í félaginu, og svo óbeint eigna félagsins, rétt eins og leigjandinn málinu átti lögmætar væntingar til þess að geta framleigt landið og haft af því leigugreiðslur. Gagnvart félaginu má með sama skapi telja að það hafi vegna athafna og athafnaeysis Íslenska ríkisins haft lögmætar væntingar til að njóta eignarréttinda sinna, að því gefnu að telja megí umsjón félagsins með landsléninu .is séu óbein eignarréttindi þess, líkt og gildir um leigusamninga.

Hér verður hins vegar aftur að gera sömu athugasemd og áður, það er að réttindi ISNIC eru velk vegna heimilda ICANN til afturköllunar, sem jafnframt getur dregið úr líkum á því að lögmætar væntingar yrðu viðurkenndar. Þá er til þess að líta að reginmunur er á fasteignum og Internetinu. Fasteignir og yfirráð yflr þeim eru velmótuð lögvísindi sem byggjast á árpúsundasögu um eignarhald, leigu, framleigu, leigutekjur o.s.frv., en Internetið er nýtt svið og hefur nánast enga slíka sögu, hvorki í lögvísindum né

viðskiptum. Síðastgreinda atriðið gæti, að mati dómstóls, dreglð úr lögmætum væntingum ISNIC og/eða eiganda ISNIC.

III Samantekt

Í skjölum ICANN kemur skýrt fram að stjórnvöld í hverju ríki fyrir sig hafi mikið um það að segja hverjir hafi umsjón með landslénnum, og að ICANN muni fara að óskum stjórnvalda í þeim efnum. Mikil áhersla er lögð á skyldur þeirra sem hafa umsjón með landslénnum til að vinna í almannapágu, og að stjórnvöld hafi almennt lagasetningarvald og forræði á hagsmunum ríkisins eða almennings innan sinna landamæra, þ.m.t. hvað varðar landslén. Hins vegar verði að fara að landslögum og gæta að réttindum þess sem fer með umsjónina fyrir ef um það er að ræða. Þannig er það viðurkennt að horfa verði til landslaga til að meta réttarstöðu þeirra sem fara með landslén í hverju landi fyrir sig.

Í íslenskum rétti er hefðbundið að telja öll verðmæt réttindi til eignar í skilningi stjórnarskrár. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur og í túlkun sinni á 1. gr. 1. viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu skilgreint hugtakið „eign“ afar rúmt. Þannig hafa ýmis réttindi tengd atvinnurekstri verið talin falla undir hugtakið eign, t.d. vínveitingaleyfi og skipulagsleyfi, sem og réttindi samkvæmt leigusamningum. Þá má jafnframt nefna að dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu sýnir að þegar dómstóllinn metur hvort um eign sé að ræða í skilningi 1. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu lítur hann til allra atvika eða kringumstæðna máls. Meðal atvika sem veita mikilvæga vísbendingu um að svo sé eru upplýsingar um þau lögskipti sem hafa átt hafa sér stað með eign og athafnir eða athafnaleyfi þess ríkis sem í hlut á. Og eitt af því sem dómstóllinn lítur til er hvort atvik málsins séu þess eðlis að þau hafi skapað lögmæta væntingu hjá kæranda um að umdeild verðmæti eða hagsmunir væru eign hans. Í tilviki ISNIC virðist vel unnt að rökstyðja út frá ofangreindu að félagið fari með verðmæt réttindi, en þó þannig að réttindin eru háð ákvörðunarvaldi ICANN sem getur í raun hvenær sem er afturkallað þau. Einnig virðist auðvelt að rökstyðja út frá ofangreindu að athafnir og athafnaleyfi íslenska ríkisins, ekki síst einkavæðing ISNIC, styrki að lítið verði svo á að um eign sé að ræða í skilningi stjórnarskrár og Mannréttindasáttmála Evrópu.

Í samræmi við allt ofangreint verður að telja töluverður líkur til þess að réttur íslenska ríkisins til að svipta ISNIC umsjón með landsléninu .is sé háður því að fullt verð komi fyrir. Þessi niðurstaða breytir þó engu um mögulegar helmlidir íslenska ríkisins til að setja reglur um meðferð landslénsins, sem meðal annars tækju til starfsemi ISNIC.

Að lokum verður að gera hér þann fyrirvara að um óþróað réttarsvið er að ræða og m.a. af þeirri ástæðu er ekki hægt að ábyrgjast að hvaða niðurstöðu dómstóll kæmist. Við vonum að ofangreint veiti hins vegar fullnægjandi upplýsingar um álitaefnið.

Vinsamlegast hafið samband við skrifstofu okkar ef einhverjar spurningar vakna við lestur ofangreinds állts, eða ef einhverra skýringa er þörf.

Virðingarfyllt
LOGOS lögmannsþjónusta

Hjördís Halldórsdóttir
Hjördís Halldórsdóttir, LL.M., hdl.



Reykjavík, 23. febrúar 2006
Verk nr.51-05-1100

Samgönguráðuneytið
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
150 Reykjavík

Efni: Athugasemdir við lögfræðiálit.

Vísað er til bréfs ráðuneytisins 27. janúar sl. varðandi lögfræðiálit um eignarhald á léninu .is. Nefnt álit fylgdi bréfinu og hefur móttakandi bréfsins, Internet á Íslandi hf., falið LOGOS lögmannsþjónustu að koma eftirfarandi athugasemdum og leiðréttingum á framfæri við ráðuneytið.

Í því sem hér fer á eftir verður notast við hugtakið höfuðlén í stað orðsins topplén, sem notað er í álitinu. Höfuðlén skiptast í almenn lén (.com, .edu, .mil) og þjóðarlén, sem nefnd eru landslén í álitserðinni.

Að állti umbjóðanda okkar virðist í téðu álitu gæta nokkurs misskilnings að því er varðar hlutverk fyrirtækisins ICANN (Internet Corporation for Assigned Names and Numbers). Fyrirtæki þetta hefur aðallega með almenn höfuðlén að gera en minna og umdeildara hlutverk varðandi þjóðarlén. Ekkert samkomulag hefur náðst um hlutverk ICANN varðandi rekstur þjóðarléna þannig að eina raunverulega aðkoma ICANN að þjóðarlénum er að annast tæknilega þjónustu við rötarpjóna. Þessi þjónusta er á ensku nefnd "IANA function" en henni er nánar lýst á eftirfarandi slóð: <http://www.iana.org/IANA-Information.htm> undir „Root Management“.

Fjallað er um svonefndar grunnreglur ICANN um úthlutun og stjórnun landsléna á bls. 5 í álitinu. Í því samhengi bendir umbjóðandi minn á að reglur þessar eru ekki frá ICANN komnar heldur ráðgefandi nefnd, GAC (Governmental Advisory Committee). Litið er á reglur þessar sem tilmæli.

Leiðrétta verður misskilning sem fram kemur á bls. 10 í álitinu, þar sem segir að „aliir þeir sem skráðir eru fyrir landsléni eru aðilar að ICANN og sækja réttindi sín þangað, þ.m.t. ISNIC, vegna .is.“ ISNIC er ekki „aðili“ að bandaríska fyrirtækinu ICANN heldur er ISNIC viðskiptavinur þessa fyrirtækis. Þá sækir ISNIC í sjálfu sér engin réttindi til ICANN. Af því leiðir jafnframt að niðurstaðan á bls. 11 á ekki við rök að styðjast.

Að lokum er af hálfu umbjóðanda okkar á það minnt að Internet á Íslandi hf. var stofnað árið 1995 og var þá í meirihlutaeigu Háskóla Íslands og ríkissjóðs. Háskólinn og síðar einkavæðingarnefnd stóðu að sölu hlutar hins opinbera í félaginu á árinu 2000. Kaupandinn, Íslandssími hf. sem nú hefur runnið saman við Dagsbrún hf., greiddi háar fjárhæðir fyrir þann hlut og var litið svo á að þar með væri opinberum afskiptum af starfsemi félagsins lokið. Með hliðsjón af þeirri staðreynd vekur undrun að samgönguráðuneytið gefi til kynna að ákvarðana um málefni umbjóðanda okkar sé að vænta. Slík skilaboð, sem nú hafa borist frá

ráðuneytinu um nokkurt skeið, eru augljóslega ekki til þess fallin að styrkja stöðir félagsins. Mál er að óvissu þessari linni. Forsvarsmenn félagsins hafa lýst því yfir við ráðuneytið að vilji þeirra standi til þess að ljúka málinu, enda hamlar núverandi staða allri framþróun og viðskiptum með hluti í félaginu. Óþarft er að taka fram að eigendur Internets á Íslandi hf. áskilja sér fullan bótarétt leiði málsmeðferð ráðuneytisins til takmörkunar á eignarréttindum þeirra eða réttindaskerðingar að öðru leyti.

Virðingarfyllst,
f.h. Gunnars Sturlusonar hrl.

Arnar Þór Jónsson hdl.

Reykjavík, 31. ágúst 2005.

Samgönguráðuneytið
Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
150 Reykjavík

LÖGFRÆÐILEG ÁLITSGERÐ

um eignarhald og/eða yferráðarétt yfir stofnléninu .is

Með bréfi, dags. 3. júní sl., fól samgönguráðuneytið undirrituðum að taka saman álitsgerð varðandi eignarhald á stofnléninu .is. Af bréfinu verður ráðið, að tildrög beiðninnar sé gagnrýni sem fram hefur komið vegna úthlutunar ISNIC, umsjónaraðila skráninga og úthlutunar nafna undir stofnléninu .is, á lénum og gagnrýni á verðlagningu fyrirtækisins sem sé í verulegu ósamræmi við verð erlendis, en fram kemur að ráðuneytið beri ábyrgð á málaflokknum og telji sér því skylt að bregðast við umræddri gagnrýni.

1. Inngangur.

1.1 Almenn um lénaþyrirkomulag á Netinu og ICANN.

Lénaþyrirkomulag á Netinu (e. *DNS - Domain Name System*) á rætur að rekja til árdaga Netsins á 9. og 10. áratug síðustu aldar. Netstaðall gerði ráð fyrir annars vegar *almennum topplénum* (e. *generic top level domains - skst. gTLD*), þ.e. .com, .net, .org,

.mil, .gov, .edu og .int, og hins vegar *landslénum* (e. *country code top level domains* - skst. *ccTLD*) sem taka mið af svokölluðum ISO staðli 3166.

Markmiðið með landslénnum var að veita ríkjum tækifæri til að opna fyrir aðgang að skráningu léna með tilvísun til heitis viðkomandi lands. Landslén eru ávallt tveggja stafa og heitið skal vísa til hins landfræðilega uppruna.¹

Einn helsti aðili sem kemur að stjórnun DNS er *ICANN* (Internet Corporation for Assigned Names and Numbers), sem starfar alfarið í skjóli bandaríska viðskiptaráðuneytisins. *ICANN* er skráð sem fyrirtæki í lögsögu Kaliforníuríkis. Hlutverk þess er að vera tæknilegur samræmingaraðili fyrir Netið, m.a. við stefnumótun í sambandi við landslén (*ccTLD*). Allir þeir sem skráðir eru fyrir landsléni eru aðilar að *ICANN* og sækja réttindi sín þangað. Aðilar greiða árleg félagsgjöld til *ICANN*, en ekki er um greiðslu leyfisgjalda að ræða. *ICANN* ber ábyrgð á stjórnun úthlutunar landsléna, endurúthlutun, breytingum á nafnþjónum og framkvæmd samninga um skráningu.

1.2 Tilhögun skráningar og úthlutun nafna undir stofnléninu .is.

Skráning og úthlutun nafna undir landsléninu .is er í höndum Internets á Íslandi hf., *ISNIC*. Upphaf skráningar- og úthlutunarstarfsemi hérlandis er að rekja til ársins 1987. *ISNIC* var upphaflega stofnað utanum rekstur Isnet sem *SURIS* (Samtök um upplýsinganet rannsóknaraðila á Íslandi) hafði rekið frá árinu 1987. Isnet netið var raunar myndað á undan *SURIS*, en frumkvöðlar frá Hafrannsóknarstofnun, Orkustofnun og Reiknistofnun Háskólans stóðu að stofnun þess árið 1986. Var starfsemi netsins nýtt í þágu umræddra stofnana, sem gátu haft samskipti sín í milli, m.a. með tölvupósti. Fyrstu árin var einn starfsmaður á launaskrá hjá fyrirtækinu.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem aflað hefur verið hjá *ISNIC* mun fyrirspurn hafa borist í tölvupósti frá *ISC* í Bandaríkjunum árið 1987 til framangreindra aðila um hvort áhugi væri fyrir hendi að Íslandi yrði úthlutað landsléninu .is. Þann 15. október

¹ Sbr. „Domænenavne - en juridisk håndbog“, e. Christian Kragelund, Martin Dahl Pedersen og Thomas Munk Rasmussen, bls. 21. Kaupmannahöfn, 2003.

árið 1987, að loknum nokkurra vikna undirbúningi, var umsókn um skráningu landslénis send til Bandaríkjanna. Óskað var eftir því í umsókninni að landslénið yrði skráð á Háskóla Íslands. Þann 10. nóvember s.á. barst svar að utan í tölvupósti, þar sem óskað var eftir frekari upplýsingum áður en unnt væri að skrá .is lénið, um tengsl umsækjanda við stjórnvöld hérlendis og hvort stjórnvöld væru upplýst um að umsóknin hefði verið lögð fram. Þá kom fram að æskilegt væri talið að yfirvöld fjarskiptamála sæktu um skráningu landslénis. SURIS sendi svör sín þann 13. nóv. 1987. Um tengslin við stjórnvöld var áréttað að SURIS væru samtök 23 opinberra stofnana og fyrirtækja, en tilgangur SURIS væri að annast netsamskipti milli þeirra aðila. Var einnig sérstaklega bent á tengsl stjórnarmanns í SURIS við stjórnvöld. Þá kom fram að haft hafði verið samband við yfirvöld fjarskiptamála (þá Póst- og símamálastofnun), en að sögn hefðu þau engin áform um að annast skráningarstarfsemi eða hafa önnur afskipti af áformum SURIS um skráningu landslénis, heldur legði stofnunin blessun sína yfir að SURIS annaðist þessi mál. Þann 25. nóvember s.á. barst aftur svar að utan, þar sem tilkynnt var um samþykki umsóknarinnar og að .is hefði þar með verið skráð sem landslén fyrir Ísland. Í samræmi við umsóknina var Háskóli Íslands upphaflega skráður fyrir landsléninu.² Enginn formlegur samningur mun hafa verið gerður vegna skráningarinnar, hvorki fyrr né síðar, heldur byggist skráning landslénisins á þessum samskiptum í upphafi, sbr. eftirfarandi breytingar á skráningu síðar.

Fyrstu árin munu örfáar stofnanir hafa notað netkerfið, einkum í þeim tilgangi að senda tölvugögn sín á milli og út í heim. Árið 1990 var nafnaþjónusta .is flutt endanlega til Íslands. Í nóvember það ár var landslénið skráð á SURIS, en að því er virðist skv. skráningargögnum er skráningin á SURIS með Háskóla Íslands tilgreindan sem „c/o“.

Í sama mund og almenningur hérlendis gat farið að nýta sér Netið var Internet á Íslandi hf. (INTIS, nú ISNIC) sett á laggirnar. Stofndagur þess var 17. maí 1995. Var fyrirtækið stofnað utanum rekstur Isnet sem SURIS hafði rekið. Árið 1995 var landslénið .is skráð yfir á INTIS.

² Sbr. afrit tölvuskeyta milli SURIS og SRI-NIC árið 1987.

INTIS var í meirihlutaeigu ríkisins fram til ársins 2000, en þá var sá hlutur seldur til Íslandssíma hf. Samkvæmt því sem fram kemur í skýrslu framkvæmdanefndar um einkavæðingu árið 2003, voru ástæður sölunnar þær, að fyrirtækið var farið að mæta aukinni samkeppni á markaðnum og stóð frammi fyrir því að auka samkeppnishæfi sitt, en helstu keppinautar félagsins voru Landssími Íslands hf. og Íslandssími hf.³ Í drögum að sölulýsingu hlutar ríkisins, er starfssvið Internet á Íslandi hf. útlistað sem „íslenskur hluti heimsnetsins Internet“ og meðal starfsþátta eru skráning og úthlutun léna (svæðisnetfanga).

Árið 2001 var netrekstur INTIS sameinaður Íslandssíma hf., en lénaskráningin og –úthlutunin varð eftir hjá Internet á Íslandi, nú ISNIC. Sú starfsemi er enn í höndum ISNIC. Fyrirtækið er rekið sem hvert annað fyrirtæki, með arðsemissjónarmið að leiðarljósi, og er í eigu um 22 aðila. Og fjarskipti hf. (áður Íslandssími hf.) er stærsti hluthafinn og stjórn ISNIC skipa eingöngu fulltrúar Og fjarskipta hf. Sex starfsmenn eru á launaskrá hjá ISNIC í dag.

1.3 Núverandi lagaumhverfi á Íslandi.

Ekki er að finna ákvæði í íslenskri löggjöf sem fjalla um réttinn til landslénsins eða um skráningarstarfsemi stjórnanda lénsins. Í lögum um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003 og í fjarskiptalögum nr. 81/2003, sbr. einnig tilskipun ESB nr. 2002/21/EB um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu, eru ákvæði um skyldur Póst- og fjarskiptastofnunar til þess m.a. að ýta undir hagnýta notkun tíðna og númera.

2. Regluverk ICANN.

Reglur ICANN um skráningarstarfsemi, sem er að finna í skjölum ICP-1 og RFC 1591, segja til um að nýr aðili verði að sýna fram á tæknilega hæfni sína, stuðning netsamfélagsins á viðkomandi stað og vera tilbúinn til þess að takast á við þjónustu- og fjárhaldsskyldur sem liggja til grundvallar skráningu á landsléni. ICANN

³ Sjá „Einkavæðing 1999-2003. Skýrsla framkvæmdanefndar um einkavæðingu“, maí 2003.

endurúthlutar landsléni að öllu jöfnu til nýs skráningaraðila aðeins með samþykki fyrirbyggjandi skráningaraðila að léninu. Ef deila hefur risið og leitt til beiðni um endurúthlutun er því beint til deiluaðila að ræða saman með þátttöku netsamfélagsins á staðnum uns lausn hefur fengist. ICANN fellir eingöngu úrskurð um endurúthlutun þegar deila reynist óleysanleg eða þegar talið er að um sé að ræða tæknilega vanhæfni. Í öllum málum af þessu tagi hefur ICANN til hliðsjónar skoðanir netsamfélagsins á viðkomandi stað og leitað er álits hagsmunaaðila, þ.m.t. ríkisstjórna. Af þessum ástæðum hefur endurúthlutun í för með sér mikla og tímafreka vinnu.⁴ Í inngangi reglna RFC 1591 segir að aðilar sem annist úthlutunar- og skráningarstarfsemi á landsléni, annist almannþjónustu fyrir hönd þess lands sem lénið tekur til og fyrir hið alþjóðlega netsamfélag. Sá aðili beri þær skyldur að stjórna lénamálum með hagsmuni almennings og netsamfélagsins að leiðarljósi.

Í stefnuskrá ICANN um fyrirkomulag og úthlutun landsléna, útgefinni í maí 1999, kemur fram í umfjöllun um úthlutun toppléna, að óskir stjórnvalda í viðkomandi landi um tilhögun á úthlutun landsléns hafi mjög mikil áhrif. ICANN tekur verulegt tillit til þeirra í allri umfjöllun um úthlutun eða breytingu á úthlutun toppléna. Þá segir einnig í stefnuskránni, að umsjónaraðilar toppléna fari með stjórn hins úthlutaða léns og á þeim hvíli skylda til þess að þjóna samfélaginu. Sá sem tilnefndur er sem umsjónaraðili, fari með stjórn toppléns, bæði gagnvart viðkomandi þjóð, ef um landslén er að ræða, og gagnvart hinu alþjóðlega netsamfélagi. Vangaveltur um „réttindi“ eða „eignarhald“ á lénum séu óviðeigandi í þessu sambandi. Hins vegar skuli hafa í fyrirrúmi „ábyrgð“ og „þjónustu“ gagnvart samfélaginu.⁵

Í grunnreglum ICANN um úthlutun og stjórnun landsléna, settum 23. febrúar 2000, er að finna kafla um hlutverk yfirvalda (5. kafli). Í grein 5.1 segir að viðkomandi ríkisstjórn eða opinbert stjórnvald gæti hagsmuna almennings í því landi eða á því svæði þar sem landsléni hefur verið úthlutað til. Í samræmi við það, sé það í hendi ríkisstjórnar eða hins opinbera stjórnvalds að tryggja það, að stjórnarhættir landslénsins séu í þágu almannahagsmuna, og hafa í því skyni hliðsjón af opinberum viðmiðum og lögum og reglum því tilheyrandi. Í grein 5.2 segir að ríkisstjórnir eða

⁴ Sbr. Greinargerð um nöfn, númer og vistföng. Samin af Fjarskiptaráðgjöf - GA ehf. í október 2003.

⁵ Sjá Internet Domain Name System Structure and Delegation (ccTLD Administration and Delegation) (May 1999), liði a og b. <http://www.icann.org/icp/icp-1.htm>

opinber stjórnvöld beri ábyrgð á því að opinberum markmiðum sé náð, sem séu gagnsæ framkvæmd og án mismununar; aukið framboð, lægri verð og betri þjónusta fyrir alla notendur; friðhelgi einkalífs; og neytendavernd. Í þeirri viðleitni að gæta umræddra hagsmuna, fari ríkisstjórnir eða opinber stjórnvöld með regluvald yfir viðkomandi landsléni og tryggi að sú starfsemi sé rekin í samræmi við stefnu stjórnvalda, lög og reglur, auk ákvæða alþjóðalaga og -sáttmála. Í grein 5.3 kemur fram að ICANN hafi áður sett fram þá meginreglu, að lénafyrirkomulag á Netinu sé opinber auðlind, í þeim skilningi að starfsemin skuli vera útfærð með opinbera og almenna hagsmuni að leiðarljósi.⁶

Á vefsíðu ICANN, www.icann.org, er að finna rökstuddar ákvarðanir fyrirtækisins fyrir endurúthlutun landsléna. Er þar m.a. vísað til framangreindra reglna og viðmiða, en ef marka má þau mál sem upp hafa komið, virðist sem að oftar en ekki líti ICANN svo á, að afar sterk rök séu fyrir endurúthlutun landsléns, ef yfirvöld í viðkomandi landi sækjast eftir því að verða skráningar- og úthlutunaraðili landsléns eða hafa tiltekna óskir um hver skuli hafa með þá starfsemi að gera.⁷

3. Stjórnun landsléna á Norðurlöndunum og hjá Evrópusambandinu.

3.1 Danmörk.

Úthlutun á landsléninu .dk og umsjón með notkun hefur síðustu ár verið í höndum DK Hostmaster A/S sem er alfarið í eigu Dansk Internet Forum, DIFO. Sú staða hefur byggst á samkomulagi DIFO við ICANN frá árinu 2000 að fengnu áliti frá Forskningsministeriet. Sama stjórn er yfir DIFO og DK Hostmaster en DIFO hefur sett reglur um skráninguna og um starfsemi úrskurðarnefndar um deilur. Notendur hafa skráð sig fyrir léni innan .dk lénsins hjá skráningaraðilum sem DK Hostmaster viðurkennir, en síðasttalda aðilinn hefur haldið utan um allar skráningar.⁸ DIFO er

⁶ Sjá Principles for Delegation and Administration of ccTLDs Presented by Governmental Advisory Committee. <http://www.icann.org/committees/gac/gac-ccldprinciples-23feb00.htm>

⁷ Sjá <http://www.iana.org/reports/ccld-reports.htm>

⁸ Sbr. Greinargerð um nöfn, númer og vistföng. Samin af Fjarskiptaráðgjöf - GA ehf. í október 2003.

sjálfseignarstofnun og var stofnuð árið 1999, en meðal stofnenda voru stofnanir, fyrirtæki og einstaklingar.

Þann 1. júlí sl. tóku gildi í Danmörku ný lög (nr. 165/2005) um netlén sem úthlutað eru til Danmerkur. Í 2. gr. laganna kemur fram að slík lén tilheyri danska ríkinu, en í 3. gr. segir að lögin skuli gilda um netlénið .dk. Í athugasemdum við 2. gr. í frumvarpi til laganna, segir að netlénin sem lögin taki til séu m.a. lén sem ICANN úthlutar Danmörku sem landsléni. Þau netlén séu opinber auðlind sem tilheyri danska ríkinu. Sá réttur danska ríkisins takmarkist af alþjóðasamningum og alþjóðlegum skuldbindingum. Með þessu sé mælt fyrir um einkarétt ríkisins til lénanna. Evrópusambandið hafi farið sömu leið varðandi topplénið .eu, með 7. gr. reglugerðar nr. 733/2002. Í athugasemdum í frumvarpinu segir enn fremur að reglan í 2. gr. eigi sér fyrirmynd í dönsku lögunum um hagnýtingu auðlinda í jörðu, þar sem mælt sé fyrir um eignarrétt danska ríkisins að óunnnum auðlindarefnum í jörðu. Með svipuðum hætti sé með lögunum mælt fyrir um að danska ríkið fari með yfirráð yfir netlénnum og samhliða lögð áhersla á að framkvæmdaaðilar, skráningaraðilar og aðrir sem fá úthlutað netlénnum, hafi lénsheitin að láni. Hvorki einstaklingar né lögaðilar, þ.m.t. framkvæmdaaðilar, sem sé ætlað að fara með stjórn netléna, og skráningaraðilar, sem skrái ný lénsheiti, eigi neitt tilkall til réttinda yfir netléninu eða einstökum lénsheitum. Danska ríkið hafi á hendi öll réttindi yfir .dk og til netléna sem úthlutað eru til Danmerkur, og geti tilnefnt annan sem framkvæmdaaðila í stað þess sem fyrir er. Þannig geti danska ríkið fellt úr gildi og heimt aftur leyfi framkvæmdaaðila til þess að fara með stjórn netléns. Þetta sé í samræmi við .eu reglugerðina, þar sem ESB fari með öll réttindi yfir léninu .eu.

Í 6. gr. hinna nýju dönsku laga er mælt fyrir um að þeir sem standi að baki framkvæmdaaðila (administrator), sem úthlutað er leyfi til þess að stjórna netléninu, skuli endurspegla hinn breiða hóp þátttakenda í hinu danska netsamfélagi, þ.á m. einstaklinga, notendur í atvinnuskyni og netþjónustuaðila. Í athugasemdum við greinina í frumvarpi til laganna kemur fram að bakgrunnur DIFO sé með þessum sama hætti. Samkvæmt ákvæði 28. gr. laganna skal DIFO vera framkvæmdaaðili fyrir lénið .dk fram að þeim tíma er framkvæmdaaðili verður tilnefndur í samræmi við ákvæði laganna.

3.2 Svíþjóð.

Sænsk landslén hafa frá árinu 1997 verið í höndum Stiftelsen för Internetinfrastruktur, II-stiftelsen. Auk þess að reka og þróa landslénin á II-stiftelsen að stuðla að þróun Netsins í Svíþjóð. Fyrirtækið NIC-SE sem sér um daglegan rekstur er alfarið í eigu II-stiftelsen. Í stjórn II-stiftelsen sitja fulltrúar frá ýmsum geirum þjóðfélagsins sem marka stefnu í þróun úthlutunar og skráningu nafna.⁹

Fyrirliggjandi er sænskt stjórnarfrumvarp til laga um landslén fyrir Svíþjóð á Netinu, samið af stjórnskipaðri nefnd um landslén. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að frumvarpið, ef að lögum verður, taki gildi hinn 1. júlí 2006. Byggir efni frumvarpsins á reglum ICANN (GAC) um landslén. Efnisþættir frumvarpsins ná einkum til tæknilegrar starfsemi lénamála í Svíþjóð og úthlutun og skráningu nafna. Meðal þess sem fram kemur í frumvarpinu er að aðili sá sem fer með stjórn landslénisins ber skyldur gagnvart hinu opinbera og skal veita sérstöku opinberu stjórnvaldi upplýsingar um starfsemi sína, sbr. 4. gr. Samkvæmt 10. gr. skal fyrrnefnt stjórnvald hafa eftirlit með að ákvæðum laganna sé framfylgt.

Svíar virðast fara aðra leið en Danir við frumvarpsgerð til laga um landslén. Áðurnefnd nefnd sem samdi sænska frumvarpið samdi ítarlega skýrslu sem fylgir frumvarpinu. Í henni er sett fram sú skoðun stjórnvalda að ekki skuli fest í lög ákvæði um útnefningu á stjórnanda lénamála. Nefndin telur ekki efni til þess að leiða í lög gildandi reglur ICANN um landslén hvað það varðar. Þar kemur einkum til að núverandi fyrirkomulag lénamála hefur gefið góða raun í Svíþjóð og því beri að forðast frekari reglusetningu um landslén fremur en nauðsynlegt er. Nefndin færir fram þau rök í skýrslu sinni, að sú meginregla hafi gilt, að stjórn landsléna hafi byggst á einkaréttarlegum sjónarmiðum. Ekkert bendi til þess að breyting hafi orðið þar á þó að þróunin hafi orðið sú að starfsemin varði almannahagsmuni. Mikilvægi Netsins fyrir samfélagið kalli heldur ekki á breytingar í þá veru. Nefndin bendir einnig á að úthlutun landsléna sé í höndum ICANN. Því sé ekki unnt að tryggja, með lagasetningu um að ríkinu sé látið í té að útnefna aðila til þess að annast landslénin, að ákvörðun ríkis um slíka úthlutun bindi hið erlenda yfirvald yfir Netinu, þrátt fyrir að

⁹ Sbr. Greinargerð um nöfn, númer og vistföng. Samin af FjarSKIPTARÁÐGJÖF - GA ehf. í október 2003.

sterkar líkur geti hins vegar verið fyrir því. Nefndin, sem og stjórnvöld, telja því skv. skýrslunni, að stjórnun landsléns sé, þrátt fyrir almannahagsmuni, ekki í verkahring stjórnvalda. Þá verði ekki litið svo á að sá aðili sem hefur umrædda stjórn á sinni hendi fari með stjórnsýsluvald.

Að því er fram kemur í skýrslunni virðast skiptar skoðanir vera um þetta meðal þeirra sænsku stofnanna og annarra sem nefndin leitaði álits hjá um efni skýrslunnar. Umboðsmaður sænska þingsins hefur t.a.m. efasemdir um framangreinda niðurstöðu nefndarinnar um að stjórnandi landsléns fari ekki með stjórnsýsluvald.

3.3 Noregur.

Meðhöndlun topplénsins .no fellur undir ákvæði fjarskiptalaga frá 4. júlí 2003. Hinn 1. okt. 2003 tók gildi Forskrift om domenenavn under norsk landkodemottopdomener sem sett er af samgönguráðuneytinu í samræmi við fyrrnefnd lög. Í reglugerðinni er annars vegar gert ráð fyrir úthlutunar- og skráningaraðila sem getur haft umboðsmenn til þess að taka við umsóknum um lén og hins vegar eftirlitsaðila með þessari starfsemi, sem er póst- og fjarskiptaefirlitsstofnunin.¹⁰ Samkvæmt upplýsingum sem aflað hefur verið mun lénaskráning í Noregi fara fram á vegum sjálfstæðs hlutafélags í eigu norska ríkisins. Réttur félagsins til að fara með yfirráð skráningarmála mun byggður á samningi milli þess og póst- og fjarskiptayfirvalda í Noregi.

3.4 Finnland.

Úthlutun nafna var áður í höndum einkafyrirtækis en var flutt til póst- og fjarskiptastofnunar Finnlands árið 1997 skv. reglugerð um finnsk lén á Netinu, nr. 34/1997. Árið 2003 tóku gildi lög um nöfn á Netinu, nr. 288/2003. Með þeim er staðfest að eftirlitsstofnunin FICORA skuli annast úthlutun á landslénum á Netinu og stofnuninni er falið að setja reglur um tæknilega útfærslu.¹¹

¹⁰ Sbr. Greinargerð um nöfn, númer og vistföng. Samin af Fjarskiptaráðgjöf - GA ehf. í október 2003.

¹¹ Sbr. Greinargerð um nöfn, númer og vistföng. Samin af Fjarskiptaráðgjöf - GA ehf. í október 2003.

3.5 Evrópusambandið.

Árið 2002 tók gildi reglugerð ESB nr. 733/2002 um topplénið .eu, sett hinn 22. apríl 2002. Samkvæmt inngangsorðum reglugerðarinnar var .eu sett á laggirnar innan ESB m.a. með það að markmiði að auka rafræn viðskipti innan sambandsins.

Reglugerðin gerir ráð fyrir að ESB hafi yfirvald yfir toppléninu, en geri síðan samning við tilnefndan aðila um að sá fari með stjórnun topplénsins í tiltekinn tíma. Í samningnum skal tekið mið af viðeigandi reglum ICANN um topplén. Sett eru þau skilyrði að umræddur stjórnunaraðili skuli vera fyrirtæki, rekið án fjárhagslegs ávinnings. Þá er kveðið á um í reglugerðinni, að framkvæmdastjórn ESB skuli, að viðhöfðu samráði við stjórnunaraðilann, setja stefnumarkandi reglur um .eu lénið. Í 7. gr. reglugerðarinnar er áskilið að allur réttur til .eu lénsins tilheyri ESB.

4. Afstaða til álitafna.

Álitsbeiðandi óskar svara við því hvernig eignarhaldi á landsléninu sé háttáð. Þegar leitað er svara við því er nauðsynlegt er að taka til skoðunar hvers eðli réttindi aðila til landsléna eru og hverjum réttindin tilheyri.

4.1 Réttur ISNIC til landslénsins.

Allir þeir sem skráðir eru fyrir landsléni eru aðilar að ICANN og sækja réttindi sín þangað, þ.m.t. ISNIC vegna .is. Ekki verður séð að nein gögn sýni fram á eignarrétt ISNIC að landsléninu, þrátt fyrir að fyrirtækið sé umsjónaraðili úthlutunar og skráningar á lénum undir landsléninu. Formlegir samningar hafa ekki verið gerðir milli ICANN og rétthafans, hvorki fyrr né síðar, og í upphafi skráningar landslénsins virðist SURIS ekki hafa verið veittur neinn eignarréttur að landsléni. Ekki verður heldur séð að með sölu ríkissjóðs á hlutabréfum í ISNIC (þá INTIS) árið 2000 hafi „eignarréttur“ að landsléni verið framseldur, heldur eingöngu hlutabréf í því fyrirtæki sem fór með réttindin, en sama fyrirtækið var áfram skráð sem umsjónaraðili landslénsins. Réttindin byggjast á skráningu ICANN á ISNIC sem stjórnanda

landslénsins. Þau réttindi getur ICANN síðan afturkallað og endurúthlutað, eins og gerð var grein fyrir að framan.

Eðli starfsemi ISNIC er úthlutun og skráning lénaafna með endingunni .is. Ljóst má vera að takmarkaðar heimildir eru fyrir rétthafann til þess að framselja réttinn til landslénsins með samningi. Slíkt útheimtir skoðun og samþykki ICANN, auk þess sem að ICANN lítur til vilja innlendra stjórnvalda til slíkra ráðstafana. Þá ber einnig að hafa í huga að ICANN hefur endanlegt forræði yfir því hver er skráður rétthafi og hefur þ.m.t. vald til afturköllunar og endurúthlutunar. Réttur rétthafans er því takmörkum settur og getur tæpast gengið kaupum og sölum eins og venjuleg eign. Þá verður vart talið að sá réttur til landslénsins sé þess eðlis að hann geti orðið andlag veðsetningar eða annarra ráðstafana sem takmarka eignarrétt, svo sem venjulega felst í réttindum eiganda.

Að öllu þessu virtu verður ekki talið að skráning rétthafa fyrir landsléninu og réttur þess aðila til nýtingar á því veiti honum eignarréttindi að landsléninu, enda fer viðkomandi ekki með þann umráða- og ráðstöfunarrétt yfir andlaginu, sams konar og eigandi almennt hefur yfir eign sinni. Rétturinn er nýtingarréttur hins skráða rétthafa að landsléninu, sem felst í því að rétthafanum er heimilt að úthluta og skrá lén með endingunni .is, en rétturinn takmarkast við heimildir sem veittar eru af hendi ICANN. Af þessu leiðir að umskráning umsjónaraðila landsléns frá einum aðila til annars, getur ekki haft í för með sér eignarnám.

4.2 Réttur ICANN til landslénsins.

Líkt og fram hefur komið er ICANN einn helsti stjórnunaraðili lénamála og starfar í skjóli bandaríska viðskiptaráðuneytisins. Allir þeir sem skráðir eru fyrir landsléninu eru aðilar að ICANN og sækja réttindi sín þangað. Stjórnar ICANN úthlutun á topplénum og hefur vald til þess að afturkalla þau réttindi. ICANN er því yfirvald í málefnum toppléna. Má líkja starfsemi þess vegna úthlutunar réttinda við athafnir stjórnvalds. Fyrirtækið fer formlega með réttindi yfir landsléninu, en hefur þó ekki, að því er virðist, afskipti af meðferð landslénsins nema þegar brotið er með einhverjum hætti gegn reglum ICANN og þegar endurúthluta þarf rétti til landslénsins. Réttindi þess felast fremur í ákveðnum umráða- og yfirráðarétti ICANN, heldur en að ICANN hafi

venjuleg eignarráð yfir réttindum. Verður því ekki talið að ICANN fari með eignarrétt að landsléni í hefðbundinni merkingu þess orðs. Þá ber þess að geta að reglur ICANN og beiting þeirra gefa einnig ótvírætt til kynna að æskilegt sé að hið opinbera í viðkomandi landi eigi tilkall til réttinda yfir landsléninu.

4.3 Réttur íslenska ríkisins til landslénsins.

Ekki eru fyrirliggjandi gögn sem sýna fram á eignarrétt íslenska ríkisins að landsléninu .is. Að framan er rakið að vart verði talið að ICANN eigi eignarrétt að toppléninu. Á grundvelli þeirra réttinda sem ICANN hefur til landslénsins, þ.m.t. endanlegt forræði yfir því hver er skráður rétthafi þess, þá verður að sama skapi að álíta að sá réttur sem íslenska ríkið getur átt í landsléninu, jafnast ekki á við eignarrétt. Sterkar líkur eru hins vegar fyrir því að ríkið geti áskilið sér umráða- og yfirráðarétt yfir landsléninu. Benda má á ýmis atriði þessu til stuðnings.

Í fyrsta lagi má vísa til þess að reglur ICANN og viðhorf ICANN við úthlutun landsléna, gefa til kynna að opinber stjórnvöld í hverju landi eigi tilkall til réttinda yfir landsléni. Er stjórnvöldum m.a. ætlað að fara með regluvald yfir viðkomandi landsléni og tryggja að sú starfsemi sé rekin í samræmi við stefnu stjórnvalda, lög og reglur, auk ákvæða alþjóðalaga og -sáttmála, ásamt því að afstaða stjórnvalda ræður afar miklu um hver er skráður rétthafi að landsléni.

Í öðru lagi eru rök fyrir því að telja réttinn til landslénsins allsherjarréttarlegs eðlis, þ.e. sem réttindi er heyri til hins opinbera. Byggist það á því að landslén eru í eðli sínu opinber auðlind og varða hagsmuni hins opinbera, almennings og samfélagsins.¹² Frá upphafi skráningar landsléna hafa yfirvöld lénamála á Netinu lagt ríka áherslu á að stjórnarhættir landsléns séu í samræmi við þetta og að starfsemi úthlutunar- og skráningaraðila sé í samræmi við stefnu stjórnvalda, lög og reglur, auk ákvæða alþjóðalaga og -sáttmála. Þá er einnig haft í huga þær skyldur sem lagðar eru á þann sem fer með landslén af hálfu ICANN, að þjóna hagsmunum almennings og hins

¹² Sbr. gr. 5.3 í grunnreglum ICANN um úthlutun og stjórnun landsléna, settum 23. febrúar 2000, þar sem fram kemur að ICANN hafi áður sett fram þá meginreglu, að lénafyrirkomulag á Netinu sé opinber auðlind, í þeim skilningi að starfsemin skuli vera útfærð með opinbera og almenna hagsmuni að leiðarljósi.

alþjóðlega netsamfélags, ásamt því hvert eðli starfseminnar er, en álíta verður að hún feli að mörgu leyti í sér athafnir sem almennt einkenni stjórnvaldsathafnir.¹³

Með hliðsjón af því að eðlilegt getur verið að jafna landslénnum að verulegu leyti við aðrar opinberar auðlindir, svo sem t.d. auðlindir í jörðu, er vert er kanna réttarframkvæmd vegna umrædds réttar ríkisins, þ.e. að auðlindum í jörðu. Árið 1998 voru tvö lög sett á Alþingi er tóku til þessa, þ.e. lög nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Meðal þess sem fest er í lög þessi er að ríkið fari með eignarrétt að auðlindum í jörðu innan þjóðlendna, nema aðrir geti sannað eignarrétt sinn til þeirra. Í almennum athugasemdum í frumvarpi til laga nr. 58/1998 er fjallað um nokkurra áratuga aðdraganda að lagasetningunni. Hafði þar mikil áhrif dómur Hæstaréttar frá árlinu 1981, kenndur við Landmannaafrétt, en þar var hafnað eignarréttarkröfum ríkisins og hreppa á umræddu svæði að afréttinum og hafnað þeirri ríkjandi skoðun á þeim tíma að land sem ekki væri undirorpið beinum eignarrétti væri ríkiseign.¹⁴ Í niðurstöðu sinni taldi Hæstiréttur að réttarheimildir sýndu ekki fram á eignarréttartilkall ríkisins. Hins vegar yrði að telja að handhafar ríkisvalds, sem til þess væru bærir, gætu í skjóli valdheimilda sinna sett reglur um meðferð og nýtingu landsvæðis þess, sem hér er um að ræða, en líta ber til þess, að fyrirsvarsmenn ríkisins hafa viðurkennt „rétt byggðarmanna til upprekstrar og annarra afréttarnota, sem lög eða venjur eru fyrir“. Þá sagði einnig að Alþingi hefði ekki sett lög um þetta efni, þó að það hefði verið eðlileg leið til að fá ákvörðun handhafa ríkisvalds um málefnið.¹⁵

¹³ Sem dæmi um það má nefna vald ISNIC til skráningar og afskráningar léna, beitingar viðurlaga og starfsemi sérstakrar úrskurðarnefndar á vegum ISNIC sem úrskurðar í ágreiningsmálum um skráningu léna. Sjá nánar um þetta reglur ISNIC um skráningu léna og stjórnun á léninu .is, <http://www.isnic.is/domain/rules.php>

¹⁴ Hrd. 1981, bls. 1584 í dómasafni.

¹⁵ Vert er einnig að geta þess, að í athugasemdum við 2. gr. í frumvarpi til laga nr. 58/1998 segir að þegar setja eigi lagareglu um hver fari með eignarráð þess lands og landsréttinda sem enginn geti sannað eignarrétt sinn til, sé viðfangsefnið fyrst og fremst að leysa úr því hver skuli fara með eignarréttindi innan þessa lands sem annars kæmi í hlut eiganda landsins að fara með. Frá lagalegu sjónarmiði sé ekki endilega nauðsynlegt að lýsa því yfir að sá sem fari með þau eignarráð sé eigandi landsins og landsréttindanna, heldur megi gera það með orðalagi í lögum sem kveði á um að sá aðili ráði yfir landi og landsréttindum utan eignarlanda eða fari með rétt til að hagnýta landið og landsréttindin, sbr. einnig orðalag 2. gr. námulaga nr. 24/1973: „... hefur ríkið eitt rétt til jarðefna“. Megi raunar orða það svo að samkvæmt íslenskum lögum sé engin óumflýjanleg nauðsyn að allt land sé háð eignarrétti að einkarétti. Skýr ákvæði um forræði á landi utan eignarlanda eigi þar að vera nægjanleg. Hversu langt eigi að ganga í þessu efni og hver eigi að fara með eignarráðin, þ.e. ríkið, sveitarfélögin eða einhver annar aðili, sé pólitísk ákvörðun. Síðar í athugasemdum við greinina er sett fram sú skoðun, að hlutverk ríkisins sé að fara með sameiginleg málefni þjóðarinnar og rétt eins og

Eins og áður sagði má telja réttindi yfir landsléni, líkt og rétt yfir auðlindum í jörðu, til opinberra auðlinda. Allar líkur eru fyrir því að að sömu sjónarmið geti átt við hér, þ.e. um tilkall íslenska ríkisins til réttar yfir auðlindinni landsléninu, og ríkið geti því á grundvelli valdheimilda sinna kveðið á um rétt sinn yfir þeirri auðlind með lögum, þrátt fyrir að hér sé ekki átt við bein eignarréttindi. Sækir þessi ályktun stoð í fyrrgreind viðhorf ICANN, það að sýnilega getur enginn sannað eignarrétt sinn að landsléninu og sömuleiðis áður nefndar röksemdir um hið allsherjarréttarlega eðli réttinda yfir landsléni. Til formlegrar staðfestingar á tilkalli ríkisins til yfirráðaréttar yfir landsléninu þyrfti því að koma til lagasetningar. Slík lögfest réttindi ríkisins yrðu þó að samræmast efni alþjóðlegra samninga og skuldbindinga á þessu sviði, þ.m.t. við reglur ICANN. Í þessu sambandi má vísa til hinna áður nefndu dönsku laga um sama efni, en tilgangurinn með þeirri lagasetningu er skv. greinargerð að kveða á um réttindi ríkisins yfir auðlindinni, með sama hætti og varðandi hagnýtingu auðlinda í jörðu. Danski löggjafinn telur sömuleiðis að rétturinn til landsléns sé opinber auðlind er tilheyri ríkinu. Reglugerð ESB um topplénið .eu, er getur m.a. um að öll réttindi til topplénsins tilheyri ESB, sýnist einnig samræmast framangreindum sjónarmiðum.

Rétt er að hafa í huga að þó að tilkall til réttinda yfir landsléninu geti kallað á lagasetningu, kunna einnig fleiri þættir kunni að kalla á að settar séu skýrar reglur um hver fari með yfirráð yfir landsléninu, t.a.m. aukin og almenn netnotkun og notkun léna í tengslum við aðra fjarskiptamiðla.

Í kafla 2 að framan er rakið að ICANN tekur afar ríkt tillit til óska stjórnvalda í viðkomandi landi um stjórnun landsléns og á hvers hendi sú stjórn eigi að vera. Endurspeglast þetta bæði í reglum og öðrum gögnum sem ICANN hefur birt. Í því ljósi er vart ástæða til þess að óttast að löggjöf, t.d. eins og sú sem Danir hafa sett sér um landslén, komi til með að valda sérstökum vandkvæðum ef stjórnvöld óska eftir í endurskráningu hjá ICANN á rétthafa að landsléni í samræmi við heimildir til slíks í innlendri löggjöf, þrátt fyrir að endanlegt forræði á því hver skráður rétthafi sé hvíli hjá ICANN. Í raun er það þá ríkið sem fer þá með formleg yfirráð landslénsins, en

ríkið fari með stjórn auðlinda í hafinu innan þess ramma sem settur er um þau málefni í lögum verði að telja rétt að ríkið fari með forræði þess lands og landsréttinda á Íslandi sem enginn geti sannað eignarrétt sinn til.

tekur ekki sjálf að sér skráningar- og úthlutunarstarfsemina, heldur tilnefnir sérstakan aðila til þess.

5. Niðurstöður í stuttu máli.

Landslén eru í eðli sínu opinber auðlind og varða hagsmuni hins opinbera, almennings og samfélagsins. Réttindi til landslénsins .is fela ekki í sér eignarréttindi þess aðila er skráður er réttihafi fyrir landsléninu og úthlutun réttarins til annars aðila getur því ekki haft í för með sér eignarnám gagnvart fráfarandi réttihafa. Telja verður að réttur ICANN sé fremur í formi ákveðins umráða- og yferráðaréttar yfir landsléninu, heldur en að ICANN hafi venjuleg eignarráð yfir réttindum. Þá sýna gögn heldur ekki fram á eignarrétt íslenska ríkisins að landsléninu. Sterkar líkur eru hins vegar fyrir því að ríkið geti á grundvelli valdheimilda sinna áskilið sér umráða- og yferráðarétt yfir landsléninu hér á landi með lagasetningu í þá veru. Slík lögfest réttindi verða að samræmast efni alþjóðlegra samninga og skuldbindinga á þessu sviði, þ.m.t. gagnvart ICANN.

Virðingarfyllt,

Andri Árnason hrl.

Jón Sigurðsson hdl.

Alþingi
Erindi nr. P 139/2438
komudagur 16.5.2011

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 13.05.2011
Tilv. 2011/0571 - 0.0.01
ÞAÁ

Efni: Umsögn Neytendastofu um frumvarp til laga um landslénid .is og önnur íslensk höfuðlén, 725. mál.

Vísað er til tölvubréfs nefndasviðs Alþingis, dags. 15. apríl 2011, þar sem Neytendastofu var sent til umsagnar frumvarp til laga um landslénid .is og önnur íslensk höfuðlén. Stofnunin þakkar fyrir tækifærið til að tjá sig um frumvarpið.

Frá árinu 2000 hefur Neytendastofa tekið fjölmargar ákvarðanir er snerta skráningu og notkun á lénum. Ákvarðanirnar hafa verið teknar á grundvelli 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er varðar notkun á auðkenni sem annar aðili á betri rétt til. Áður var sambærilegt ákvæði í samkeppnislögum. Ákvarðanir stofnunarinnar eru kæránlegar til áfrýjunarnefndar neytendamála sem æðra stjórnvalds. Stofnunin hefur sinnt málaflokknum í fjölda ára og hefur hún því mikla sérþekking á úrlausnum ágreinings er varðar lén og önnur auðkenni.

Samkvæmt frumvarpinu sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun eftirlit með framkvæmd laganna og eru stofnuninni veittar ákveðnar heimildir m.a. varðandi skráningu léns. Neytendastofa mun jafnframt áfram sinna því eftirliti sem hún hefur haft með höndum skv. framangreindri 15. gr. a. laga nr. 57/2005 verði frumvarp þetta að lögum. Þetta getur leitt til ákveðinnar óvissu fyrir aðila varðandi það hvert skuli leita komi upp ágreiningur um rétt til léns. Neytendastofa fagnar því að í 4. mgr. 17. gr. frumvarpsins sé gert ráð fyrir því að Póst- og fjarskiptastofnun, Neytendastofa og Einkaleyfastofa setji sameiginlegar leiðbeinandi reglur til að koma í veg fyrir réttaróvissu varðandi þetta atriði. Einnig kemur fram í 5. mgr. 17. gr. að greinin útiloki ekki málskot skv. öðrum lögum. Í ljósi þessa ákvæðis telur Neytendastofa ljóst að skv. ákvæðum frumvarpsins sé gert ráð fyrir að skráning geti verið brot á fleiri lögum sem aðrar stofnanir hafa eftirlit með s.s. Neytendastofu

Þrátt fyrir framangreind ákvæði 4. og 5. mgr. 17. gr. telur stofnunin að ákvæði 11. og 15. gr. geti valdið óvissu og þurfi því að vera skýrari hvað varðar höfnun á skráningu eða afskráningu léna sem teljast brot á lögum sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur ekki eftirlit með og mun ekki taka ákvarðanir um.

Athugasemdir við 11. gr. Skilyrði skráningar:

Í ákvæðinu er fjallað um almenn skilyrði skráningar, kröfur sem gerðar eru til réttihafa og í hvaða tilfellum heimilt sé að hafna skráningu. Í 6. mgr. 11. gr. er eftirfarandi ákvæði:

„Hafna má skráningu léns gangi hún gegn lögum eða reglum um skráningu léna.“

Í athugasemdum við ákvæðið kemur fram að heimilt sé að hafna umsókn um lén gangi skráningin gegn lögum eða reglum um skráningu léna. Er hér átt við þau tilvik ef skráning brýtur gegn réttindum annarra, t.d. vegna vörumerkis, en jafnframt ef umsókn er að einhverju öðru leyti ekki í samræmi við lög og reglur.

Neytendastofa gerir athugasemd við að út frá umfjöllun í greinargerð með ákvæðinu megi ráða að Póst- og fjarskiptastofnun meti hvort skráning sé brot á vörumerkjarétti en ekki eingöngu hvort skráning brjóti gegn ákvæðum frumvarpsins, öðrum lögum sem hún hefur eftirlit með og reglum um skráningu léna. Umfjöllun í greinargerð er til þess fallin að valda óvissu um hvaða stjórnvald hafi eftirlit með lögum er varða vörumerki og mætti því skýra ákvæðið betur.

Athugasemdir við 15. gr. Eftirlit og viðurlög


Í ákvæðinu er fjallað um eftirlit og viðurlög. Samkvæmt ákvæðinu hefur Póst- og fjarskiptastofnun eftirlit með því að skráningarskrifstofur sinni skyldum sínum samkvæmt lögunum. Í 3. mgr. 15. gr. er eftirfarandi ákvæði:


„Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að kveða á um nauðsynleg úrræði séu ákvæði laga þessara ekki uppfyllt. Þar á meðal getur stofnunin tekið ákvörðun um afskráningu léns og eftir atvikum kveðið á um að lén verði umskráð, til að mynda ef skráning léns felur í sér brot á starfsreglum skráningarstofu eða er í andstöðu við ákvæði laga. Þá skal stofnuninni heimilt að gera kröfu um úrbætur af hálfu réttihafa eða skráningarstofu komist stofnunin að þeirri niðurstöðu að skilyrði skráningar samkvæmt lögum þessum séu ekki uppfyllt. Sé ekki orðið við fyrirmælum Póst- og fjarskiptastofnunar um úrbætur er stofnuninni heimilt að kveða á um að lén verði afskráð úr réttihafaskrá. Sama gildir ef önnur stjórnvöld komast að niðurstöðu um að skráning léns hafi falið í sér brot á lögum.“ (Undirstrikun Neytendastofu)

Af lestri greinarinnar má ráða að Póst- og fjarskiptastofnun muni sjálf meta hvort skráning sé í andstöðu við ákvæði annarra laga en þeirra sem henni er falið að hafa eftirlit með, skv. lögum nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun. Neytendastofa telur nauðsynlegt að orðalagið verði lagfært þannig að þessu leyti skapist ekki óvissa. Til dæmis mætti hér segja: *„eða er í andstöðu við ákvæði laga sem hún hefur eftirlit með“.*

Neytendastofa fagnar lokamálsgrein ákvæðisins, um að heimilt sé að afskrá lén hafi önnur stjórnvöld komist að niðurstöðu um að skráning léns hafi falið í sér brot á lögum. Þetta ákvæði getur auðveldað þeim sem stofnunin hefur tekið ákvörðun um að eigi betri rétt til léna að fá þeim rétti sínum framfylgt.


Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu


Tryggvi Axelsson
Forstjóri


Þórunn Anna Árnadóttir
Sviðsstjóri

Alþingi
Erfindi nr. P 139/2708
Middagur 24.5.2011

Alþingi
Samgöngunefnd
150 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 24. maí 2011
Tilvísun: 2011040507PS/--

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um landslén og íslensk höfuðlén

Persónuvernd vísar til tölvubréfs samgöngunefndar Alþingis frá 15. apríl 2011 þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um landslénid .is og önnur íslensk höfuðlén (þskj. 1249, 725. mál á 139. löggjafarþingi).

Í frumvarpinu er að finna tillögu að reglum um skráningu léna, umsýslu vegna þeirra o.fl. Meðal annars kemur fram að haldin skuli sérstök réttthafaskrá, sbr. 8. gr. frumvarpsins. Samkvæmt 1. mgr. þeirrar greinar skulu þar skráðar upplýsingar um rétthafa léna ásamt upplýsingum um tengiliði þeirra, tæknilegar upplýsingar og vistunaraðila. Í 5. mgr. segir að almennar upplýsingar í réttthafaskránni skuli vera aðgengilegar án endurgjalds á almennu IP-fjarskiptaneti, með þeim takmörkunum sem skráningarstofa (sbr. 7. gr. frumvarpsins) setur og í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd.

Í athugasemdum frumvarpsins við 8. gr. segir að nákvæm skráning í réttthafaskrá styðji undir gæði lénsheitakerfisins og tryggi gagnsæi eins og hægt sé. Með því sé jafnframt reynt að koma í veg fyrir misnotkun léna og að réttthafar telji sig í skjóli nafnleyndar geta nýtt lén sín í ólögnum tilgangi. Einnig segir m.a. að gerð sé krafa um að almennar upplýsingar í réttthafaskrá séu aðgengilegar á netinu og skuli vera með auðveldu móti kleift að fletta því upp hver sé réttthafi einstaks léns. Réttthafar skuli eiga kost á því að velja hvort upplýsingar á borð við heimilisfang og símanúmer skuli birtar.


Hinn 13. júní 2003 samþykkti vinnuhópur evrópskra persónuverndarstofnana álit (nr. 2/2003) sem varðar slíkar skrár sem hér um ræðir (sjá hér: http://ec.europa.eu/justice/policies/privacy/docs/wpdocs/2003/wp76_en.pdf). Vinnuhópurinn starfar á grundvelli 29. gr. tilskipunar

95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga, en héraend lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, voru sett til að innleiða þá tilskipun. Fulltrúar í hópnum eru frá stofnunum ESB-ríkja, en EFTA ríkin hafa þar áheyrnarfulltrúa.

Í lokakafla álitsins kemur fram sú niðurstaða að einstaklingar eigi að geta fengið skráð lén án þess að upplýsingar um t.d. heimilisföng þeirra og símanúmer birtist í opinberri skrá. Af frumvarpinu verður ráðið að við samningu þess hafi verið tekið tillitð þessa álits.

Meðal annars í ljósi þessa gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst




Þórður Sveinsson

PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

SUÐURLANDSBRAUT 4
108 REYKJAVÍK

SÍMI 510 1500 PÓSTUR PFS@PFS.IS
FAX 510 1509 VEFUR WWW.PFS.IS

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/2495
komudagur 18.5.2011



Alþingi
Nefndasvið – samgöngunefnd
b.t. Benedikts Sveinbjörns Benediktssonar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. maí 2011

Málsnúmer: 2011040093
Skjalalykill: 15.3.4

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um landslénið .is

Vísað er til erindis samgöngunefndar Alþingis, dags. 15. apríl 2011, þar sem Póst- og fjarskiptastofnun er boðið að skila inn athugasemdum við frumvarp til laga um landslénið .is og önnur íslensk höfuðlén, sbr. 725 mál, þingskjal 1249 á 139. löggjafarþingi 2010-2011.

1. Almenn

Tekið skal fram, eins og frumvarpið ber með sér, að Póst- og fjarskiptastofnun gafst tækifæri til þess að hafa áhrif á efni frumvarpsins á vinnslustigi þess, enda felur það stofnuninni ýmis ný verkefni, auk þess hún mun koma til með að annast framkvæmd laganna verði frumvarpið lögfest á Alþingi. Reyndar er sérstakt tilefni til að fagna því hversu vel hefur verið staðið að undirbúningi frumvarps þessa af hálfu ráðuneytisins, sem m.a. fólst í skipun vinnuhóps ólíkra hagsmunaaðila til þess að freista þess að ná sem breiðastri sátt um efni þess.

2. Takmörkuð auðlind – réttindi á forræði hins opinbera

Póst- og fjarskiptastofnun tekur undir þau sjónarmið sem liggja til grundvallar frumvarpinu og kalla á að sett verði sérstök löggjöf um landslénið .is og önnur íslensk höfuðlén. Landslénið .is er í eðli sínu takmörkuð auðlind, sem hefur órjúfanlega tengingu við Ísland og miklir almanna- og samfélagslegir hagsmunir eru bundnir við. Nægir þar að nefna mikilvægi landslénsins fyrir þróun verslunar og þjónustu og gildi þess fyrir opna og lýðræðislega umræðu í landinu, þ.m.t. fyrir alla rafræna stjórnisýslu o.s.frv. Þessir samfélagslegu hagsmunir, auk þeirrar staðreyndar að um er að ræða takmarkaða auðlind sem hefur sérstök tengsl við Ísland sem land og þjóð, leiða til þess að ekki verður framhjá því vikist að starfsemi í tenglum við skráningu léna lúti opinberu eftirliti, samkvæmt sérstökum reglum þar að lútandi. Þannig gildir um réttindi til léna, líkt og um númer og tíðnir til að veita fjarskiptaþjónustu hér á landi, að ekki er um eiginleg einkaréttarleg réttindi að ræða, heldur eru þau opinberlegs eðlis, þ.e. á forræði íslenska ríkisins til þess að úthluta til annarra aðila, fyrirtækjum eða einstaklingum, til skilyrta og tímabundinna afnota.

3. Mikilvægir efnisþættir frumvarpsins

Að áliti Póst- og fjarskiptastofnunar eru ákvæði frumvarpsins til þess fallin að vernda þá hagsmuni sem hér eru í húfi, bæði að því er varðar almannahagsmuni og þá hagsmuni sem felast í því að starfsemi um skráningu léna hér á landi haldi áfram að vera skilvirk og í þágu upplýsingasamfélagsins. Verður hér að neðan vikið að nokkrum þáttum frumvarpsins sem Póst- og fjarskiptastofnun telja mikilvæga í þessu sambandi.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að rekstraraðili skráningastofunnar starfi samkvæmt starfsleyfi útgefnu af Póst- og fjarskiptastofnun til fimm ára að undangengnu opnu og gagnsæju úthlutunarferli, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Er þetta í samræmi við þá meginreglu opinberrar auðlindastjórnunar, sem vísað var til hér að ofan, þess efnis að takmörkuðum auðlindum, sem varða samfélagslega og þjóðfélagslega hagsmuni, skuli úthlutað til tímabundinna og skilyrtra afnota, án þess að slík úthlutun geti myndað varanleg eignarréttindi. Í sérstöku bráðabirgðaákvæði er þó mælt fyrir um að núverandi rekstraraðila landslénsins skuli úthlutað fyrsta starfsleyfinu.

Auðvitað er alltaf álitamál til hve langs tíma skuli úthluta starfsleyfum. Úthlutun til of langs tíma getur kallað á ákveðna stöðnun og fyrirbyggt eðlilega samkeppni um leið og úthlutun til of skamms tíma getur haft slæm áhrif á rekstrarskilyrði og fjármögnunarmöguleika. Metur Póst- og fjarskiptastofnun það svo að úthlutun til 5 ára í senn veiti rekstraraðila viðeigandi aðhald, varðandi skilvirkni og gæði þjónustunnar, án þess að raskað sé eðlilegum samkeppnisskilyrðum um aðgang að auðlindinni. Þá þarf við afmörkun á gildistíma starfsleyfis að horfa til þeirrar fjárfestingar sem býr að baki þjónustunni og eðlilegs afskriftartíma búnaðar. Samanborið við gildistíma tíðniheimilda á sviði fjarskipta, sem að jafnaði eru gefin út til 10-15 ára og kalla á mun meiri fjárfestingu í búnaði, sem þar að auki hefur oft lengri afskriftartíma en tölvu- og gagnagrunnsbúnaður, verður að telja að umræddur 5 ára gildistími starfsleyfis sé hæfilega áætlaður.

Þá verður einnig að horfa til þess að veiting starfsleyfis, eins og ætlunin er að gera í frumvarpinu, gegnir veigamiklu lagatæknilegu atriði. Með því móti er hægt að afmarka nánar réttindi og skyldur skráningarstofu í starfsleyfinu, innan ramma laganna, án þess að nauðsynlegt sé að setja ítarleg efnisákvæði í lög og reglugerðir um alla þá þætti sem starfsleyfið nær til. Með þessu fyrirkomulagi næst fram ákveðið hagræði og skilvirkni í lagasetningu og í stjórnáslunni sem Póst- og fjarskiptastofnun telur að ætti að vera öllum hagsmunaðilum til hagsbóta.

Í öðru lagi, í ljósi tengingar landslénsins .is við Ísland er brýnt að útfærsla reglna um skráningu léna, sem m.a. kveða á um skilyrði fyrir úthlutun réttindanna, séu ekki háðar sjálfðæmi einkaréttarlegs aðila, en með lokamálsgrein 10. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að reglurnar séu háðar samþykki ráðherra, auk þess sem þær fara til umsagnar sérstakar ráðgjafanefndar um lénamál til að tryggja breiðari aðkomu sjónarmiða varðandi efni þeirra. Í þessu sambandi er rétt að geta mikilvægrar forsendu fyrir skráningu léns, sem ætlunin er að lögfesta, um að rétthafi þess þurfi að vera lögráða einstaklingur eða lögaðili með kennitölu eða sambærilega staðfestingu frá stjórnvöldum og hafa tengsl við Ísland, sbr. 2. mgr. 11. gr.

Í þriðja lagi, með tilliti til mikilvægis internetþjónustu fyrir samfélagið allt, s.s. vegna viðskipta og þjónustu, er mikilvægt að gerðar séu viðeigandi kröfur til öryggis búnaðar, upplýsinga í lénaheitakerfi og rétthafaskrá og tengdum gagnagrunnum og kerfum, sbr. c.- lið 7. gr. frumvarpsins og að öryggisviðbúnaður og áfallastjórnun miði að samfelldum og órofnum rekstri starfsemi skráningarstofu, sbr. lokamálsliði 4. mgr. 15. gr. þess. Að mati Póst- og fjarskiptastofnun verður markmiðum um nauðsynlegt öryggi reksturs, búnaðar og gagna í þeim, ekki tryggt nema með löggjöf, enda um að ræða íþyngjandi inngrípsheimildir til handa stjórnvöldum. Með þessu er ekki verið að segja að núverandi rekstraraðili hafi sinnt öryggismálum á ófullnægjandi hátt fram til þessa. Hins vegar er ekki búandi við það til framtíðar að engar kröfur til öryggis séu gerðar til starfseminnar og þeim fylgt eftir af þar til bærum eftirlitsaðila.

Í fjórða lagi hefur frumvarpið að geyma ákvæði um gjaldskrárefirlit, sbr. 16. gr., sem telja verður mikilvæga neytendavernd og mótvægisáðgerð við þá náttúrulegu einokun sem felst í skráningu á landsléninu .is, og e.t.v. fleiri höfuðlénunum seinna meir. Eftirlit með gjaldskrá er viðurkennt úrræði þegar um er að ræða framboð og verðlagningu á samfélagslega mikilvægri grunnþjónustu og sú aðstaða er uppi að fáir eða enginn getur keppt við þann aðila sem fyrir er á markaði, t.d. vegna mikils kostnaðar við fjárfestingu og uppbyggingu til þess að koma inn á markaðinn. Þetta á m.a. við á sviði fjarskipta og veitustarfsemi fyrir vatn og rafmagn, þar sem fjárfesting í nýjum dreifi- og veitukerfum myndi reynast nýjum aðila ofviða, auk þess ýmsar tæknilegar hindranir varðandi aðgang og aðstöðu geta leitt til þess að ómögulegt er fyrir fleiri en einn aðila að veita þjónustuna. Á þessum sviðum hefur opinberum eftirlitsaðilum verið falið að hafa eftirlit með verðlagningu þjónustunnar, Póst- og fjarskiptastofnun á sviði fjarskipta, en Orkustofnun á sviði veitustarfsemi fyrir vatn og rafmagn.

Í ljósi þess að einungis einn aðili getur annast miðlægt skráarhald fyrir landsléninu .is telur Póst- og fjarskiptastofnun að um sé að ræða náttúrulega einokun (e. natural monopoly) á umræddri þjónustu. Til að sporna við hugsanlega óæskilegum afleiðingum einokunar, sem m.a. getur birst í of hárrí verðlagningu þjónustunnar, verður að telja það málefnalegt og árangursríkt úrræði að mæla fyrir um lögbundið gjaldskrárefirlit.

4. Eftirlitsheimildir og kostnaður við eftirlit

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að Póst- og fjarskiptastofnun hafi umsjón og eftirlit með framkvæmd laganna. Eru stofnuninni falin ýmis verkefni samkvæmt frumvarpinu, s.s. að veita starfsleyfi, hafa eftirlit um að farið sé eftir skilyrðum starfsleyfis og að skráningarstofa starfi í samræmi við hlutverk sitt, m.a. um að tryggja fullnægjandi öryggi gagna og reksturs, auk þess sem stofnunin mun viðhafa eftirlit með gjaldskrá hennar og skera úr um ágreiningsmál. Til að geta uppfyllt hlutverk sitt hvað þetta varðar þarf stofnunin að byggja upp sérfræðiþekkingu á sviði lénamála, afla sér tæknilegrar getu og reynslu til að geta mætt skyldum sínum.

Í áætlun sem Póst- og fjarskiptastofnun gerði um kostnað af eftirliti stofnunarinnar gerði hún ráð fyrir því að heldur fleiri tímar færu í uppbyggingu á þekkingu stofnunarinnar og í sumu þætti viðvarandi eftirlits, s.s. við lausn ágreiningsmála, heldur en áætlun innanríkisráðuneytisins gerir ráð fyrir.

Að áliti Póst- og fjarskiptastofnunar verða tekjur stofnunarinnar til að standa straum af kostnaði við eftirlitið a.m.k. að duga til að fjármagna eitt starfsgildi hjá henni. Í þessu felst það markmið að hjá stofnuninni komi til með að starfa a.m.k. einn sérfræðingur, sem hafi það að sínu aðalstarfi, að sinna þeim verkefnum sem frumvarpið kveður á um, auk þess sem tilteknir sértækir þættir s.s. gjaldskrárefirlit væri í höndum annarra sérfræðinga stofnunarinnar. Það rekstrargjald sem frumvarpið gerir nú ráð fyrir eða 4,9% dugar tæplega til þess að uppfylla þetta markmið miðað við núverandi veltu starfseminnar.

5. Lokaorð


Póst- og fjarskiptastofnun telur að frumvarp þetta sé tímabært framlag til eflingar á innviðum upplýsingasamfélagsins, en með því eru gerðar kröfur til öryggis og gæða í rekstri skráningarstofu léna, auk þess sem tryggt verður að verðlagning þjónustunnar byggist á eðlilegum kostnaðargrundvelli, notendum þjónustunnar til hagsbóta. Er það mat stofnunarinnar að inntak frumvarpsins feli í reynd í sér málamiðlun mismunandi leiða til að ná

fram því markmiði að fella skráningu á lénnum undir forræði íslenska ríkisins. Ekki er gengið svo langt eins og hugmyndir hafa verið uppi um að taka starfsemina eignarnámi, heldur farin sú leið að fella hana undir opinbert eftirlit, með svipuðum hætti sem þekktist í fjarskiptum og veitustarfsemi.


Til að tryggja aðgengi að þjónustunni verði hnökralaus við þær umbreytingar sem stefnt er að með frumvarpinu er gert ráð fyrir því að núverandi rekstraraðili fái úthlutað starfsleyfi samkvæmt sérstöku bráðbirgðaákvæði. Telur Póst- og fjarskiptastofnun að sú ráðstöfun sé jafnframt til marks um að stjórnvöld gangi fram af meðalhófi gagnvart núverandi rekstraraðila í þeirri viðleitni sinni að tryggja að sú auðlind sem felst í skráningu á landsléninu .is, ásamt öðrum höfuðlénnum, verði hér eftir í höndum íslenska ríkisins.

Samkvæmt öllu framangreindu styður Póst- og fjarskiptastofnun frumvarp til laga um landslénin .is ásamt öðrum höfuðlénnum og hvetur til þess að það verði verði samþykkt á yfirstandandi þingi.

Virðingarfyllst,



Hrafnkell W. Gíslason



Björn Geirsson

RÍKISSAKSÓKNARI

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/2448
komudagur 17.5.2011

SJF/kb


Reykjavík 16. maí 2011

Tilv.: 201104-0369

670

Samgöngunefnd Alþingis hefur sent ríkissaksóknara til umsagnar frumvarp til laga um landslénið.is og önnur íslensk höfuðlén, 725. mál.


Með hliðsjón af efni frumvarpsins er ekki tilefni til að ríkissaksóknari veiti umsögn um það.



Sigríður J. Friðjónsdóttir

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 139/252/
komudagur 18.5.2011



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Samgöngunefnd
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

17. maí 2011

Efni: Frumvarp til laga um landslénið .is og önnur íslensk höfuðlén, 725. mál

Samtök atvinnulífsins hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið áttu samtökin fulltrúa í vinnuhópi um framtíðarskipan lénamála. Þá skiluðu samtökin umsögn, dags. 12. nóvember 2010, um drög þau að frumvarpi til laga um landslénið .is, sem samgönguráðuneytið kynnti í opnu samráði í nóvember 2010.

Í umsögn samtakanna, sem er meðfylgjandi, er að finna athugasemdir og ábendingar í 17 töluliðum. Í frumvarpi því sem liggur fyrir Alþingi hefur verið komið til móts við athugasemdir samtakanna í töluliðum 5, 6 og 8 til 10. Að öðru leyti virðist sem ekki hafi verið brugðist við athugasemdum og ábendingum samtakanna. Í ljósi þessa ítreka samtökin umsögn sína frá 12. nóvember 2010.

Virðingarfyllst.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
María Rún Bjarnadóttir, lögfræðingur
Hafnarhúsinu v. Tryggvagötu
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 12. nóvember 2010

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um landslénið .IS

Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið hefur sett í opið samráð á vef ráðuneytisins drög að frumvarpi til laga um landslénið .IS og önnur höfuðlén sem sérstaka skírskotun hafa til Íslands.

Meginmarkmiðið með frumvarpinu er að tryggja gæði og framþróun á sviði lénaumsýslu með því að setja lagaramma um lénaskráningar á Íslandi sem tryggir öryggi, skilvirkni og gagnsæi varðandi umsýslu með lén sem tilheyra landsléninu .IS. Markmið þess eru aukinheldur að tryggja að um skráningu léna gildi skýrar reglur þar sem gætt er að hagsmunum almennings og jafnræði aðila um aðgang sé tryggt.

Í drögum að frumvarpinu er kveðið á um umráða- og ráðstöfunarrétt íslenska ríkisins á landslénum sem tilheyra Íslandi. Lagt er til að lénaumsýsla sé frjáls hverjum þeim sem hana vill stunda, en sé þó háð leyfi frá hinu opinbera og jafnframt verði sett öflugt eftirlit um starfsemi um lénaskráningar, að fyrirmynd almennrar fjarskiptalöggjafar.

Hingað til hafa ekki gilt sérstakar reglur um stjórnun og skráningu léna og því hafa skapast nokkuð sérstakar aðstæður hér á landi, sé tekið mið af alþjóðlegu samhengi. Er það afar fátítt að einkafyrirtæki fari með stjórnun landsléna. Frumvarpið fastsetur ramma um stjórnun íslenskra landsléna, sem hafa verið eða verða úthlutað til Íslands, og er þar fyrst og fremst átt við stjórnun landslénsins .IS, en jafnframt er gert ráð fyrir möguleika á öðrum höfuðlénunum með sérstaka skírskotun til Íslands og að lögin skuli jafnframt ná til þeirra.

Samtök atvinnulífsins eru sammála meginmarkmiðum frumvarpsdraganna. Samtökin gera hins vegar eftirfarandi athugasemdir við einstaka greinar:

1. Í 5. gr. draganna er gert ráð fyrir að starfsleyfi fyrir íslenskt höfuðlén verði veitt til eins aðila til 5 ára í senn, að undangengnu opnu og gegnsæju ferli. Samtökin telja að þetta sé of skammur tími eigi að vera raunhæft að nýir leyfishafar eigi raunhæfan möguleika á að sækja um á jafnréttisgrunni. Þá þarf að gera ráð fyrir því að starfsleyfið verði veitt nægjanlega tímanlega til þess að nýir leyfishafar geti tekið við skyldum sínum þegar nýtt leyfistímabil hefst.
2. Í b-lið, 6. gr. draganna þarf að tryggja að árlegt rekstrargjald til Póst- og fjarskiptastofnunar sé þjónustugjald en ekki skattur og ekki hærra en svo að það mæti þeim kostnaði sem stofnunin hefur af því að sinna og framfylgja lögnum.
3. Lagt er til að c-liður 6. gr. orðist svo: að ársreikningar skráningarstofu skulu birtir Póst- og fjarskiptastofnun í heild.
4. Samræmist það ákvæðum EES-samningsins að gera kröfu um að heimili stjórnarformanns og framkvæmdastjóra sé hér á landi, sbr. ákvæði d liðar 6. gr. frumvarpsins? Samkvæmt hlutafélagalögum, sem vísað er til í greinargerð, gildir búsetuskilyrðið ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

enda séu hlutaðeigandi búsettir í EES-ríki, aðildarríki stofnsamningsins eða Færeyjum. Sanna þarf ríkisborgararétt og búsetu í slíkum tilvikum.

5. Lagt er til að í f lið 6. gr. komi orðið „skráningarstofa“ í stað orðsins „leyfishafa“.
6. Lagt er til að h-liður 6. gr. falli brott enda óþarft að taka fram að skráningastofa skuli uppfylla aðrar kröfur samkvæmt lögum og reglum.
7. Í 2.-4. mgr. 6. gr. er að finna almennar heimildir til handa Póst- og fjarskiptastofnun til að setja viðbótarskilyrði, leggja á kvaðir og breyta skilyrðum starfsleyfis og kvöðum. Ákvæðin eru opnari en þau ákvæði fjarskiptalaga sem vísað er til í athugasemdum við 6. gr. frumvarpsins. Í greinargerð koma fram nánari takmarkanir á heimildunum sem lagt er til að verði teknar inn í texta viðkomandi málsgreina.
8. Lagt er til að ákvæði g-liðar 7. gr. um gjald fyrir aðgang færist í 16. gr. frumvarpsins.
9. Lagt er til að h-liður 7. gr. orðist svo: halda skrá yfir alla skráningaraðila, sem á grundvelli samnings er heimilað að taka við skráningu léna, sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur aðgang að.
10. Í 10. gr. virðist vera ósamræmi þar sem í 1. mgr. er fjallað um reglur skráningarstofu um skráningar léna en í 4. mgr. er hins vegar að finna heimild til handa ráðherra til að setja reglugerð um nánari útfærslu varðandi skráningu léna.
11. Lagt er til að ákvæði 3. mgr. 10. gr. um innheimtu árgjalds færist í 16. gr. frumvarpsins.
12. Lagt er til að í stað orðsins „má“ í 7. mgr. 11. gr. komi orðið „ber“.
13. Lagt er til að 2. mgr. 16. gr. verði breytt á þá leið að kveðið verði á um opinbera birtingu gjaldskrár skráningarstofu.
14. Er samræmi í því að í 2. mgr. 16. gr. er kveðið á um að gjaldskrá skuli taka mið af raunkostnaði, að teknu tilliti til fjárfestinga og hæfilegrar arðsemi af bundnu fjármagni en í greinargerð segir að eftirlit P&f lúti aðallega að því að þjónusta sé veitt á eðlilegu og viðráðanlegu verði og að fylgjast beri með verðþróun með tilliti til almenns verðlags og kaupmáttar launa og verðlagningu í helstu viðmiðunarríkjum?
15. Hvað felst í 4. mgr. 16. gr. um að skráningarstofu skuli setja sérstaka gjaldskrá fyrir skráningaraðila?
16. Er ásætlanlegt að kærufrestur skv. 2. mgr. 17. gr. sé 4 vikur (eins og í lögum um P&s) í stað 3 mánaða skv. stjórnslulögum?
17. Í 19. gr. frumvarpsins er að finna almenna heimild til handa ráðherra til að setja reglugerð um nánari framkvæmd laganna. Í 10. og 16. gr. frumvarpsins er að finna sértækar heimildir til handa ráðherra til að setja reglugerðir. Í Handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa er fjallað um reglugerðarheimildir. Þar kemur fram að skýrast er að tiltaka þau atriði sem setja á reglugerð um í einu lagaákvæði.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Alþingi

Erindi nr. P 139/2384

komudagur 10.5.2011

10. maí, 2011

Umsögn frá Svavar Kjarrval Lútherssyni um:

Frumvarp til laga um landslénið .is og önnur íslensk höfuðlén (heildarlög)

139. löggjafarþing 2010–2011.

Þskj. 1249 — 725. mál.

Nú liggur fyrir umrætt frumvarp þar sem tryggja hinu opinbera ákvörðunarrétt yfir landsléninu .is og hver önnur höfuðlén sem úthlutað er fyrir Ísland. Vil ég gagnrýna það sem mætti fara betur.

5. gr. frumvarpsins um starfsleyfi lítur vel út fræðilega séð ef við lifðum í útópíu en þegar litið er á hana praktískt séð er hún alls ekki góð. Í fyrsta lagi er erfitt að koma á samkeppni hvað varðar úthlutun starfsleyfa sem gerir kerfið þannig byggt að starfsleyfið verði áfram hjá ISNIC þar til a) þeir ákveða að skila starfsleyfinu eða b) þeir missa starfsleyfið af öðrum ástæðum. Hver fer að stofna fyrirtæki með tilheyrandi undirbúningi í þeirri von að þeir taki við starfsleyfinu af fyrirtæki sem hefur þegar allt sem þarf til að reka slíka starfsemi? Efasamt er að Póst- og fjarskiptastofnun fari að veita starfsleyfi til einhvers sem lofar að koma upp fullnægjandi aðstöðu fyrir ákveðinn tíma.

Í 2. mgr. 10. gr. þess er getið að við skráningu þarf að tilgreina þjónustuaðila lénsins en slíkt er óþarfi ef viðkomandi ákveður að vista lénið milliliðalaust.

2. mgr. 11. gr. er afturför frá núverandi skipulag þar sem núna er erlendum aðilum heimilt að skrá lén án þess að hafa aðstöðu hér á landi eða sérstaka staðfestingu frá stjórnvöldum. Almenna reglan ætti að vera að hver sem er ætti að geta skráð lén á Íslandi ef hann greiðir árgjaldið og fer að öðru leiti eftir lögnum. Vísað er í fjölmiðlalög í greinargerð en slík skilyrði ættu að vera takmörkuð við þá aðila sérstaklega í stað þess að eiga við um alla sem hugsanlega vildu sækja um lén.

3. mgr. 11. gr. minnst á lista yfir frátekin lén. Varast ber að gefa heimild til slíks gjörnings og mæli ég með því að það sé tilgreint sérstaklega um þær ástæður sem slíkar frátekningar eiga að byggjast á frekar en að gefa víða heimild til þess.

6. mgr. 11. gr. gefur skráningarstofu heimild til að fjarlægja tilvísanir í lénið úr nafnaþjónum landslénsins. Þetta er leiðinleg regla sem á sér rætur að rekja til svokallaðrar gæðastjórnunar hjá ISNIC. Ekki ætti að gefa lagaheimild til þess að fjarlægja skráningar á lénum vegna ómerkilegra smáatriða eins og ef einn nafnaþjónn sé hættur að svara fyrir lénið. Það ætti að vera mál rétthafa hvort lénið hans virki rétt eða ekki. Núverandi reglur ISNIC gera ráð fyrir því að lén sem hefur verið lokað í 60 daga sé laust aftur til afhendingar (sbr. 3. mgr. 13. gr.). Gæta þarf þess að skráningarstofa hafi ekki of víðtækar heimildir til að afskrá lén vegna tæknilegra smáatriða.

Laga mætti orðaval í 13. gr. en hún gefur til kynna að enginn geti haft lén í lengur en 3 ár og þá þurfi að loka því í 60 daga áður en hægt sé að fá það aftur.

Seinasti liðurinn í 3. mgr. 15. gr. er hættulegur. Þar er hvaða stjórnvaldi sem er heimilt að ákvarða um afskráningu léna eða úrbætur og hvort skráning lénsins sé í andstöðu við ákvæði laga. Eðlilegt væri ef Póst- og fjarskiptastofnun sé eina stofnunin sem geti kvatt upp slíkan úrskurð þar sem hún er, eðlis máls samkvæmt, eina stofnunin sem er hæf til að ákvarða í svona málum. Með því að hafa stjórnvöld þarna í almennri merkingu er gefin heimild til allra þeirra aðila sem teljast til stjórnvalda heimild til að ákvarða í málum sem tengjast alls ekki málefnasviði þeirra. Ef ákvæðið er svo mikilvægt ætti að tilgreina sérstaklega hvaða stjórnvöld hafi slíkt vald eða hafa varnagla svo engin óeðlileg afskipta verði af lénamálum. Einnig mæli ég með því að þeir réttihafar sem eru einstaklingar geti kært ákvörðun stjórnvalda (þegar stjórnsýslustigi er lokið) vegna afskráninga eða lokanir léna til dómstóla og eigi ætíð rétt á gjafsókn. Fáir einstaklingar hafa burði til að kæra slíka ákvörðun til dómstóla vegna þeirra óáþreifyanlegra verðmæta sem felast í einkaafnotarétti á lénunum.

Í 16. gr. mæli ég með því að viðskiptaskilmálar taki ekki gildi fyrr en næst þegar réttihafi skráir eða endurnýir lén nema þau ákvæði sem eru til hagsbóta fyrir hann. Það er augljóst að það verður bara ein skráningarstofa með starfsleyfi á hverjum tíma og því hefur hún einokunarstöðu hvað þetta varðar.

2. mgr. 17. gr. laga gerir ekki ráð fyrir ákvörðunum sem teknar eru af öðrum stjórnvöldum sbr. 3. mgr. 15. gr. og þá sérstaklega ef um er að ræða sjálfstæða stjórnsýslunefnd.

Tillögur til úrbóta:

Endurhugsa skipulagið með skráningarstofu svo það verði sanngjarnara gagnvart nýjum aðilum.

Liðurinn „hver þjónustuaðili þess er og/eða“ í 2. mgr. 10. gr. orðist svo: og

2. mgr. 11. gr. orðist svo:
Réttihafi léns skal vera lögráða einstaklingur eða lögaðili.

Við 3. mgr. 11. gr. bætist liður sem orðist svo:
Listinn skal takmarkaður við lén sem ættu ekki að hljóta skráningu vegna netöryggissjónarmiða eða uppfyllinga viðurkenndra alþjóðlegra tæknistaðla.

Liðurinn „Sé ábendingum um úrbætur ekki sinnt skal skráningarstofa fjarlægja tilvísanir lénsins úr nafnaþjónum landslénsins þar til bætt hefur verið úr.“ í 6. mgr. 11. gr. skal falla brott.

1. mgr. 13. gr. orðist svo:
Gildistími lén skal að lágmarki miðast við heilt ár í senn frá skráningardegi eða síðasta endurnýjunardegi. Eigi má þó skrá nýtt lén eða framlengja gildistíma þess til lengri tíma en 3ja ára í senn.

Liðurinn „Sama gildir ef önnur stjórnvöld komast að niðurstöðu um að skráning léns hafi falið í sér brot á lögum“ í 3. mgr. 15. gr. skal falla brott.

eða

Á eftir „brot á lögum“ í seinasta málslið 3. mgr. 15. gr. kemur: enda liggi fyrir skýr lagaheimild þeirra stjórnvalda til að ákvarða um afskráningu léna í samræmi við lög þessi.

Við 15. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú hefur verið tekin endaleg ákvörðun á stjórnsýslustigi um afskráningu léns einstaklings. Skal hann eiga rétt á gjafsókn ef hann kærir ákvörðunina til dómstóla.

Við 1. mgr. 16. gr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi:

Viðskiptaskilmálarnir skulu eigi hljóta gildi gagnvart þegar skráðum lénnum fyrr en þau hafi verið endurnýjuð. Viðskiptaskilmálar sem eru til hagsbóta fyrir réttthafa skulu þó hljóta gildi við almenna gildistöku þeirra.

Mæli ég með því að þetta frumvarp verði **ekki samþykkt óbreytt** af hálfu nefndarinnar.

Undirritað,

Svavar Kjarrval Lúthersson

Svavar Kjarrval Lúthersson